

**GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR**

*Ber brandinn hátt*

Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**ÓVENJULEGT MEISTARAMÓT**

*Keppt í hrútaþukli á Ströndum*

Meistarar og minna vanir mætast

FÓLK 42




Vetrarbæklingurinn kemur út á morgun

SUMAR FERÐIR

www.sumarferdir.is

Sími 575 1515

– ERU BETRI EN AÐRAR!



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. ágúst 2006 — 224. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Alltaf verið pólitísk



Sæunn Stefánsdóttir, nýr ritari Framsóknarflokksins, segist alltaf hafa haft á áhuga á stjórnmálum en hún hefur verið aðstoðarmaður tveggja ráðherra.

TÍMAMÓT 24

### Sungið fyrir uppbyggjandi mótatimbri

Óperusöngkonan Halla Margrét Árnadóttir og Antonía Hevesi píanóleikari koma fram á styrktartónleikum vina- og líkarfélagsins Bergmáls í Hafnarborg annað kvöld.

MENNING 30

### Náði ekki að skora



Baltasar Kormákur náði ekki því markmiði sem hann setti sér, að skora mark fyrir Neista á Hofsósi í þriðju deildinni í sumar. Ástæðan var að hann var upptekinn við vinnu og gat lítið spilað.

FÓLK 42

### Ósáttur við rauðu spjöldin



Framherji KR, Grétar Ólafur Hjartarson, er ósáttur við rauðu spjöldin tvö sem hann hefur fengið í sumar og hann er einnig ósáttur við tæklingu Blikans Viktors Illugasonar á sunnudag. Grétar segist vera heppinn að hafa ekki fótbrotnað.

ÍÞRÓTTIR 36

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÆTAN Á LEIÐINNI** - Í dag verður fremur stíf suðaustan átt um sunnan- og suðvestanvert landið, annars hægari. Rigning sunnan til um hádegi og vestan til síðar í dag en yfirleitt nokkuð bjart norðan og austan til. Hiti 12-18 stig í dag.

VEÐUR 4






# Kínverjarnir þegja allir sem einn

**Lögreglan á Egilsstöðum rannsakar líkamsárásina í starfsmannabúðum Impregilo ekki sem manndrápstilraun. Enginn hefur verið handtekinn. Mögulegt er að árásarmenn séu horfnir úr landi samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.**

**LÖGREGLUMÁL** Að sögn Óskars Bjartmarz, yfirlögregluþjóns á Egilsstöðum, rannsakar lögregla líkamsárásina í svefnskála við Kárahnjúka ekki sem manndrápstilraun. Ráðist var með hrottafengnum hætti á Kínverja á fimmtugsaldri.

Ráðist var á manninn, sem heitir Xu-Tingfa, aðfaranótt sunnudags inni á svefnherbergi hans í svefnskála þar sem einungis Kínverjar búa. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er mögulegt að árásarmennirnir séu farnir af landi brott en hópur Kínverja af svæðinu flaug frá Egilsstöðum í fyrrinótt, áleiðis til Kaupmannahafnar.

Maðurinn fannst afar illa útleikinn á sunnudagsmorgun þar sem hann lá í blóði sínu og ælu. Blóðslettur voru uppi um alla veggi en maðurinn missti mikið blóð og var honum vart hugað líf í fyrstu. Talið er að fleiri en einn maður hafi verið að verki. Árásin er talin tengjast óuppgerðum peningamálum.

Gert hefur verið að sárum mannsins og mun líðan hans vera eftir atvikum góð. Hann verður fluttur á sjúkrahúsið í Neskaupstað.

Að sögn er afar hljóðbært á milli herbergja í svefnskálanum þar sem árásin varð. Þrátt fyrir það hefur enn enginn gefið sig fram við lögreglu með upplýsingar sem gætu stuðlað að lausn málsins. Sumir Kínverjanna hafa samkvæmt heimildum blaðsins haldið því fram að maðurinn hafi sjálfur veitt sér áverkana, en læknir á Kárahnjúkum telur það ómögulegt.

Um tuttugu Kínverjar voru yfirheyrðir í fyrradag með litlum árangri.

Steingrímur Þorbjarnarson gegnir stöðu trúnaðarmanns á Kárahnjúkum um þessar mundir. Hann talar kínversku og hefur aðstoðað lögreglu við yfirheyrslurnar. Hann segir Kínverjana á svæðinu í uppnámi vegna atburðarins og að enginn þeirra vilji nokkuð tjá sig um málið.

Steingrímur segir þekkt á meðal Kínverja að taka í spil sín á milli og endrum og eins séu peningar lagðir undir, en þó aldrei verulegar fjárhæðir. „Það hefur ekkert frést af því að menn hafi verið að koma sér í skuldir eða vandræði vegna þessarar spilamennsku,“ segir Steingrímur. „Það er ekkert sem bendir til að svo hafi verið í þessu tilfelli.“

Engir voru yfirheyrðir í gær vegna málsins en vettvangur árásarinnar var rannsakaður í gær af tæknideild rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík. Enn hefur enginn verið handtekinn í tengslum við árásina.

aegir@frettabladid.is



**HVALUR 9 Í SLIPP Á NÝ** Fjöldi fólks safnaðist að þegar Hvalur 9 var dreginn upp í slipp hjá Stálsmiðjunni í Reykjavíkurhöfn, í fyrsta sinn síðan 1989. Ástand skipsins er mun betra en bjartsýnustu menn þorðu að vona og að sögn Kristjáns Loftssonar, framkvæmdastjóra Hvals, hf. gæti skipið mögulega orðið tilbúið til veiða eftir mánuð. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Hvalur 9 var tekinn í slipp í gær í fyrsta sinn síðan 1989:

# Í betra ástandi en talið var

**HVALVEIÐAR** „Hann kemur mikið betur upp heldur en ég bjóst við og mér líst vel á þetta,“ sagði Bjarni Thoroddsen hjá Stálsmiðjunni í Reykjavík í gær þegar hvalveiðiskipið Hvalur 9 var tekið í slipp í fyrsta sinn í sautján ár. „Botninn virðist vera næstum því eins og hann var þegar hann fór niður nema fyrir utan alla hrúðurkarlana sem eru á honum.“

Bjarni telur að minna verk sé fyrir höndum en talið var og segir að ástandið muni skýrast á næstu dögum þegar verður farið að vinna í skipinu. Gott ástand skipsins í dag er að miklu leyti að þakka góðum frágangi á skipinu þegar hvalveiðar lögðust af á sínum tíma.

Kristján Loftsson, framkvæmdastjóri Hvals hf, var kampakátur í tilefni dagsins. Hann kvaðst ekki vita hvort hvalveiðar í atvinnuskyni hæfust á ný en að ýmis teikn væru á lofti um að sú yrði raunin.

„Ef við förum aftur á veiðar verður búnaðurinn að vera í lagi og þetta er liður í að kanna það. Hvalirnir eru þarna úti og eru bara að bíða eftir skutlinum,“ sagði Kristján.

Aðspurður um áhrif hvalveiða á hvalaskoðun og ferðaþjónustuna í landinu sagði hann: „Þetta getur vel farið saman. Fyrst er hægt að skoða hann og svo borða hann.“

- æþe



**BÆJARINS BEZTU** Pylsuvagninn góðkunni er á góðri leið með að verða jafnþekktur og Björk og Eiður Smári Guðjohnsen.

Bæjarins beztu í Tryggvagötu:

# Besti pylsuvagn heimsálfunnar

**MATUR** Pylsuvagn Bæjarins beztu í Tryggvagötu er næstbesti matsöluturn í Evrópu, samkvæmt breska blaðinu The Guardian, sem birti lista yfir fimm bestu matsöluturna álfunnar í ferðablaði sínu á laugardaginn var. Galdurinn pylsanna er sagður felast í remúlaðinu og einungis einn turn þykir taka Bæjarins beztu fram, en það er skoskur hafragrautsvagn sem ferðast um fjölfarna staði. „Ég er orðlaus,“ segir Guðrún Kristmundsdóttir, eigandi pylsuvagnsins.

- sh / sjá síðu 54

Um 4.300 börn í 1. bekk:

# Árbæjarskóli fjölmennastur

**SKÓLASTARF** Rúmlega 1500 börn hefja nám í 1. bekk í Reykjavík í dag. Alls munu rúmlega 15.000 börn og unglingar stunda nám í grunnskólum Reykjavíkur í vetur og um 44.000 börn á landinu öllu. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu voru fimm ára börn á síðasta ári 4.330 á landinu öllu og má gera ráð fyrir að sá fjöldi skili sér inn í 1. bekki grunnskólanna í haust.

Flest börn eru í Árbæjarskóla eða hátt í 800 á öllum bekkjarstigum.

-hs



**GUÐLAUG ÞORSTEINSDÓTTIR** Í fyrsta sinn var íslensk kona á meðal þeirra sextán í landsliðsflokknum sem tefla um skákmeistaratitilinn.

Skákmeistari Íslands:

# Fyrsta íslenska konan keppti

**SKÁK** Guðlaug Þorsteinsdóttir féll úr leik í sextán liða úrslitum á Íslandsmótinu í skák sem hófst í fyrradag. Hún er fyrsta íslenska konan til að taka sæti í landsliðsflokki Íslandsmótsins og vinna sér rétt til að tefla um Íslandsmeistaratitilinn.

„Árið 2001 tefldi Lenka Ptacnikova í landsliðsflokknum en hún var þá tékkneskur ríkisborgari og átti hún því ekki möguleika á að vinna titilinn Skákmeistari Íslands,“ segir Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, forseti Skáksambands Íslands. „Þetta þýðir því að þetta var í fyrsta sinn sem kona átti möguleika á að vinna þennan titil svo þetta er sigur íslenskra skákkvenna.“

- jse



## SPURNING DAGSINS

*Menningarnótt á sunnudegi?*

„Ef menningarnóttin væri haldin á sunnudegi yrði það sunnudagssteik með kartöflum sem er ekki alveg það sem Menningarnótt gengur út á.“

Sif Gunnarsdóttir er verkefnisstjóri viðburða Menningarnætur. Nokkuð hefur verið rætt um að flytja Menningarnóttina til sunnudags með það að markmiði að minnka ölvun og ólæti í miðborginni sem orðið hefur í tengslum við hátíðina.

Mætingarlisti notaður á ólögmætan hátt samkvæmt úrskurði Persónuverndar:

# Ólögmæt notkun upplýsinga

**SKÓLASTARF** Ólögmætt var að nota lista um mætingar nemanda í þeim tilgangi að meina einum þeirra þátttöku á hátíð fyrir unglinga á vegum Samfés. Þetta kemur fram í úrskurði sem Persónuvernd kvað upp 14. ágúst síðastliðinn.

Foreldrar unglingsins, sem er nemandi við Grunnskólann í Grindavík, fóru með málið til Persónuverndar og töldu að listi um mætingar hefði verið notaður á óréttmætan hátt. Á listanum kom fram að viðkomandi sýndi ekki ásættanlega mætingu í skólann en góð mæting var skilyrði fyrir þátttöku á Samfés-hátíðinni.



**UNGLINGAR** Nemanda í grunnskólanum í Grindavík var meinað að mæta á hátíð Samfés vegna lélegrar mætingar.

Gunnlaugur Dan Ólafsson, skólastjóri Grunnskóla Grindavíkur, segir dóm Persónuverndar eðlilegan og bætir við að mikið fari manna á milli í skólunum og geti notkun þeirra orkað tvímælis. „Umræddur listi var tekinn saman um þá nemendur sem ekki hafa mætt nægjanlega vel í skólann en engar aðrar upplýsingar var þar að finna.“ Gunnlaugur telur þetta mál verða til þess að farið verði yfir ábyrgð og verksvið skólans og að verklagsreglur verði settar á milli skólans og samstarfsaðila hans.

Gunnlaugur útilokar ekki að í framhaldinu verði tekið upp samstarf við Samfés um notkun upplýsinga en segir að slík ákvörðun verði tilkynnt foreldrum fyrirfram. **- hs**

Bílslys undanfarinnar viku:

# Enn í gjörgæslu

**SLYS** Ökumaður bifreiðar sem lenti í árekstri á Vesturlandsvegi norðan Þingvallavegar um miðnætti á laugardagskvöld er enn í gjörgæslu. Að sögn vakthafandi læknis er líðan hans óbreytt, en honum er haldið sofandi í öndunarvél. Einn lést í slysinu sem varð eftir að hestar hlupu í veg fyrir bílinn.

Sautján ára piltur sem fluttur var á gjörgæslu eftir slys á Garðskagavegi norðan við Sandgerði á miðvikudag hefur verið útskrifaður. Í því slysi létust tveir.

Þá er búið að útskrifa mann um sextugt sem fluttur var á gjörgæslu eftir slys á Kjalarnesi á miðvikudag. Þar lést sextán ára stúlka. **- sh**

# Stefnt að niðurstöðu fyrir októberlok

**Helgi Magnús Gunnarsson, sá eini sem unnið hefur að rannsókn á samráði olíufélaganna, sneri aftur til vinnu í gær. Stefnt er á að ljúka rannsókn á samráði olíufélaganna fyrir októberlok. Óljóst er hvort einstaklingar verða ákærðir.**

**DÓMSMÁL** Helgi Magnús Gunnarsson, lögmaður hjá ríkissaksóknara, vonast til þess að geta lokið vinnu vegna rannsóknarinnar á samráði olíufélaganna fyrir októberlok. Helgi Magnús kom úr sumarfríi í gær en hann hefur til þessa haft umsjón með málinu fyrir hönd ríkissaksóknara.

Rannsókn á samráði olíufélaganna er langt komin en óvíst er ennþá hvenær málinu lýkur. Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra sendi málið til ríkissaksóknara í nóvember á síðasta ári og lauk þar með afskiptum embættisins af málinu.

Helgi Magnús vonast til þess að sú vinna sem eftir er gangi hratt og vel fyrir sig, en hún er langt komin. „Ég get ekkert sagt til um það hvenær málinu lýkur af okkar hálfu. Stefnan er sett á að ljúka því fyrir októberlok en það er ekkert öruggt í þeim efnum. Þetta er stórt og umfangsmikið mál, og stærra heldur en algengt er með samráðsmál erlendis, þar sem brotin snerta almenna starfsemi félaganna yfir langan tíma,“ sagði Helgi Magnús í gær.



**TANKAR OLÍUFÉLAGANNA** Rannsókn á samráði olíufélaganna hefur tekið langan tíma enda málið umfangsmikið og flókið. Skýrsla Samkeppniseftirlitsins vegna málsins er meira en þúsund blaðsíður á lengd. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hinn 28.október 2004 voru olíufélögin sem áttu aðild að máli sektuð um 2,6 milljarða króna fyrir samráð. Áfrýjunarnefndin lækkaði sektirnar í 1,5 milljarða króna 29. janúar 2005. Sektir Kers og Olís voru lækkaðar þar sem félögin sýndu samstarfsvilja með samkeppnisyfirvöldum, en sektir Skeljungs stóðu þar sem félagið sýndi ekki vilja til samstarfs.

Í viðtali við Fréttablaðið 1. febrúar á þessu ári sagði Helgi Magnús 34 einstaklinga hafa réttarstöðu sakborninga við rannsókn málsins. Hann hefur þó gefið til kynna í viðtali við Fréttablaðið að þetta kynni að hafa breyst eftir því sem á rannsókn málsins hefur liðið.

Helgi Magnús hefur jafnframt staðfest að málið verði umtalsvert umfangsminna heldur en það var hjá samkeppnisyfirvöldum, en þar ræður mestu að töluvert meiri sönnunarkröfur eru gerðar í opinberum málum heldur en málum sem samkeppnisyfirvöld úrskurða í.

Samkeppniseftirlitið hefur þegar hafnað öllum kröfum olíufélaganna um ógildingu úrskurðar áfrýjunarnefndar.

magnush@frettabladid.is

### MÁLSATVIK Í OLÍUSAMRÁÐS

**18. desember 2001** Húsleit gerð í höfuðstöðvum olíufélaganna af hálfu samkeppnisyfirvalda.

**1. mars 2002** Olíufélagið ákveður að starfa með samkeppnisyfirvöldum.

**17. júlí 2003** Fréttablaðið birtir ágrip úr frumskýrslu samkeppnisyfirvalda.

**21. ágúst 2003** Ríkissaksóknari fer fram á að ríkislögreglustjóri afli fullnægjandi gagna frá samkeppnisyfirvöldum til að unnt sé að athuga hvort hefja þurfi opinbera rannsókn.

**Október 2003** Hafin er opinber rannsókn hjá embætti ríkislögreglustjóra og ætluðum brotum olíufélaganna, æðstu stjórnendum og millistjórnendum.

**26. nóvember 2003** Fjárlaganefnd Alþingis leggur til aukafjárveitingu vegna umfangs starfa efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra.

**28. október 2004** Samkeppnisráð sektar olíufélögin um 2,6 milljarða króna.

**1. nóvember 2004** Tölvupóstur berst milli fólks í landinu þar sem fólk er hvatt til þess að kaupa ekki smásöluvarning af olíufélögunum.

**29. janúar 2005** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála lækkar sektir félaganna um 1,1 milljarð króna. Sektir Olís og Kers eru lækkaðar umtalsvert fyrir samstarf með samkeppnisyfirvöldum en sektir Skeljungs eru ekki lækkaðar.

**17. nóvember 2005** Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra sendir málið til ríkissaksóknara.

**31. janúar 2006** Samkeppniseftirlitið hafnar öllum kröfum olíufélaganna um að úrskurður áfrýjunarnefndar verði ógildur. Kröfum um að sektir félaganna verði felldar niður eða stórlækkaðar, er hafnað.



**NASSER SHAER** Aðstoðarforsætisráðherra Palestínu var handtekinn af Ísraelum um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ísraelsher á Vesturbakkanum:

# Hamas-foringi handtekinn

**VESTURBAKKINN, AP** Ísraelskir hermenn réðust inn á heimili og handtóku aðstoðarforsætisráðherra Palestínumanna, Nasser Shaer, á Vesturbakkanum um helgina.

Shaer er æðsti maður Hamas-samtakanna sem Ísraelar hafa handtekið á þeim sjö vikum sem liðnar eru frá því herför þeirra hófst gegn samtökunum, sem fara fyrir palestínsku heimastjórninni.

Palestínskir stjórnmálamenn úr stærstu flokkunum, Hamas og Fatah, sökuðu Ísraelsher um að reyna að grafa undan viðleitni þeirra til að mynda samsteypustjórn, og fordæmdu handtökuna. Frakkar fordæmdu hana einnig.

Ísraelar hafa nú fjóra ráðherra og 28 þingmenn Hamas í haldi. **- smk**

Skotárás í Hafnarfirði:

# Gæsluvarðhald fellt úr gildi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur fellt úr gildi úrskurði Héraðsdóms Reykjaness frá 15. ágúst um að tveir menn, sem handteknir voru í kjölfar skotárásar í Hafnarfirði þann 21. júní síðastliðinn, skyldu sitja áfram í gæsluvarðhaldi til 12. september.

Í dómsorði segir að af gögnum málsins verði ekki annað ráðið en að taka hefði mátt ákvörðun um ákæru á hendur mönnunum á þeim tíma sem ákveðinn var í fyrri gæsluvarðhaldsúrskurði. Þar segir einnig að af hálfu lögreglunnar í Hafnarfirði hafi ekki verið gefin skýring á þeim drætti sem orðið hefur á meðferð málsins að þessu leyti. Því var úrskurðurinn um framlengingu gæsluvarðhalds felldur úr gildi. **- aa**

Eugenius Leszek Lojko:

# Lést í bílslysi á Vesturlandsvegi

Maðurinn sem lést í bílslysinu á Vesturlandsvegi norðan Þingvallavegar á miðnætti á Menningarnótt hét Eugenius Leszek Lojko. Hann var pólskur og var til heimilis á Egilsgötu 11 í Borgarnesi.

Hann var 47 ára gamall og starfaði hjá Loftorku. Hann lætur eftir sig konu og tvö börn sem búsett eru í Póllandi.





**PETER CLARKE** Aðstoðarlögreglustjóri í London tilkynnti um ákærur í tengslum við meint hryðjuverkaáform í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Meint hryðjuverk:

# Ellefu ákærðir í London

**BRETLAND, AP** Ellefu menn hafa verið ákærðir í Bretlandi í tengslum við hið meinta samsæri um að sprengja í loft upp allt að tíu farþegaþotur á leiðinni milli Bretlands og Bandaríkjanna. Átta þeirra voru ákærðir fyrir samsæri um að fremja morð. Einni konu var sleppt úr haldi án ákæru og sitja ellefu aðrir, sem ekki hafa verið ákærðir, í gæsluvarðhaldi.

„Síðan 10. ágúst höfum við fundið sprengjugerðaráhöld. Þetta eru efni svo sem vetnisperoxíð, rafeindahlutir, skjöl og aðrir hlutir,“ sagði Peter Clarke aðstoðarlögreglustjóri. Hann bætti við að jafnframt hafi hald verið lagt á myndbandsupptökur með skilaboðum frá fólki sem ætlaði að sprengja sjálft sig og aðra. **- smk**

Sveitarfélagið Garður:

# Konur fara með völdin

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Þrjú af hverjum fjórum formannshlutverkum í nefndum sveitarfélagsins Garði eru í höndum kvenna. Af nefndunum sextán fara karlmenn með formennsku í fjórum.

„Þetta er vegna þess að við ákváðum að hafa það þannig að þeir sem væru á listanum færu líka með formennsku í nefndum og það eru fleiri konur á listanum,“ segir Oddný Guðbjörg Harðardóttir bæjarstjóri. „Hins vegar ef allir nefndarmenn er taldir þá er hlutfall kynjanna nokkuð jafnt.“

Ellefu fara með formennsku í nefndunum sextán og þar af eru þrír karlar og átta konur.

N-listinn, sem er að mestu skipaður konum, náði meirihluta í sveitarstjórnarkosningunum síðasta vor og eru nú fjórar konur í sjösæta bæjarstjórn í Garði. **- jse**

## SPÁNN

**Banvænt lestarslys** Sex manns fórust og um 60 slösuðust þegar járnbrautalest fór út af sporinu í bænum Villada á Norðvestur-Spáni í gær. Tildrög slyssins lágu ekki fyrir, en yfirvöld hafa hafið rannsókn.

## INDÓNESÍA

**Aftökum frestað** Aftökum þriggja dæmdra hryðjuverkamanna, sem taka átti af lífi í dag fyrir þátttöku þeirra í sprengingum á Balí í Indónesíu árið 2002, var frestað í gær þar sem þeir ætla að áfrýja dómum sínum. Fjölmargir erlendir ferðamenn voru meðal þeirra 202 sem fórust í árásunum.

Átök Tamílatígra og stjórnarhers hríðversna á Srí Lanka:

# Eftirlitssveitin dregur sig í hlé

**KÓLOMBÓ** Ulf Henricsson, yfirmaður norrænu eftirlitssveitarinnar, SLMM, kallaði í gær alla starfsmenn sína til höfuðborgarinnar Kólombó, þar sem átök í landinu hafi harðnað og sveitinni sé meinaður aðgangur að ýmsum svæðum til að fylgjast með brotum á vopnahléssamkomulaginu.



**ÞORFINNUR ÓMARSSON**

Þorfinnur Ómarsson, talsmaður eftirlitssveitarinnar, segir að þetta sé í og með gert til að koma þeim skilaboðum til stríðandi fylkinga að SLMM sætti sig ekki við hömlur á ferðafrelsi en sveitin á að hafa algjört ferðafrelsi samkvæmt samningum. „Báðir aðilar hafa ítrekað beðið okkur um að vera hér áfram og með því að draga okkur í hlé um stundarsakir erum við að segja þeim að við munum ekki líða óbreytt ástand,“ sagði Þorfinnur. Hann tekur fram að ákvörðunin endurspegli áherslu SLMM á öryggi starfsmanna sinna, en eftirlitsstörf munu hefjast á ný þegar öryggi starfsmanna telst tryggt. Tímasetningin hafi einnig verið tilvalin því nú standi fyrir dyrum endurskipulagning sveitarinnar við það að Evrópusambandsþjóðirnar fari heim.

Á sunnudaginn var tamílsk kona sem starfaði fyrir Rauða krossinn í Srí Lanka skotin til bana fyrir utan hús sitt í Vavuniya-héraði í norðurhluta landsins. Konan var 23 ára að aldri og hafði starfað að heilbrigðismálum fyrir hjálparsamtökin í þrjár vikur. **- kóþ**



**HERMENN STJÓRNARHERSINS Á SRÍ LANKA** Þeir gæta hér vegar í Vavuniya í norðurhluta landsins. Margir íbúar eru fastir öfugu megin við víglínuna, Tamílar á landsvæði stjórnarhersins og srílanskir menn á landsvæði Tamíla. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




# Tala meira. Borga minna.

**0,00** kr./mín.
Hringt í SKO GSM síma.

**14,90** kr./mín.
Hringt í aðra GSM og heimasíma.

www.sko.is

SKO
ÓDÝRA SÍMAFÉLAGIÐ

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 21.8.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,35 | 69,69 |
| Sterlingspund | 131,47 | 132,11 |
| Evra | 89,38 | 89,88 |
| Dönsk króna | 11,978 | 12,048 |
| Norsk króna | 11,113 | 11,179 |
| Sænsk króna | 9,707 | 9,763 |
| Japanskt jen | 0,5999 | 0,6035 |
| SDR | 103,35 | 103,97 |

*Gengisvísitala krónunnar*
123,2182

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sparakstur Heklu og Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna:

# Fara hringinn á einum tanki

**GÓÐGERÐAMÁL** Stefán Ásgrímsson, ritstjóri FÍB blaðsins, og Óskar Örn Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna, og dóttir hans Þuríður Arna lögðu af stað klukkan ellefu í gærmorgun frá Reykjavík í hringferð um landið en markmiðið er að komast ferðina á einum tanki. Takist það mun Hekla veita félaginu full afnot af bifreiðinni, sem er Skoda 1,9 dísil, í eitt ár.

„Við reiknum með því að koma aftur í bæinn um hádegisbilið á miðvikudag,“ sagði Stefán áður en hann lagði í hann. „Við munum gista fyrst á Akureyri en svo verður nokkuð þungur áfangi þar á eftir því þá munum við keyra til Kirkjubæjarklausturs og þaðan í bæinn.“

Jón Trausti Ólafsson, markaðsstjóri Heklu, segir að dísilbifreiðar eyði um 20 til 30 prósentum minna en bensínbílar.

„Ef þeir væru á bensínbíl kæmust þeir hugsanlega til Hafnar í Hornafirði,“ segir hann. „Þetta verður tæpt hjá þeim en þeir eiga að komast allan hringinn á þessum bíl. Við munum taka á móti þeim með pompi og prakt á miðvikudag. Nú og ef illa fer þá erum við tilbúnir með brúsann.“ - jse



**STEFÁN ÁSGRÍMSSON FYLLIR TANKINN** Það er eins gott fyrir Stefán að aka sparlega því ef hann kemst hringveginn á einum tanki mun Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna fá bifreiðina til afnota í heilt ár frá Heklu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Genfarsáttmálinn:

## Öll lönd hafa skrifað undir

**GENF, AP** Rauði krossinn tilkynnti í gær að öll fullvalda ríki heims, 194 talsins, hefðu undirritað Genfarsáttmálann um stríðsátök. Þetta er í fyrsta sinn sem nokkur samningur telst algildur í samfélagi þjóða. Svartfellingar voru síðastir þjóða til undirskriftar, í byrjun ágúst.

Alþjóðlegi Rauði krossinn er sérstakur verndari sáttmálans og sinnir ýmsum störfum í stríðsátökum í skjóli hlutleysis, til að mynda að hlúa að stríðsföngum og flytja boð milli þeirra og aðstandenda.

Talsmaður samtakanna nýtti tækifærið til að áminna ráðamenn um að fara eftir þeim reglum sem gilda um stríðsrekstur. - kóþ

Óþægileg heimsókn:

## Fann slöngu í kjallaranum

**SVÍÞJÓÐ** Karlmaður í Eskilstuna í Svíþjóð varð óþægilega undrandi þegar hann fór niður í kjallara hjá sér aðfaranótt sunnudags. Í kjallaranum hafi eins og hálfs metra eiturslanga hringað sig á gólfinu.

Maðurinn kallaði að sjálfsögðu strax á lögregluna og hún kom í fylgd slönguséfræðings, að sögn Expressen. Slöngusérfræðingurinn hefur slönguna í haldi meðan lögregla rannsakar málið og leitar eigandans. - ghs



**SEGIR DÓMSTÓL ÓLÖGMÆTAN** Einræðisherrann fyrrverandi sparaði ekki stóru orðin er hann fékk að tjá sig um nýju ákærurnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ný lota réttarhalda yfir Saddam Hussein

**Þótt dómur hafi ekki enn verið kveðinn upp í fyrstu réttarhöldunum yfir Saddam Hussein, fyrrverandi Íraksforseta, var í gær byrjað að rétta yfir honum fyrir fleiri ógnarverk sem framin voru í stjórnartíð hans. Að þessu sinni fjöldamorð á Kúrdum.**

**ÍRAK, AP** Saddam Hussein neitaði í gær að tjá sig um ákærur þær sem á hann eru bornar í nýju réttarhaldi sem hófst yfir honum og sex öðrum sakborningum í gær. Er honum var gefið tækifæri til að tjá sig við upphaf réttarhaldsins ítrekaði hann þá skoðun sína að dómstóllinn væri ólögmætur og réttarhaldið allt skrípaleikur einn.

Ákærurnar í þessu nýja réttarhaldi snúa að umdeildum aðgerðum íraska hersins í Kúrdahéruðunum í Norður-Írak á árunum 1987 til 1988. Aðgerðirnar eru kenndar við bæinn Anfal, en í þeim voru tugir þúsunda Kúrda drepnir.

Saksóknarar sýndu réttinum í gær myndir af jarðneskum leifum kvenna og barna sem grafin voru upp úr fjöldagröfum á vettvangi Anfal-aðgerðanna, þar á meðal eina af pelabarni sem enn hélt á mjólkurpelanum sínum. Ákæruvaldið sýndi einnig stórt landabréf af Norður-Írak, þar sem búið var að merkja inn á fjölda þorpa og bæja sem fullyrt er að herinn hafi, að skipun Saddams, þurrkað út allt líf í, meðal annars með því að beita sinneps- og taugagasi.

„Það er kominn tími til að mannkynið fái að vita ... umfang glæpanna sem framdir voru gegn íbúum Kúrdistans,“ sagði aðalsaksóknarinn Munquith al-Faroon. „Heilu bæirnir voru jafnaðir við jörðu, eins og það hefði ekki verið nóg að drepa allt fólkið,“ sagði hann.

Réttarhaldið sem hófst í gær er önnur lotan í réttarhöldum yfir einræðisherranum fyrrverandi, þar sem gert er upp við meinta harðstjórnarglæpi áratugalangrar stjórnartíðar hans. Dómur hefur enn ekki verið kveðinn upp í fyrstu lotunni, þar sem réttað var í máli sem varðaði dráp á sjía-múslimum í bænum Dujail á níunda áratugnum. Verði Saddam sakfelldur í öðru hvoru málinu á hann yfir höfði sér dauðadóm.

Saddam mætti á sakamannabekkinn í sömu dökku jakkafötunum og hann klæddist í hvert sinn sem hann sást við Dujail-réttarhaldið, sem stóð yfir í níu mánuði. En aðrar persónur og leikendur eru að þessu sinni breyttar. Nýr aðaldómari stýrir réttarhaldinu að þessu sinni. Og sex með-sakborningar hans eru einnig aðrir en áður. Þeir eru nær allir fyrrverandi yfirmenn í hernum. Þeirra þekktastur er Ali Hassan al-Majid, frændi Saddams, betur þekktur sem „Efnavopna-Ali“ vegna eiturgassins sem hann var þekktur fyrir að beita.

audunn@frettabladid.is



**SPRENGING Á MARKAÐI** Lögregla og sjúkraflutningamenn við markaðinn þar sem tvær sprengjur sprungu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Markaður í Moskvu:

## Sprenging banaði tugi manna

**RÚSSLAND, AP** Sprenging varð á yfirbyggðum markaði í Moskvu í Rússlandi í gærmorgun með þeim afleiðingum að tíu fórust og 31 slasaðist. Tveir hinna látnu voru börn.

Samkvæmt frétt rússneskra fjölmiðla segir borgarstjórinn í Moskvu að um heimagerða sprengju hafi verið að ræða. Hafa lögregluyfirvöld hafið morðrannsókn, sem bendir til þess að þau telji sprenginguna tengjast skipulagðri glæpastarfsemi eða viðskiptadeilu, frekar en hryðjuverkum.

Sprengjan sprakk á Cherkisovskí-markaðnum um klukkan 10.30 að staðartíma og hrundi hluti byggingarinnar við hana. - smk



**GANESH** Þó að þetta líkneski drekki enga mjólk, þá er hún af guðinum Ganesh. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Múgæsing á Indlandi:

## Guðalíkneski drekka mjólk

**INDLAND, AP** Hundruð þúsunda Indverja flykktust í musteri víðs vegar um Indland í gær, eftir að fregnir bárust þess eðlis að líkneski af guðinum Ganesh væru farin að drekka mjólk.

„Ég setti skeið með mjólk í að munni Ganesh og hann drakk hana,“ sagði Akhilesh Shukla, kaupmaður í Lucknow.

Guðinn, sem ber fílshöfuð, er verndari góðrar lukku og gáfna.

Klerkar telja atburðinn kraftaverk, en vísindamenn segja eðlilegar skýringar á mjólkurþambi líkneskjanna – þurrt yfirborð styttnanna sogar í sig vökvann. - smk

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Sextán ára í árekstri** Sextán ára gamall ökumaður lenti í árekstri um síðustu helgi. Pilturinn var auðvitað ökuréttindalaus og að sögn lögreglunnar í Reykjavík hafa verið höfð afskipti nær 50 sinnum á árinu af of ungum ökumönnum.

**Fiskikör hrundu á mann** Vinnuslys varð við höfnina á Fáskrúðsfirði í gærmorgun þegar fiskikör sem verið var að hífa úr togaranum Ljósafelli hrundu og skullu á starfsmanni. Var hann sendur á Fjórðungssjúkrahúsið á Norðfirði en hann reyndist ekki alvarlega slasaður sem má teljast mikil mildi að sögn lögreglunnar á Eskifirði.


BÍLL DAGSINS

NISSAN PATHFINDER LE IT

Nýskr. 01.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 14 þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**BREYTINGAR** Jæja, þá er sólin fyrir bí í bili á landinu sunnan- og vestanverðu. Það verður strekkingur í dag sunnan og suðvestan til en síðan lægir þar strax á morgun. Annars verður vindur hægur næstu daga. Það sem helst einkennir kortin er meiri bleyta en verið hefur á sunnan- og vestanverðu landinu en þurrt og yfirleitt nokkuð bjart verður norðaustan og austan til eða þar til norðanáttin kemur í vikulok. Þá kólnar nokkuð.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG** Suðaustan 5-10 m/s. Fer að rigna síðdegis. Hiti 10-13 stig.

um hádegi »




» á morgun




3-8 m/s

» fimmtudagur




Hæg, breytileg átt.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 21°C skúrir | London | 21°C léttskýjað | Alicante | 29°C heiðskírt |
| Billund | 20°C skúrir | París | 22°C skúrir | Mallorca | 25°C heiðskírt |
| Osló | 23°C skúrir | Frankfurt | 19°C skúrir | Algarve | 29°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 20°C rigning | Friedrichshafen | 17°C skúrir | Krít | 34°C heiðskírt |
| Gautaborg | 19°C rigning | Berlín | 20°C skúrir | Las Palmas | 26°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 33839 08/2006

**Land Crusier.** Tákn um frelsi

Land Cruiser sameinar hörku og mýkt, orku og lipurð, áræðni, munað og fullkominn tæknibúnað. Fyrsta flokks innrétting tryggir þægilegan og ánægjulegan akstur. Fáguð og viðbragðsfljót V6 VVT-i benínsvélin ber þig hvert sem leið liggur og það er stórkostlegt að sitja undir stýri.

Í Land Cruiser er fjölbreytilegur hátæknibúnaður sem eykur öryggi og þægindi í akstri. Þar má nefna t.d. tölvustýrða fjöðrun, TEMS, og ABS-hemlakerfi með EBD sem beinir hemlunarkrafti á milli hjóla eftir þunga ökutækisins og álagi á hemla, tvo tveggja þrepa SRS loftpúða, hliðarloftpúða og þriggja punkta öryggisbelti við öll sæti.

Verð frá 4.680.000. kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |



## KJÖRKASSI

*Tókst þú þátt í Reykjavíkurmaraþoninu?*

| | |
|---|---|
| Já | 5% |
| Nei | 95% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á menningarnótt að vera á sunnudegi?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

vísir

Mikil spenna í Kinshasa eftir að úrslit úr forsetakosningum voru kunngjörð:

# Grunnt á því góða milli fylkinga

**KONGÓ, AP** Skothríð upphófst í Kinshasa, höfuðborg Kongó, annan daginn í röð í gær, en spenna er mikil í borginni vegna nýafstaðinna forsetakosninga. Svo virtist sem skothríðin hefði átt sér stað nærri heimili fyrrverandi uppreisnarleiðtoga sem keppti við Joseph Kabila, sitjandi forseta, um embættið í kosningunum.

Samkvæmt úrslitum talningar, sem birt voru á sunnudag, fékk Kabila um 45 prósent atkvæða og þar með ekki nóg til að tryggja sér völdin strax í fyrri umferð kosninganna, en þær fóru fram þann 30. júlí. Skæðasti keppinautur hans, fyrrverandi uppreisnarleiðtoginn Jean-Pierre Bemba, hlaut fimmtung atkvæða. Kabila er forseti og Bemba varaforseti í bráðabirgðastjórn landsins.

Afgangur hinna tæplega sautján milljóna atkvæða sem talin voru dreifðust á tugi annarra frambjóðenda. Að sögn kjörstjórnar var kjörsókn um 70 prósent í þessum fyrstu lýðræðislegu kosningum sem fram hafa farið um langt árabil í þessu stríðshrjáða risalandi. Síðari umferð forsetakosninganna fer fram þann 29. október, með aðstoð friðargæslusveita Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins. **- aa**



**SPENNA** Stuðningsmenn Josephs Kabila, starfandi forseta sem hér sést á kjörstað, og keppinauts hans Jean-Pierrs Bemba hafa skipst á skotum í Kinshasa síðustu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Barnamisnotkun í Kambódíu:

# Þjóðverjar handteknir

**KAMBÓDÍA, AP** Tveir Þjóðverjar voru meðal fimm manna sem handteknir voru í Kambódíu, grunaðir um að hafa misnotað ungar telpur kynferðislega. Hinir þrír eru Víetnamar. Annar Þjóðverjinn var handtekinn eftir að hann reyndi að flýja lögreglu með því að stökkva af svölum íbúðar sinnar. Í íbúð hans fann lögregla fjórar víetnamskar stelpur og myndband sem sýndi hinn Þjóðverjann, barnaskólakennara í Kambódíu, hafa kynmök við tvær þeirra. Lögreglan í Kambódíu hefur undanfarið handtekið þó nokkra erlenda íbúa landsins, grunaða um að misnota börn. **- smk**

Forsvarsmenn Ryanair ósáttir:

# Krefjast úrbóta á flugvöllum

**BRETLAND, AP** Forsvarsmenn lággjaldaflugfélagsins Ryanair hótuðu því á föstudag að höfða mál gegn breskum yfirvöldum, uppfylli þau ekki kröfur félagsins um að öryggiseftirlit með farþegum verði fært aftur til fyrra horfs og að bætt verði innan viku úr starfsmannaskorti á flugvöllum landsins.

Auk skilvirkara öryggiseftirlits vill félagið að farþegum verði aftur heimilað að taka með sér hefðbundinn handfarangur og að yfirvöld tryggi að næst þegar viðbúnaðarstig er hækkað snarlega verði lögreglu- og hermenn til taks til að aðstoða við öryggiseftirlit á flugvöllum. **- aa**



**RANNVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR** alþingismaður.

Rannveig Guðmundsdóttir:

# Kynnir áform sín í september

**STJÓRNMÁL** Rannveig Guðmundsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, ætlar að fjalla um pólitískt framhald sitt á kjördæmisþingi flokksins í Suðvestur kjördæmi um miðjan september.

Aðspurð sagði hún ótímabært að ræða málið nú.

Rannveig er fyrsti þingmaður Samfylkingarinnar í kjördæminu en Þórunn Sveinbjarnardóttir þingkona kynnti í síðustu viku áform sín um að leiða lista flokksins í kjördæminu.

Samfylkingin hlaut fjóra menn kjörna í Suðvesturkjördæmi í síðustu kosningum. **-bþs**

# Hross sturluðust á Menningarnótt

**Hross við Faxaflóann fældust vegna sprenginga á Menningarnótt. Hestur fældist við Mosfellsbæ og olli banaslysi. Málið er í rannsókn lögreglu. Þórarinn Jónasson hrossabóndi segir flugeldasýninguna hafa skelft hross sín mjög.**

**FLUGELDAR** „Þau tryllast af hræðslu og hlaupa í gegnum girðingar á fullri ferð þegar svona læti byrja eins og í flugeldasýningunni á laugardaginn, og þá halda engar girðingar,“ segir Þórarinn Jónasson hjá hestaleigunni Laxnesi í Mosfellsdal. Hann segir hross sín hafa fyllst mikilli skelfingu meðan á flugeldasýningunni stóð þrátt fyrir að hafa verið töluvert frá sýningunni.

Hross olli banaslysi á Vesturlandsvegi um miðnætti á Menningarnótt. Tvö hross hlupu í skelfingu sinni í gegnum girðingu í hesthúsahverfinu í Leirvogi og upp á veg. Þar ók bifreið á annað hrossið með þeim afleiðingum að bifreiðin kastaðist til og lenti framan á bíl sem kom úr gagnstæðri átt. Maður á fimmtugsaldri lést í árekstrinum og annar liggur alvarlega slasaður á gjörgæsludeild Landspítalans.

„Morguninn eftir stóðu hestarnir mínir, sem eru um áttatíu talsins, enn allir saman í hnipri efst uppi í horni við girðinguna hjá mér dauðskelkaðir mörgum klukkutímum eftir flugeldasýninguna,“ segir Þórarinn. Hann segist þekkja dæmi þess að hross hafi hlaupið fram af klettum í ofsahræðslu vegna flugelda. „Á gamlárskvöld hafa menn brugðið á það ráð að loka öll hrossin inni og hækka í útvarpstækjum upp úr öllu valdi til að koma í veg fyrir að hrossin heyri sprengingarnar.“

Flugeldasýningin á laugardagskvöldið var sú stærsta hingað til á Menningarnótt að sögn skipuleggjanda. Þar að auki var hún í fyrsta skipti höfð úti á sjó og telur Þórarinn að það hafi orsakað meiri skelfingu hjá hrossum en ella. „Sýningin var nær okkur og á opnara svæði og sprengingarnar glumdu hér yfir öllu,“ segir Þórarinn. „Hesthúsahverfið sem hrossin sluppu úr er við sjóinn og því í næsta umhverfi við sýninguna.“



**ÞÓRARINN JÓNASSON HESTABÓNDI** Segist þekkja dæmi þess að hross hlaupi fram af klettum vegna ofsahræðslu af völdum flugelda.

Að sögn Sifjar Gunnarsdóttur, verkefnisstjóra viðburða hjá Höfuðborgarstofu, var ekki haft samband við dýraeigendur í aðdraganda flugeldasýningarinnar til að vara sérstaklega við mögulegum áhrifum hennar á dýr. Þá var ekki beint til dýraeigenda að halda dýrum sínum innandyra meðan á henni stæði. „Flugeldasýningin hefur aldrei verið jafn vel kynnt og í ár. En stjórn Menningarnætur hafði ekki samband sérstaklega við dýraeigendur og það hefur hún aldrei gert þau ár sem flugeldasýningin hefur verið haldin,“ sagði Sif.

Hjá Húsdýragarðinum í Laugardal er gripið til sérstakra ráðstafana fyrir flugeldasýninguna á Menningarnótt sem og gamlárskvöld. Þá eru dýrin lokuð inni á meðan lætin standa yfir.

Að sögn Óskars Þór Sigurðssonar lögreglufulltrúa verður málið rannsakað af lögreglunni næstu daga. „Vegalengdin frá girðingunni þar sem hrossin voru og að slysstað verður skoðuð. Út frá vegalengdinni komumst við vonandi að því hvort hrossin fældust vegna flugeldasýningarinnar sem haldin var í tengslum við Menningarnótt eða hvort aðrir aðilar hafi skotið upp flugeldum með þeim afleiðingum að hrossin fældust.“

**aegir@frettabladid.is**



**LESTARSLYS** Tugir manna fórust þegar tvær lestir rákust á í Egyptalandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lestarslys í Egyptalandi:

# 58 fórust þegar lestir rákust á

**EGYPTALAND, AP** Að minnsta kosti 58 manns fórust þegar tvær járnbrautalestir rákust á í norðurhluta Egyptalands á háannatíma í gærmorgun. Líklegt þykir að tala látinna fari hækkandi, því að á annað hundrað manns slösuðust jafnframt í slysinu, margir lífshættulega.

Slysið varð skammt fyrir utan borgina Qalyoub um klukkan sjö í gærmorgun, þegar vagnar lestarinnar voru fullir af fólki á leið til vinnu sinnar. Að sögn lögreglu er orsök slyssins talin vera sú að annar lestarstjórinn sinnti ekki stöðvunarskyldu.

Töluvert er um alvarleg lestarslys í Egyptalandi. **- smk**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Innbrot og fíkniefni** Sjö tölvuskjám var stolið úr Menntasetrinu við Lækinn í Hafnarfirði um helgina. Lögregla segir málið í rannsókn og innbrotsþjófsins leitað. Þá komu upp níu fíkniefnamál í Hafnarfirði þar sem hald var lagt á hass og amfetamín. Þau eru öll upplýst.

**Kranabíll á hliðina** Kranabíll með mannkörfu fór á hliðina í Garðabæ síðdegis í gær. Tveir voru í körfunni en þá sakaði ekki. Litlu munaði að kranabíllinn lenti á mannlausum fólksbíl en bóma kranans hélt honum frá því að falla á bílinn.

ATVINNA
TIMBURSALA

Vegna stóraukinnar timbursölu hjá Súperbygg.ehf í Hafnarfirði vantar okkur starfsmenn vana sölu– og afgreiðslustörfum. Góð laun í boði fyrir gott fólk.

SÚPERBYGG
– meira fyrir minna

220 Hafnarfirði
Sími: 414 6080
Fax: 414 6099
www.superbygg.is

Opið:
Mánud. til föstud.
8-18
Lokað um helgar

Skaðabótamál Alcoa á hendur mótmælendum:

# Krafinn um rúmar 11 milljónir

**MÓTMÆLI** Alcoa krefst þess að Guðmundur Beck bóndi á Kollaleiru greiði 11,3 milljónir króna í skaðabætur fyrir að stöðva vinnu þann 14 .ágúst síðastliðinn þegar hann fór í heimildarleysi inn á vinnusvæðið þar sem verið er að reisa álverið á Reyðarfirði.

Alcoa fer einnig fram á samtals 28,5 milljónir í skaðabætur frá þeim mótmælendum sem stöðvuðu vinnu með því að fara í krana með slagborða og hlekkja sig við vinnutæki 16. ágúst síðastliðinn.

Guðmundur segir í samtali við Fréttablaðið að Alcoa eða Bechtel láti fylgjast með sér. „Þeir eru hérna við hliðið á bílnum og ég hef staðið einn þeirra að verki sem játaði því að hann væri að fylgjast með mér. Svo var ég eltur í fyrradag af mönnum á sérsveitarbíl,“ segir hann. Björn Lárusson, samskiptastjóri Bechtel á Íslandi, Guðlaug Gísladóttir, starfsmaður í samfélagsmálum fyrir Alcoa og lögreglan á Eskifirði segja þessar ásakanir alrangar.

Mótmælendur sendu frá sér tilkynningu í gær þar sem þeir segja mótmælaaðgerðum lokið í bili og að þeir vonist til þær hafi orðið til þess að Íslendingar grípi til aðgerða gegn frekari landeyðingu. **- jse**

**GUÐMUNDUR BECK** Alcoa krefur bóndann á Kollaleiru um 11,3 milljóna króna í skaðabætur fyrir að stöðva vinnu þegar hann fór í heimildarleysi inná vinnusvæðið í síðustu viku. Hann sakar Alcoa og Bechtel um að fylgjast með sér. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR



# Ótrúlegt verð á skólavörum




Gildir 22. ágúst eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir elsti núlifandi Íslendingurinn, sem fagnaði 109 ára afmæli á sunnudaginn?*

2 *Hvað er Sir Bobby Robson, fyrrum landsliðsþjálfari Englendinga, gamall?*

3 *Hvað heitir yfirlögregluþjónninn á Egilsstöðum?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 42

Alcoa Fjarðaál styrkti tvo lögreglumenn frá Eskifirði á námskeið erlendis:

# Fóru til Flórída í boði Alcoa

**ESKIFJÖRÐUR** Tveir lögreglumenn frá Eskifirði fóru í boði Alcoa Fjarðaáls á tveggja vikna námskeið í Florída í Bandaríkjunum árið 2004. Mennirnir þáðu styrk í eigin nafni frá Alcoa og öðrum fyrirtækjum og stofnunum á Austurlandi til að sækja námskeið í fíkniefnaleit. Þá styrkti dómsmálaráðuneytið mennina til fararinnar.

Guðlaug Gísladóttir, starfsmaður í samfélagsdeild Alcoa Fjarðaáls, segir fyrirtækið styrkja fjöldann allan af verkefnum árlega í samfélaginu. „Við styrktum mennina um ferðakostnað sem við greiddum beint til þjónustuaðila," segir Guðlaug. „Þetta var bara venjuleg þátttaka okkar í uppbyggingu samfélagsins hérna fyrir austan."



**ESKIFJÖRÐUR** Alcoa segir styrkveitinguna einvörðungu þáttur í því að vera góður nágranni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samkvæmt Guðlaugu eru engin áform uppi um frekari styrkveitingar til lögreglumanna á Eskifirði. „Við úthlutum samkvæmt umsóknum sem samræmast okkar reglum. Við viljum leggja okkar af mörkum að vera góðir nágrannar."

Lögreglumennirnir leituðu sjálfir eftir styrk til að sækja námskeiðið. Inger L. Jónsdóttir, sýslumaður á Eskifirði, segir umsóknina aldrei hafa komið inn á borð hjá embættinu. „Þetta var algjörlega á vitorði þeirra sjálfa, eina sem við gerðum var að útvega mönnunum frí svo að þeir gætu sótt námskeiðið," segir Inger. „Ég var ekkert að velta því fyrir mér hvaða aðilar voru að styrkja þá, enda fannst mér það okkur óviðkomandi." **- æþe**

Verkamenn á olíuborpöllum:

# Meiri hætta á krabbameini

**NOREGUR** Verkamenn á olíuborpöllunum í Norðursjó eru í miklu meiri hættu á alvarlegum sjúkdómum eins og krabbameini en aðrir Norðmenn.



**OLÍUBORPALLUR**

Í frétt Norska Dagbladet segir að á hverju ári láti tólf til þrjátíu og tveir verkamenn á olíuborpöllum lífið vegna áhrifa vinnunnar á heilsu þeirra.

Rannsóknir sýna að dánarlíkur karlmanna á olíuborpöllunum eru allt að 41 prósentum hærri en hjá norskum körlum almennt. **- ghs**








**DÝRMÆTT VATN** Þriðjungur íbúa jarðarinnar stendur frammi fyrir vatnsskorti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alþjóðleg vatnsvika haldin í Stokkhólmi:

# Vatnsskortur í vændum

**SVÍÞJÓÐ, AP** Vísindamenn vara við því að þriðjungur jarðarbúa standi frammi fyrir yfirvofandi vatnsskorti. Þetta kom fram á alþjóðlegri vatnsráðsstefnu sem fram fer þessa vikuna í Stokkhólmi í Svíþjóð.

Í nýrri skýrslu sem gefin var út í upphafi ráðstefnunnar kemur fram að bráðnauðsynlegt sé að finna skilvirkari leiðir til að nota vatnsbirgðir jarðarinnar, til að koma í veg fyrir fátækt og umhverfistjón.

Skýrslan byggir á fimm ára rannsókn sem gerð var af Alþjóðlegu vatnsnýtingarstofnuninni, en sú stofnun hefur höfuðstöðvar á Srí Lanka. Í henni segir að sérstaklega sé mikilvægt að bæta vatnsnýtingu í landbúnaði þróunarlandanna. Þar væri hægt að byggja fleiri vatnsgeyma, betrumbæta áveitur og framleiða nytjaplöntur sem þola þurrk betur.

„Vatnsnýting seinustu fimmtíu árin dugir engan veginn í framtíðinni, þegar kemur að því að eiga við vatnsskort," sagði Frank Rijsberman, yfirmaður stofnunarinnar.

Um 1.500 vísindamenn frá um 140 löndum sitja ráðstefnuna. **- smk**

Kjarnorkuáætlun Írans:

# Íranar meina eftirliti aðgang

**AUSTURRÍKI, AP** Íranar hafa meinað eftirlitsmönnum Sameinuðu þjóðanna aðgang að neðanjarðarkjarnorkuvinnslustöð þeirra. Segja erindrekar SÞ þetta auka grun um að ekki sé allt með felldu í kjarnorkuáætlun þeirra.

Í dag eiga Íranar að svara formlega tillögu Öryggisráðs SÞ um að hætta auðgun úrans, eða sæta refsingum ella. Hafa ráðamenn þó skýrlega gefið til kynna að auðguninni verði ekki hætt. Bandaríkin og fleiri ríki telja að Íranar noti auðgað úran til að framleiða kjarnorkuvopn, en Íranar hafa staðfastlega fullyrt að öll kjarnorkuvinnsla þeirra sé í friðsamlegum tilgangi. **- smk**







# STÓRÚTSALA

## Á FERÐAVÖGNUM OG FYLGIHLUTUM






















*Í dag hefst stórútsala á ferðavögnum og fylgihlutum í SEGLAGERÐINNI ÆGI. Bjóðum m.a.* ***50-400.000 kr. afslátt*** *af öllum tjaldvögnum, fellihýsum, pallhýsum, hjólhýsum og húsbílum. Auk þess bjóðum við* ***10-60% afslátt*** *af öllum aukahlutum og* ***50-200.000 kr.*** *afslátt af öllum notuðum ferðavögnum!*

***Opið þriðjudag-fimmtudag kl. 10-19 og föstudag kl. 10-18.***

Tjaldvagnaland

SEGLAGERÐIN ÆGIR

www.seglagerdin.is

EYJARSLÓÐ 5 • SÍMI 511 2200



**HEILÖG MARÍA** Súkkulaðiverksmiðjustarfsmenn í Kaliforníu ráku upp stór augu þegar þeir fundu þessa súkkulaðibráð undir einu súkkulaðikeraldinu, því þeim finnst hún vera eftirmynd líkneskis af heilagri Maríu guðsmóður. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík hefst á hálftíma myrkvun höfuðborgarinnar:

# Himinninn stærsta tjaldið

**MYRKVUN** Slökkt verður á öllum götuljósum í Reykjavík milli klukkan tíu og hálf ellefu hinn 28. september og borgarbúum þannig gert kleift að njóta stjörnudýrðar himinhvolfsins. Myrkvunin verður sú fyrsta í heiminum sinnar tegundar, en ekki er vitað til þess að heil borg hafi verið myrkvuð áður af ásetningi.

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík stendur fyrir viðburðinum í samstarfi við Reykjavíkurborg. „Himinninn er stærsta sýningartjald í heimi,“ segir Atli Bollason, verkefnastjóri hjá hátíðinni. „Okkur fannst mjög snjallt að opna hátíðina með þessum hætti og sýna fólki að maður þarf ekki að leita langt til að sjá fallegar myndir. Ljósmengun í borginni er gríðarleg og það er örsjaldan sem sést til stjarna, miðað við það sem maður þekkir utan af landi.“ Atli hvetur fólk til að slökkva ljós á heimilum sínum og vinnustöðum þennan hálftíma til að sýningin heppnist sem best.



**STJÖRNUBJART** Slökkt verður á öllum götuljósum í borginni til að fólk geti notið stjörnudýrðarinnar.

Ef ekki viðrar vel hefur hátíðin leyfi til að fresta viðburðinum til 1. október. „Ef það viðrar ekki heldur þá, þá er myrkrið sjálft í raun svolítið eftirsóknarvert í svona mikið lýstri borg,“ segir Atli.

Stjörnufræðingur mun lýsa því sem fyrir augu ber í beinni útsendingu á Rás 2. Lögregla mun hafa sérstakan viðbúnað til að fyrirbyggja vandræði vegna myrkursins. - sh

Maður sem velti bíl sínum:

# Ráfaði ölvaður af slysstað

**LÖGREGLA** Bíll valt í nágrenni Þingeyrar aðfaranótt sunnudags. Þegar lögreglan á Ísafirði kom á vettvang var bíllinn gjörónýtur en engan ökumann að sjá.

Björgunarsveitin á Þingeyri var þess vegna kölluð til aðstoðar og fannst ökumaðurinn síðar um nóttina. Hann var lítið slasaður en áberandi ölvaður. Maðurinn var fluttur á sjúkrahúsið á Ísafirði en var útskrifaður þaðan stuttu síðar.

Þá varð slys í Mjóafirði á laugardag þegar tvær bifreiðar skullu saman. Engan sakaði í óhappinu en báðir bílarnir voru óökufærir á eftir. - sh

Óveður í Ungverjalandi:

# Þrír látnir og tveggja saknað

**UNGVERJALAND, AP** Þrír menn fórust í miklu óveðri sem gekk yfir Búdapest í Ungverjalandi á sunnudag. Tveggja er enn saknað, en nær 300 særðust í veðrinu, þar af 40 lífshættulega.

Fólkið var að horfa á flugeldasýningu við Dóná til minningar um fyrsta konung landsins, þegar veðrið versnaði til muna. Tveir mannanna létust þegar tré féll á þá en óljóst er hvernig sá þriðji týndi lífi, að sögn lögregluyfirvalda. Fólkið sem saknað er var á báti á Dóná þegar honum hvolfdi í veðrinu.

Forsætisráðherra landsins fundaði með yfirvöldum í gær til að kynna sér hvort fresta hefði átt hátíðarhöldunum vegna veðurs. - smk

Dani í nágrannaerjum í Taílandi:

# Fangelsaður fyrir að kveikja í hænsnabúi

**TAÍLAND** Dani nokkur hefur verið dæmdur í tíu ára fangelsi í Taílandi fyrir að hafa kveikt í hænsnabúi nágranna síns. Þetta kemur fram á fréttavef danska blaðsins Politiken.



**HÆNSNABÚ** Danskur maður hlaut tíu ára fangelsisdóm fyrir að bera eld að hænsnabúi nágranna síns í Taílandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Stríðið á milli James Christiansen og nágranna hans hófst eftir að nágranninn fann dauða kjúklinga og kenndi nokkrum fyrrum húsbóndalausum hundum um, sem Christiansen hafði tekið að sér. Christiansen var gert að greiða bætur, en mótmælti upphæðinni.

Síðar fannst einn hundurinn dauður eftir að hafa étið rottueitur, og er Christiansen sagður hafa borið eld að hænsnabúinu í kjölfar þess. - smk



**RÚSTIR BEIRÚTS** Höfuðborg Líbanons lítur illa út eftir árásir Ísraela.

# Ítalir vilja leiða friðargæslu

**Unnið er að nýrri ályktun SÞ. Ehud Olmert sætir harðri gagnrýni heima fyrir og kennir forverum sínum í starfi um að hafa sofið á verðinum.**

**ÍSRAEL, AP** Ítalska ríkisstjórnin er reiðubúin til að fara fyrir alþjóðafriðargæsluliðinu, UNIFIL, í Líbanon í gær, að því tilskyldu að þjóðir eins og Frakkar, Þjóðverjar og Tyrkir taki þátt í starfinu. Þetta tilboð kemur í kjölfar beiðni Ehuds Olmerts til Romano Prodi, forseta Ítalíu, eftir að Frakkar, sem höfðu áður boðist til að bera ábyrgð á friðargæslunni, ákváðu að senda ekki nema tvö hundruð manna lið til Suður-Líbanons.

George W. Bush hvatti ríki heimsins til að koma sér saman um framkvæmd alþjóðarfriðargæslunnar og hét því að greiða um 16 milljarða króna til neyðaraðstoðar í Líbanon. Bandaríkjamenn vinna nú að nýrri ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna sem á að stuðla að afvopnun Hizbollahhreyfingarinnar. John Bolton, sendiherra Bandaríkjanna hjá SÞ, sagði að væntanleg ályktun ætti ekki að tefja fyrir því að friðargæsluliðar færu til Líbanons samkvæmt núverandi samkomulagi um vopnalé.

Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, reyndi að svara gagnrýnisröddum heima fyrir í gær vegna herferðarinnar í Líbanon og gaf í skyn að um uppsafnaðan vanda ísraelskra stjórnvalda væri að ræða. Með því að ráðast inn í Líbanon hefði Olmert einungis verið að taka á vandamáli sem fyrri stjórnvöld hefðu ekki horfst í augu við. „Við vissum svo árum skipti að hættan [af uppbyggingu Hizbollah] væri til staðar en létum sem við vissum ekki neitt.“ Olmert kenndi þannig fyrirrennurum sínum um, en minntist þó ekki á lærifóður sinn, Ariel Sharon, sem var hæstráðandi í landinu nær sleitulaust frá því að ísraelski herinn var dreginn til baka frá Líbanon árið 2002.



**EHUD OLMERT** Forsætisráðherrann fór í þyrluflug í gær og heimsótti þau ísraelsku bæjarfélög við landamæri Líbanons sem verst komu út úr átökunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nokkur hundruð varaliðsmanna hersins mótmæltu í gær lélegri skipulagningu hernaðarins í Líbanon og kröfðust opinberrar rannsóknar; sumir kröfðust einnig afsagnar Olmerts.

Stríðsreksturinn naut víðtæks stuðnings ísraelskra borgara, en stríðslokin ekki. Olmert hefur verið brigslað um óákveðni og ómarkvissa stefnumörkun í stríðinu, en hefur ekki síst legið undir ámæli fyrir að hafa samið af sér í viðræðum um vopnahlé, og að frekari átök séu þess vegna óhjákvæmileg. Einnig hefur þórðargleði ýmissa arabaríkja komið illa við Ísraelsmenn, en ráðamenn þeirra hafa keppst um að senda þeim háðsglósur, vegna „ósigursins“. Forsætisráðherra Írans sagði til að mynda í gær að brotthvarf Ísraelshers frá Líbanon væri fyrsta „niðurlæging“ Ísraelsríkis frá stofnun þess. klemens@frettabladid.






hp




**HP Total Care** er í senn ábyrgð, trygging og loforð
sem HP gefur öllum þeim sem velja tölvubúnað frá HP.

**Helstu þættir HP Total Care:**

- Fyrsta flokks aðstoð við að velja **RÉTTU** tölvuna fyrir þig
  *- Hjá viðurkenndum HP söluaðila*
- Fyrsta flokks þjónusta við notendur
  *- Hjá þjónustuaðila HP og á heimasíðu HP*
- Fyrsta flokks ábyrgðarþjónusta
  *- Hjá þjónustuaðila HP*
- Sveigjanlegar lausnir varðandi framlengingu ábyrgðar
  *- Þriggja, fjögurra og fimm ára HP ábyrgð*
- Ókeypis tól til að stilla tölvuna og viðhalda öryggi
  *- Á heimasíðu HP*
- Fyrsta flokks viðgerðarþjónusta
  *- Hjá þjónustuaðila HP*

OPIN KERFI

Opin kerfi ehf. er eini viðurkenndi innflutnings- og þjónustuaðili á tölvubúnaði frá HP á Íslandi og er í nánu samstarfi við söluaðila um land allt.
**www.ok.is**

**Verslaðu aðeins hjá viðurkenndum HP söluaðila:**

| | |
|---|---|
| Office 1 Superstore um land allt | Sími 550 4100 |
| Oddi skrifstofuvörur um land allt | Sími 515 5000 |
| HP Búðin, Reykjavík | Sími 568 5400 |
| Start, Kópavogi | Sími 544 2350 |
| Samhæfni, Reykjanesbæ | Sími 421 7755 |
| TRS, Selfossi | Sími 480 3300 |
| Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðarkróki | Sími 550 4100 |
| Tölvuþjónustan, Akranesi | Sími 575 9200 |
| Netheimar, Ísafirði | Sími 456 5006 |
| Eyjatölvur, Vestmannaeyjar | Sími 481 3930 |
| Bókabúð Þórarins Stefánssonar, Húsavík | Sími 464 1234 |

Réttarhald vegna Srebrenica-fjöldamorðanna hafið í Haag:

# Fjarvera Mladic óafsakanleg

**HAAG, AP** Réttarhald hófst í gær fyrir Stríðsglæpadómstólnum í Haag í Hollandi yfir sjö mönnum sem voru háttsettir í her Bosníu-Serba og eru ákærðir fyrir meinta hlutdeild þeirra í fjöldamorðunum á um átta þúsundum Bosníu-múslima í bænum Srebrenica. En fjarvera æðsta yfirmanns þeirra, hershöfðingjans Ratko Mladic, varpaði skugga yfir réttarhaldið.

Mladic „ætti að vera fyrir rétti núna," tjáði aðalsaksóknari dómstólsins, Carla del Ponte. Í ávarpi sínu við upphaf réttarhaldsins fordæmdi hún getuleysi stjórnvalda í Serbíu við að hafa uppi á Mladic og öðrum eftirlýstum meintum stríðsglæpamönnum. Hún sagði það „óafsakanlegt" af yfirvöldum í Belgrad að hafa ekki handtekið hann fyrir löngu og framselt til dómstólsins.



**CARLA DEL PONTE** Aðalsaksóknari dómstólsins í Haag skaut föstum skotum að Serbíustjórn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Serbíustjórn er fullfær um að handtaka þessa menn," sagði hún. „Hún hefur hingað til einfaldlega neitað að gera það."

Ráðamenn í Belgrad halda því fram að þeir séu að reyna sitt ýtrasta til að hafa hendur í hári Mladic, en sannað þykir að hann dvelji þar í landi. Að serbneskum yfirvöldum skyldi hafa mistekist að framselja hann til þessa hefur þegar orðið til þess að Evrópusambandið hefur frestað um óákveðinn tíma undirbúningsviðræðum að framtíðarinngöngu landsins í sambandið. - aa

# Ekki til ítarleg kort af stórum hluta Íslands

**Landmælingar hafa ekki gefið út kort af stórum hluta landsins í hlutfallinu 1 á móti 50 þúsund, en það eru þau kort sem göngufólk og björgunarsveitir nota. Víða eru í notkun kort sem Bandaríkjaher gaf út fyrir rúmlega hálfri öld.**

**KORTAÚTGÁFA** „Það skortir víða á ítarleg kort og ferðafólk þarf að treysta á gömul eða verri kort á ferðum sínum," segir Atli Jósefsson göngumaður. Landmælingar hafa ekki gefið út kort af öllu landinu í kvarðanum 1:50.000 en það eru þau kort sem meðal annars göngufólk og björgunarsveitir nota mest. Kort hafa ekki verið gefin út af Austurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum.

Að sögn björgunarsveitarmanna hefur kortaskortur ekki orðið til vandræða við björgunarstörf þar sem margir þeirra hafa góða þekkingu á viðkomandi svæðum. Hins vegar sé mjög slæmt að komast ekki í kortin þegar á þarf að halda. Nú eru víða notuð rúmlega hálfrar aldar gömul kort sem Bandaríkjaher gaf út.

Að sögn Gunnars H. Kristjánssonar, sölustjóra Landmælinga, hafa kort í þessum kvarða verið gerð og eru til í stafrænum kortagrunni stofnunarinnar. Þau séu meðal annars aðgengileg fyrir staðsetningartæki. Hins vegar hafi verið tekin ákvörðun um að Landmælingar hætti kortaútgáfu um næstu áramót og kortaútgáfa verði boðin út til einkaaðila. Það er því óljóst hvort kortin sem upp á vantar verði gefin út.

„Maður skilur ekki af hverju kortin eru ekki gefin út ef þau eru til. Það gagnast ekki ef aðgengið er ekki til staðar," segir Atli.

Fyrirtækið Loftmyndir hefur unnið að kortlagningu landsins um nokkurt skeið og stefnir að því að hefja útgáfu Íslandskorta á næstu árum. „Við leituðum eftir samstarfi við Landmælingar en það var ekki áhugi fyrir því," segir Örn Ingólfsson, framkvæmdastjóri Loftmynda.

hnefill@frettabladid.is



**SKORTUR Á KORTUM** Ekki hafa verið gefin út kort af Íslandi í kvarðanum 1:50.000 á þeim hluta landsins sem er blálitaður á myndinni.


Skólavörubúðin

GOTT VERÐ
Á ALLRI
SKÓLAVÖRU



Við sérhæfum okkur
í vönduðum og fjölbreyttum
námsgögnum fyrir öll skólastig.

www.skola.is
- vefverslun og
skiptibókamarkaður

Smiðjuvegi 5 • 200 Kópavogur
Sími 585 0500
Opið 9-18 virka daga

Oddi hönnun_VOB6625

NÝJUNG!

Ekki gleyma
ab-mjólkinni frá MS

... þessari nýju léttu með
eplum og gulrótum

HRIKALEGA
HOLL OG GÓÐ

MJÓLKURVÖRUR
Í SÉRFLOKKI




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# Allt fyrir skólann í einni ferð!



Opið til 21.00 í kvöld

www.oddi.is

ODDI

SKRIFSTOFUVÖRUR

Borgartúni 29 • Reykjavík
Opið kl. 8-18, lau. 11-16
**Í kvöld og annað kvöld til kl 21.00**

Höfðabakka 3 • Reykjavík
Opið kl. 8-18
**Í kvöld og annað kvöld til kl 21.00**

Glerárgötu 34 • Akureyri
Opið kl. 8-18
**Í kvöld og annað kvöld til kl 21.00**

Ríkið styrkir rekstur á farsímakerfum á skuggasvæðum þar sem samband er slæmt:

# Reksturinn verður boðinn út

**FJARSKIPTI** Ríkiskaup munu bjóða út rekstur á farsímakerfum á svokölluðum skuggasvæðum, svæðum þar sem farsímasamband er slæmt eða ekkert. Útboðin, sem verða að öllum líkindum tvö, eru hluti af því verkefni Fjarskiptasjóðs að bæta GSM-móttöku á svæðum þar sem ekki hefur verið talið standa undir kostnaði að halda úti GSM-þjónustu.

Meðal svæðanna sem eru boðin út að fyrstu eru Vatnsdalur, Bólstaðarhlíð, Öxnadalur, Steingrímsfjarðarheiði og Fagridalur. Það fyrirtæki sem vinnur útboðið hlýtur fjárstyrk frá Fjarskiptasjóði til að halda uppi þjónustu á þeim svæðum sem útboðið nær til.



**ÚR VATNSDAL** Meðal svæða sem verða boðin út eru Vatnsdalur, Öxnadalur, Steingrímsfjarðarheiði og Fagridalur.

„Við erum ekki að fara inn á nein svæði nema það sé sýnt að þjónusta byggist ekki upp á markaðsforsendum,“ segir Friðrik Már Baldursson, stjórnarformaður Fjarskiptasjóðs. „Við gerum ekki upp á milli fyrirtækja eða neitt slíkt, þjónustan er boðin út. Þetta er mjög svipað og þegar ríkið býður út til dæmis flugleið eða ferjuþjónustu á leiðum sem markaðurinn hefur ekki treyst sér til að standa undir.“

„Núna stendur yfir forval, það er ekki búið að opna útboðið eða skila inn umsóknum,“ segir Pétur Pétursson, verkefnastjóri hjá Ríkiskaupum. „Þegar það gerist vitum við betur hverjir hafa sýnt verkefninu áhuga. Að öðru leyti eru útboðsgögnin í vinnslu, það er verið að mæla fyrir stöðum og vinna greiningarvinnu. Þarna er verið að óska eftir þjónustu á svæði sem er ekki sinnt í dag og ekki talið fýsilegt af hálfu fjarskiptafyrirtækja að sinna.“

- sþs

Alcoa Fjarðaál auglýsir hundrað ný störf í álverinu í Reyðarfirði:

# Bjóða fjórar milljónir á ári

**ATVINNA** Alcoa auglýsti um helgina eftir hundrað starfsmönnum til starfa við álver fyrirtækisins í Reyðarfirði.

Hrönn Pétursdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs hjá Alcoa Fjarðaál, sagði í samtali við Fréttablaðið að sóst væri eftir fólki til að fylla í stöður framleiðslustarfsmanna annars vegar, sem munu stýra hugbúnaði og vinnuvélum við framleiðslu álsins, og raf- og vélvirkja hins vegar, sem sinna viðhaldi. Um langtímastörf er að ræða.

Hrönn segir að raf- og vélvirkjar séu krafðir um tilskylda menntun, en almenn menntun dugi í framleiðslustörf. „Starfsmenn munu hljóta þriggja til fimm ára menntun innanhúss,“ útskýrir hún. „Tölvukerfi, vinnuvélar og tæki eru til að mynda mjög sérhæfð og innanhúsmenntunin því nauðsynleg.“



**ALCOA FJARÐAÁL** Auglýsir eftir 100 nýjum starfsmönnum. Á mars á þessu ári var mikil eftirspurn eftir störfum sem þá voru í boði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Alcoa býður starfsmönnum um fjórar milljónir í árslaun, sem samsvarar um 340 þúsund krónum á mánuði. Að sögn Hrannar á þessi tala þó aðeins við um þá sem vinna eftir vaktakerfi og lokið hafa viðeigandi starfsþjálfun. „Þegar fólk hefur lokið 18-36 mánaða grunnþjálfun, er það komið upp í þessi laun,“ segir hún.

Störf af þessu tagi voru fyrst auglýst í mars á þessu ári og var aðsóknin þá góð, að sögn Hrannar. Hún ráðgerir að hún verði ekki minni nú og segist vona til að fjölga konum, sem eru nú um það bil 27 prósent starfsmanna, enda sé ekki um líkamlega erfið störf að ræða.

- rve

Skólavörubúðin

ALLT Í SKÓLANN Á GÓÐU VERÐI



Við sérhæfum okkur í vönduðum og fjölbreyttum námsgögnum fyrir öll skólastig.

www.skola.is - vefverslun og skiptibókamarkaður

Oddi hönnun_VOB6625

Smiðjuvegi 5 • 200 Kópavogur
Sími 585 0500
Opið 9-18 virka daga



Vertu á hellu í sumar fyrir
4.092 KRÓNUR Á MÁNUÐI*

Hellur & steinar
FYRIR FEGURRA UMHVERFI



Þegar fjárfesta á í garðinum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim alhliða þjónustu.

Hjá MEST getur þú fengið aðstoð landslagshönnuða við að skipuleggja garðinn þinn. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 550 eða á www.mest.is.

MEST – allt til bygginga

VISA Lán – HAGSTÆÐAR AFBORGANIR   Staðgreiðslu lán

*Forsendur miðast við 60 m² af Borgarhellum án hellulagnar og jafnar mánaðarlegar greiðslur á VISA eða Mastercard í 36 mánuði. MEST áskilur sér rétt til að breyta verði án fyrirvara. Bretta og pokatrygging endurgreiðist við skil. 8% umsýslugjald þegar skilað er opnuðum hellubrettum.

Malarhöfða 10, Reykjavík   Bæjarflöt 4, Reykjavík   Hringhellu 2, Hafnarfirði   Hrísmýri 8, Selfossi   Leiruvogi 8, Reyðarfirði

Vegurinn þarfnast endurbóta:

## Endurbætur vega í Skriðdal

**VEGAGERÐ** Bæjarráð Fljótsdalshéraðs telur brýnt að bæta vegakafla hrigvegarins um Haugaá og Vatnsdalsá í Skriðdal. Á þessu svæði er hringvegurinn mjór malarvegur og á honum eru krappar beygjur og mjóar brýr sem komnar eru til ára sinna. Bæjarráðið telur að fyrirhuguð vegagerð á þessu svæði bæti umferðaröryggi mikið og minnki hættu á umferðar- og mengunarslysum.

Bæjarráðið telur þessa vegagerð ekki þurfa að vera háða mati á umhverfisáhrifum, þar sem hún hafi ekki umtalsverð umhverfisáhrif, hvorki með tilliti til umfangs, eðlis né staðsetningar. - hs

Breskir flugfarþegar gera uppreisn í flugvél á leið til Manchester:

# Létu vísa tveimur frá borði

**FLUG** Breskir flugfarþegar neituðu að hleypa flugvél á loft fyrr en tveir karlmenn af asískum uppruna, sem þeir grunuðu um að vera hryðjuverkamenn, yrðu færðir frá borði. Þetta kemur fram á fréttavef breska dagblaðsins Daily Mail.

Mennirnir, sem voru ásamt 150 farþegum á leið til Manchester frá Malaga á Spáni, vöktu grunsemdir farþega með því að klæðast leðurjökkum í heitu veðri og tala saman á tungumáli sem líktist arabísku. Nokkrir farþegar stóðu upp og fóru frá borði og aðrir neituðu að fara um borð fyrr en mennirnir væru fjarlægðir úr vélinni.

„Það voru allir sammála um að þessir menn litu grunsamlega út,“ sagði einn farþeganna. „Sumir farþegarnir voru mjög óttaslegnir, grétu jafnvel.“

Mönnunum var að lokum vísað frá borði af lögreglumönnum. Leitað var að sprengiefni í vélinni en ekkert fannst. Stuttu seinna fór vélin á loft með tveimur færri farþegum.

Rannsókn leiddi í ljós að mennirnir tengdust hryðjuverkasamtökum ekki á nokkurn hátt og var þeim sleppt. Þeir tóku næstu vél til Manchester daginn eftir. - sþs



**Í FLUGVÉL** Rannsókn leiddi í ljós að mennirnir tveir voru alsaklausir ferðalangar. Þeir tóku næstu vél til Manchester daginn eftir.



**ÓPERA ÆFÐ** Óperan Idomeneo eftir Wolfgang Amadeus Mozart verður frumsýnd í Salzburg í Austurríki í dag, en myndin var tekin á einni síðustu æfingu listamannanna. Mozart samdi óperuna árið 1780. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**KONUR Í MARAÞONI** Erlendar konur voru í meirihluta þeirra sem þreyttu fullt maraþon um helgina.

Reykjavíkurmaraþon Glitnis:

## Erlendar konur í meirihluta

**MARAÞONIÐ** Erlendar konur settu svip sinn á maraþonið í miðborg Reykjavíkur um helgina. Um eitt hundrað konur hlupu fullt maraþon, 42,2 kílómetra, þar af voru íslensku konurnar um nítján talsins.

Flestir hlauparanna voru í aldurshópnum 18-39 ára, eða tæplega fimmtíu, þar af um sjö íslenskar konur. Í aldurshópnum 40-49 ára voru níu íslenskar konur af ríflega tuttugu hlaupurum. Af 30 hlaupurum milli fimmtugs og sextugs voru þrjár íslenskar konur.

Um 500 hlauparar hlupu fullt maraþon. - ghs

Skógareldar í Finnlandi:

## Óvenjumargir og dýrir eldar

**FINNLAND** Skógareldar hafa komið óvenjuoft upp vegna hitanna í sumar og reynst Finnum dýrkeyptir. Þeir hafa verið fimm sinnum fleiri en í venjulegu ári. Þetta kemur fram á fréttavef Helsingin Sanomat.

Útgjöld slökkvi- og björgunarliða hafa aukist samfara þessu, eða sem nemur tuttugu milljónum króna það sem af er sumri. Það er því ljóst að rekstur slökkviliðanna verður tæpur það sem eftir er ársins og þarf eitthvað að koma til aukalega svo að endar náist saman. - ghs

Impregilo á Kárahnjúkum:

## Verktaki ráðinn í sorpið

**KÁRAHNJÚKAR** Heilbrigðiseftirlitið á Austurlandi hefur gert athugasemdir við að gáma til að setja sorp í hefur vantað á Kárahnjúkum og gámarnir ekki fluttir nægilega ört niður af fjallinu til að tæma þá.

Helga Hreinsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlitsins, telur að Impregilo hafi bætt úr þessu með því að ráða verktaka til að flytja sorpið, það hafi að minnsta kosti staðið til. - ghs

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



## „ORÐRÉTT“

**Nýtt andlit, sama stefnan**

*„Það er sóttur maður út í bæ sem er handgenginn fráfarandi forystu og sett nýtt andlit á sömu stefnuna.“*

**Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, um kosningu nýs formanns Framsóknarflokksins. Fréttablaðið 21. ágúst.**

**Berdreymin kona**

*„Þig dreymdi þennan draum fyrir mánuði, nákvæmlega eins og tölurnar féllu.“*

**Guðni Ágústsson, varaformaður Framsóknarflokksins, talaði til konu sinnar Margrétar Hauksdóttur í ávarpi á Flokksþingi Framsóknarflokksins eftir sigurinn í varaformannskjörinu. Morgunblaðið 21. ágúst**

*nær og fjær*

# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? GEORG LÁRUSSON FORSTJÓRI LANDHELGISGÆSLU ÍSLANDS

## *Ætlar að veiða hreindýr fyrir austan*

„Það er bara allt þokkalegt að frétta af okkur hérna hjá gæslunni,“ segir Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar. „Við erum að vinna í að leigja okkur þyrlu og vinna samkvæmt áætlun dómsmálaráðherra um þau mál.“

Að sögn Georgs verður opnað útboð á smíði á nýju varðskipi fyrir gæsluna von bráðar og er mikil tilhlökkun meðal gæslumanna vegna þess. Varðskipið Týr hefur verið í endurnýjun í Póllandi frá því í apríl á þessu ári og er von á skipinu aftur inn í landhelgi landsins á næstunni. „Ég var að koma frá Póllandi þar sem ég var að skoða vinnuna við skipið, en verið er að leggja lokahönd á endurbygginguna þess,“ segir Georg. „Týr er væntanlegur til landsins 8. september næstkomandi og þegar hann kemur verður Týr langflottasta skipið í íslenska flotanum.“

Varðskipið hefur gengið í gegnum endurnýjun lífdaga úti í Póllandi að sögn Georgs. Meðal annars er búið að skipta um allar innréttingar og íbúðir í skipinu og breikka yfirbyggingu þess. „Það er nánast búið að skipta um allt nema vélarnar, skipið er nánast eins og nýtt fyrir utan skrokkinn og vélarnar.“

Georg Kr. hefur verið í vinnunni í allt sumar og lítið tekið sér frí enda verkefni Landhelgisgæslunnar mikil og ærin hverju sinni. Á morgun ætlar okkar maður hins vegar að bregða sér í hreindýraveiði. „Ég er að fara að veiða hreindýr og er afskaplega stoltur af því. Ég ætla að bregða mér austur í Fljótsdalshérað með vini mínum Pálma Gestssyni leikara á miðvikudaginn og við ætlum að vera þar fram á föstudag. Við erum með leyfi fyrir einu dýri hvor,“ segir Georg. „Við erum búnir að vera að stunda skotveiðiæfingar núna seinniparts sumars til að undirbúa okkur, en Pálmi hefur farið áður en ekki ég. Þetta verður án efa einn af hápunktum sumarsins.“



## HVAÐ SEGIR ANNA?

VARGFUGL VIÐ TJÖRNINA

### *Fóðurbúr við tjörnina*



ANNA MARTA GUÐMUNDSDÓTTIR FRÁ HESTEYRI

„Ég hef verið að hugleiða það hvernig hægt er að stemma stigu við vargfuglinum á tjörninni og nú hef ég eitt ráð sem vonandi getur komið að gagni,“ segir Anna Marta Guðmundsdóttir, bóndi á Hesteyri í Mjóafirði. „Best væri að gefa vargfuglinum nóg af slori en fjarri tjörninni. Svo er upplagt að setja fæðu handa öndunum í búr sem er það þröngt að mávar komist ekki þangað inn. Það eru heldur meiri líkur á því að endurnar komist inn en mávurinn, reyndar er hettumávurinn frekar penn en hvítmávurinn síður. Nú og ef mávur kemst inn í búrið þá verður að skjóta hann. Það verður vissulega að gera með riffli en ekki haglabyssu ef endurnar eiga ekki að drepast líka.“

Anna hefur sjálf háð baráttu við vargfuglinn sem sótt hefur að Hesteyri svo hún lumar á ýmsum brögðum í þessum efnum. „Menn ættu að vera duglegir við það að taka eggin frá mávinum en þetta er fínn matur. Eins er hægt að stinga lítið gat á eggin að neðanverðu en þá situr hann á þeim þótt þau séu dauð. Ef þau eru tekin gæti hann hugsanlega verpt aftur.“

# Klífur tindana sjö og fer í Iron Man í Þýskalandi

**Hann hljóp ofurmaraþon stuttu eftir að hafa lokið keppni í Iron Man. Hann hljóp maraþon um helgina og klífur svo hæsta fjall Evrópu, Mount Elbrus, um mánaðamótin. Lykillinn? Mataræði, æfing og rétt hugarfar.**

**AFREK** „Ég var í MBA námi í Háskólanum í Reykjavík með fullri vinnu og það var góð afsökun fyrir því að borða nammi. Þetta var ljúft líf fram á vorið í fyrra en þá hafði ég þyngst um tíu kíló,“ segir Ásgeir Jónsson, hlaupari og fjallageit.

Ásgeir hafði alltaf hreyft sig eitthvað en þyngdist smám saman of mikið. Hann fór út að hlaupa með félögunum í hittifyrra og fann að hann gat ekki haldið í við þá.



**HLAUPARI OG FJALLAGEIT** Ásgeir Jónsson hefur sett markið hátt síðustu ár og á skömmum tíma lokið þátttöku í þríþrautinni Iron Man, klifið hæstu tinda og hlaupið ofurmaraþon.

„Ég strunsaði heim á eftir og gat ekki haldið einbeitingunni. Ég hef alltaf viljað hreyfa mig en það eru takmörk fyrir því hvað maður getur gert þegar maður er of þungur. Ég ákvað því að skipta rækilega um gír,“ segir hann.

Ásgeir hefur tekið hreyfingu og mataræði í gegn. Hann er nú á „villimannamataræði, sams konar fæði og maðurinn borðaði fyrir fimmtíu þúsund árum,“ segir hann og sleppir öllum sætindum. „Þá losnar maður við sykurþörfina og blóðsykurinn er alltaf jafn.“

Ásgeir setti markið strax hátt og hefur unnið marga sigra, til dæmis gengið á Mont Blanc. Í fyrra var markmiðið fyrir þetta ár meðal annars sett á hæsta fjall Evrópu, Mount Elbrus, og Iron Man-keppnina í Sviss með 180 kílómetra hjólavegalengd, maraþonhlaupi og sundi.

Ásgeir æfði minnst fimmtán til tuttugu tíma á viku samhliða fullri vinnu og MBA-námi í vetur. Allar helgar fóru í langar æfingar. „Ég hef aldrei unnið meira og mér hefur aldrei liðið betur. Ég viðurkenni samt að það var mikill léttir þegar skólinn var búinn í vor,“ segir hann.

Ásgeir tók þátt í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis um helgina og lætur ekki þar við sitja. Hann ætlar að klífa sjö hæstu tinda í heimsálfunum sjö ásamt félaga sínum og gengur á Mount Elbrus í Georgíu um mánaðamótin, stefnir að Kilimanjaro um áramótin og Mount McKinley næsta vor. Jafnframt ætlar hann að taka þátt í Iron Man í Þýskalandi næsta vor og hlaupa hundrað kílómetra hlaup.




**IRON MAN LOKIÐ** Ásgeir fagnar þegar hann kemur í mark í Iron Man-þríþrautinni í Sviss.



**Á FULLU Á HJÓLINU** Svo ólíklega vildi til að tvisvar sprakk á hjólinu hjá Ásgeiri í Iron Man í Sviss.

Þegar tindunum sjö verður lokið verður Ásgeir líklega fyrsti Íslendingurinn og kannski fyrstur í heiminum til að hafa bæði tekið þátt í Iron Man og klifið hæstu tindana sjö.

Hann segir að lykillinn að afrekunum sé rétt mataræði þar sem líkamanum sé meðal annars hjálpað að ná sér strax eftir áreynslu. Mestu skipti þó jákvætt hugarfar.

ghs@frettabladid.is



**ÁSGEIR OG LEON** Ásgeir Jónsson fjallageit ásamt Leon, félaga sínum frá Bretlandi, á Mount Blanc. Þeir ætla að klífa sjö hæstu tinda í sjö heimsálfum.

GJAFAVÖRUR FRÁ eva solo



SALATSKÁL
26cm kr. 5.470,-



SJÁLFVÖKVANDI POTTAR
kr. 2.340,-



HVÍTLAUKSPRESSA M/GLASI
kr. 5.450,-

Kokka & Hande
Líf & List SMÁRALIND sími 544 2140



Fiton/SÍA

## Dell Inspiron 6400

# LEYFIÐ NÁMS-MÖNNUNUM AÐ KOMA TIL MÍN!



**Inspiron 6400** er snillingur í mannlegum samskiptum. Hún er sérlega fjölhæf, öflug, létt og meðfærileg. Falleg hönnunin og nýi **TrueLife** skjárinn fá þig til að tárast og tengimöguleikarnir eru endalausir: þráðlaust netkort, Bluetooth, FireWire og minniskortalesarar eru á meðal eiginleika.

VERÐ Á MÁNUÐI FRÁ KR. **6.578***

*M.v. tölvukaupalán KB banka í 36 mán. Fullt verð frá 189.900 kr.

Skoðaðu úrvalið á www.ejs.is

**Dell tölvur fást hjá EJS og eftirtöldum aðilum:**
R. SIGMUNDSSON / Fiskislóð 84, Reykjavík / 520 0000 • PENNINN / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 • PENNINN EYMUNDSSON / Sólvallagötu 2, Keflavík / 421 1102 • TÖLVU- OG RAFEINDAÞJÓNUSTA SUÐURLANDS / Eyravegi 37, Selfossi / 480 3300 • TÖLVUN / Strandvegi 51, Vestmannaeyjum / 481 1122 • BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 • TÖLVUSMIÐJAN / Nesgötu 7, Neskaupstað / 470 2230 / Miðási 1, Egilsstöðum / 470 2220 • BÓKAVERSLUN ÞÓRARINS STEFÁNSSONAR / Garðarsbraut 9, Húsavík / 646 1234 • PENNINN / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 461 5050 • NETHEIMAR / Aðalstræti 27, Ísafirði / 456 5006 • NETOS / Aðalstræti 9, Ísafirði / 456 8440 • MAREIND / Nesvegi 7, Grundarfirði / 438 6611 • TÖLVUÞJÓNUSTA VESTURLANDS / Brúartorgi 4, Borgarnesi / 437 2260 • TÖLVU-ÞJÓNUSTAN Á AKRANESI / Esjubraut 49, Akranesi / 430 7000

DELL

**Það er til lausn á öllu**

Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS
www.ejs.is

## Svona erum við

> Fjöldi starfsfólks við kennslu á landinu án kennsluréttinda




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: VÖKVASPRENGJUR

# *Einfalt og ódýrt sprengiefni*

Mikið hefur verið rætt um nýlegt vökvabann í millilandaflugi til Bandaríkjanna og Bretlands. Ástæða bannsins er meint tilraun til að granda nokkrum bandarískum þotum með fremur nýstárlegri tegund sprengiefnis, vökvasprengjum. Þær komust í hámæli í desember 1994 þegar gerð var neyðarlending í flugi milli Japans og Filippseyja, eftir að flaska fyrir linsuvökva sprakk í loft upp. Hún reyndist hafa innihaldið nítróglýserín.

**Hvað eru vökvasprengjur?**
Nokkur efni teljast „bráðsprengifim“ og eru fljótandi eða í föstu formi. Þekktustu bráðsprengifimu efnin eru dínamít og TNT, en þau eru bæði í föstu formi. Flestar gerðir dínamíts innihalda nítróglýserín, sem farið var að nota í sprengiefni á sjöunda áratug nítjándu aldar þegar sænski efnafræðingurinn Alfred B. Nobel blandaði því við fast efni, til dæmis kol, á öruggan hátt.

Bráðsprengifimt efni brennur hraðar en á hljóðhraða. Við þessa geysihröðu brennslu myndast mikill þrýstingur sem er meiri en eðlilegur þrýstingur andrúmslofts. Þrýstingsbreyting þarf ekki að vera mikil, einungis tvö prósent, til að sprengja upp glugga í flugvél.

**Hvar nálgast hryðjuverkamenn sprengiefnið?**
Ótal margir hlutir í umhverfi okkar eru sprengfimir og það mun vera nokkuð auðvelt að smíða vökvasprengju. Framleiðslan krefst einungis lágmarkskunnáttu í efnafræði. Vitað er af skólastrákum á Bretlandi sem komu heim úr efnafræðitíma og gerðu tilraunir með hreinsiefni úr eldhúsi mömmu eins þeirra. Húsið sprakk í loft upp.

**Er hægt að þekkja sprengifiman vökva?**



Nú þegar munu vera til vélar sem greina sprengifim efni með gegnumlýsingu, líkt og málmleitartæki greina málm. Þessi tæki eru fokdýr og enn á tilraunastigi. Þangað til þau komast í gagnið verður erfitt að flytja öryggisleit farþega, því sprengivökvi getur verið litlaus eins og vatn.

MARKAÐURINN

Sögurnar, tölurnar, fólkið.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Landlæknir segir brýna þörf á úrræðum fyrir feit börn

**Forráðamenn barna allt niður í 13 ára aldur hafa leitað eftir þjónustu fyrir þau á Reykjalundi vegna offitu. Sigurður Guðmundsson landlæknir segir úrræði vanta fyrir börn sem eiga við offituvandamál að stríða.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fimmtán til tuttugu einstaklingar undir tvítugu bíða eftir þjónustu næringarsviðs Reykjalundar, að sögn Lúðvíks Guðmundssonar, læknis deildarinnar. Hann segir úrræði vanta fyrir börn og unglinga sem eiga við offituvandamál að stríða.

Lúðvík segir ungt fólk yfirleitt ekki komið með líkamleg einkenni vegna offitunnar en félagsleg vandamál þessa aldursflokks séu aftur á móti meira áberandi. „Ungt fólk er í meirihluta þeirra sem sækja þjónustu hjá okkur og meðalaldur þeirra sem hafa farið í gegnum meðferð á næringarsviði eru 35 ár.“ Lúðvík segir þetta uggvænlega þróun, ekki síst í ljósi þess að miklar líkur séu á að barn sem orðið er of feitt tólf til fjórtán ára eigi við langvarandi offituvandamál að stríða.

„Meðal eldra fólks eru líkamleg einkenni offitunnar algeng en hættuleg offita er það kallað þegar offitan er farin að hafa áhrif á líkamsstarfsemina.“ Lúðvík segir afleiðingarnar geta verið margvíslegar en segir þær alvarlegustu vera álag á hjarta- og æðakerfi, sykursýki, of háa blóðfitu, kæfisvefn og auknar líkur á kransæðastíflu. „Við þetta bætist svo brengluð hormónastarfsemi hjá konum sem getur valdið ófrjósemi ásamt auknum líkum á vandamálum í kringum meðgöngu og fæðingu.“



SIGURÐUR GUÐMUNDSSON

Lúðvík segir einstakling teljast hættulega feitan þegar líkamsþyngdarstuðull viðkomandi er kominn yfir fjörutíu. „Við þessar aðstæður er einstaklingur kominn sextíu prósent yfir kjörþyngd. Þannig á karlmaður sem er 180 sentímetrar á hæð að vera 82-83 kíló. Þegar viðkomandi er kominn sextíu prósent yfir kjörþyngd er hann orðinn 130 kíló eða meira.“

Lúðvík segir offitu einnig geta valdið stoðkerfisvandamálum, eins og slitgigt, sem ekki teljast hættuleg en hafi mikil áhrif á lífsgæði fólks.

Sigurður Guðmundsson landlæknir tekur undir með Lúðvík um að úrræði vanti til að takast á við offituvandamál barna og segir þörfina orðna mjög brýna. „Fólk er ekki aðeins að leita með börn sín til Reykjalundar vegna offitu heldur einnig til heilsugæslustöðva og þangað er leitað með yngri börn en Lúðvík getur um hér að framan.“



**OFFITA** Miklar líkur eru á að börn sem eiga við offitu að stríða muni kljást við það vandamál á fullorðinsárum.

Sigurður segir tölur staðfesta að íslensk börn séu feitlagnari nú en fyrir tíu árum síðan og að nú teljist eitt af hverjum fimm börnum of þung og eitt af hverjum tuttugu eigi við offituvandamál að stríða.

Sigurður segir ekki mega líta framhjá mikilvægi forvarna þegar kemur að offitu og segir skólamötuneyti og íþróttatíma í skóla ákveðinn lykil að því að sporna við offitu.

Sigurður segir að þrátt fyrir aukinn kostnað heilbrigðiskerfisins vegna offitu sé það staðreynd að offituaðgerðir séu í hópi þeirra aðgerða sem beri bestan árangur og að þeir fjármunir skili sér aftur til þjóðfélagsins í formi bættrar heilsu og starfsorku viðkomandi.

„Offita er samspil erfða og umhverfis og vitneskja um erfðaþáttinn er alltaf að aukast en nú er búið að finna fimm gen sem auka líkur á offitu. Hlutur samfélagsins er einnig stór og talið er að samfélagsþættir eins og offramboð á afþreyingu og óhollum mat eigi sinn þátt í aukinni offitu.“

Sigurður segir ekki hægt að benda á eitt kerfi sem eigi að taka á vandamálum vegna offitu en segir þetta verða að vera sambland forvarna og meðferðar fyrir þá sem þurfa aðstoð vegna ofþyngdar sinnar.

hugrun@frettabladid.is

Beint morgunflug

- allt að 26% verðlækkun frá því í fyrra*



Kanarí
frá 29.795 kr.*

Alltaf vinsæl!



Ótrúlegt verð!
*29.795 kr.
* Hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð 3. eða 10. janúar, á Club Maspalomas II. Netverð á mann.

48.490 kr.
- hálft fæði
Gisting í tvíbýli á Hotel Rondo með hálfu fæði í viku, 3. eða 10 janúar. Netverð á mann.

* Dæmi: Verðmunur milli ára á vikuferð í febrúar m.v. gistingu í tvíbýli á Roque Nublo (að teknu tilliti til gengisbreytinga júní 2005- júní 2006).

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

Þeim sem eru öryrkjar vegna offitu getur reynst erfitt að léttast án aðstoðar:

# Heilsuleysi fylgikvilli offitu

**HEILBRIGÐISMÁL** Einari Má Kristjánssyni hefur ekki tekist að ná af sér þeim fimmtán kílóum sem er forsenda þess að komast inn á næringarsviðið á Reykjalundi. Einar er einn af tæplega fjögur hundruð einstaklingum sem á við lífshættulega offitu að stríða og bíður innlagnar á næringarsvið Reykjalundar. Þess má geta að nýr ráðningarsamningur við heilbrigðisráðuneytið mun fela í sér aukið fjármagn til næringarsviðsins og í kjölfarið má búast við að biðlistar styttist en nú er biðtíminn tíu mánuðir.

Einar vegur nú tæplega 184 kg og hefur beðið innlagnar í tvö ár. „Mér finnst það þurfi að vera annað kerfi þar sem ekki er skilyrði að missa ákveðin kíló til að komast í innlögn, ekki síst í ljósi þess að offita er alltaf að verða meira vandamál hér á landi.“

Einar hefur þurft að glíma við ýmsa heilsukvilla sem eru afleiðing langtíma offitu og má sem dæmi nefna háþrýsting og slitgigt. „Þessir fylgikvillar hafa orðið til þess að ég á mjög erfitt með að hreyfa mig en hreyfing er einmitt lykillinn að því að léttast.“

Einar er öryrki vegna ofþyngdar sinnar og segir sig skorta viljastyrk til að halda sig við hollustu í mataræði til langs tíma. Einar segir sig vanta þá rútínu og aðhald sem innlögn á næringarsvið Reykjalundar myndi veita. - hs




**EINAR MÁR KRISTJÁNSSON** Bíður innlagnar á næringarsvið Reykjalundar.

veidihornid.is

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 • Síðumúli 8 - Sími 568 8410

VEIÐIHORNIÐ

# BESTU BYSSUKAUPIN

## Vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða



Aðeins 14.203 á mánuði.

### Beretta Extrema2

Taska, þrengingar, skeftishallaplötur og fleira fylgir.

**Staðgreitt aðeins 154.755 eða aðeins 14.203 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



Aðeins 13.082 á mánuði.

### Beretta Teknys

Taska, þrengingar, skeftishallaplötur og fleira fylgir.

**Staðgreitt aðeins 142.405 eða aðeins 13.082 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



Aðeins 11.529 á mánuði.

### Beretta Urika Standard

Taska, þrengingar, skeftishallaplötur og fleira fylgir.

**Staðgreitt aðeins 125.305 eða aðeins 11.529 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 10.666 á mánuði.

### Beretta Urika Synthetic

Taska, þrengingar, skeftishallaplötur og fleira fylgir.

**Staðgreitt aðeins 115.805 eða aðeins 10.666 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 8.423 á mánuði.

### Beretta ES 100 Standard White

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 89.900 eða aðeins 8.423 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 7.906 á mánuði.

### Beretta ES 100 Synthetic White

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 84.900 eða aðeins 7.906 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 7.560 á mánuði.

### Beretta ES 100 Synthetic Black

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 81.900 eða aðeins 7.560 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 5.318 á mánuði.

### Stoeger Model 2000 Standard

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 56.900 eða aðeins 5.318 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 5.835 á mánuði.

### Stoeger Model 2000 Camo

Þrengingar og ólarfestingar fylgja

**Staðgreitt aðeins 61.900 eða aðeins 5.835 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



Aðeins 5.145 á mánuði.

### Stoeger Model 2000 Synthetic

Þrengingar og ólarfestingar fylgja

**Staðgreitt aðeins 54.900 eða aðeins 5.145 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 3.420 á mánuði.

### Stoeger P350 Synthetic.

Þrengingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 35.900 eða aðeins 3.420 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



Aðeins 3.765 á mánuði.

### Stoeger P350 Camo

Þrengingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 39.900 eða aðeins 3.765 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**3% lántökugjald og færslugjald er innifalið í vaxtalausum mánaðagreiðslum.**



## Munið vinsælu gjafabréfin okkar

**Veiðihornið er opið alla daga vikunnar.**

**Já, líka á sunnudögum.**

**Meira úrval skotvopna er í Veiðihorninu Síðumúla 8**



# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Lögreglan í Reykjavík þarf að vera sýnileg allar helgar, ekki aðeins á Menningarnótt.

## Að læra af reynslunni

Full ástæða er til að hrósa lögreglunni í Reykjavík, og öðrum sem komu að skipulagi öryggisgæslu á Menningarnótt, fyrir þær góðu framfarir sem voru á stjórn skemmtanahaldsins milli ára. Ólíkt hátíðarhöldunum í fyrra fór Menningarnótt nokkuð bærilega fram að þessu sinni þrátt fyrir gríðarlegan mannsöfnuð í borginni.

Erfitt er hins vegar að skilja af hverju lögreglan og stjórnendur höfuðborgarinnar sýna ekki sama vilja til að læra af reynslunni þegar kemur almennt að næturlífinu um helgar í miðborg Reykjavíkur.

Á Menningarnótt voru um áttatíu lögreglumenn á vakt í miðbænum og höfðu þeir sér til fulltingis fólk í gulgrænum vestum sem voru kirfilega merkt öryggisgæslu. Þetta voru meðal annars björgunarsveitarmenn og starfsfólk Íþrótta- og tómstundaráðs. Til samans skapaði þessi hópur ásamt lögregluþjónunum mjög sýnilega nærveru sem hefur örugglega haft sitt að segja um að sama hömluleysi brast ekki á þegar líða fór á kvöldið og á Menningarnótt í fyrra.

Nákvæmlega sama gildir um eftirlit með skemmtanahaldi og eftirlit með hraðakstri á vegum úti. Forvarnargildi þess að lögreglan sé sýnileg skiptir miklu máli í báðum tilfellum.

Eins og þeir þekkja, sem leggja leið sína um miðbæinn að næturlagi um helgar, er aftur á móti afar fátítt að rekast þar á laganna verði á gangi. Svo virðist reyndar sem þeim hafi fækkað töluvert eftir að eftirlitsmyndavélar voru settar upp á fjölförnustu hornum miðbæjarins.

Ekki skal lögreglunni í Reykjavík ætlað að gera sér ekki grein fyrir mikilvægi þess að vera sýnileg. Hitt er miklu líklegra að hér sé á ferðinni spurning um forgangsröðun og fjármagn. Mannmargt eftirlit um helgar kostar sitt og þegar verkefnin eru næg kjósa lögregluyfirvöld væntanlega að eyða fé sínu í annað en að reyna að hafa hemil á fólki á helgarskralli.

Þó er svo sannarlega full ástæða til að bæta úr ástandinu um helgar í miðbænum. Hér er ekki átt við aukna öryggisgæslu vegna tilhæfulauss ofbeldis sem fólk á ferli í miðbænum getur átt von á af hendi ókunnugra, það er vægast svo mjög uppblásið og orðum aukið, heldur þeim almennu skrílslátum, hávaða og sóðaskap sem fylgir sumum nátthröfnunum.

Meiri sýnileiki lögreglunnar, eða þá sérstakra öryggisvarða sem geta gripið inn í og kallað lögregluna til ef gleðskapurinn á götunum fer úr böndunum, myndi án efa draga hratt úr skrílslátunum.

Siðbót þessa gróskumikla mannlífs í miðborginni er verkefni sem væri gaman að sjá nýjan meirihluta í borgarstjórn spreyta sig á.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ráðherra út af þingi

Þegar Siv Friðleifsdóttir hafði setið á Alþingi í þrjú ár lagði hún fram frumvarp til stjórnskipunarlaga sem kvað á um að ráðherrar ættu að segja af sér þingmennsku. Um leið og þingmaður settist í ríkisstjórn átti hann sumsé að afsala sér þingsætinu til varamanns.



Í samtali við Morgunblaðið í október 1998 sagði Siv tilvalið að leggja frumvarpið fram á þeim tíma enda stæðu breytingar á kjördæmaskipan og kosningalöggjöfinni fyrir dyrum og því vel til fundið að nota tækifærið og greina algerlega á milli löggjafarvalds, framkvæmdavalds og dómsvalds. „Á síðasta kjörtímabili voru alþýðuflokksmenn með tíu þingmenn og þar af voru fimm ráðherrar. Þannig gátu ráðherrarnir gengið yfir þingflokkinn í þeim málum sem þeim sýndist,“ sagði Siv við Morgunblaðið.

### Óeðlileg völd

Og Siv bætti um betur í samtalinu við Moggann. „Það að ráðherrarnir séu inni á þingi sem almennir þingmenn með atkvæðisrétt gefur þeim meiri völd heldur en eðlilegt er þegar maður vill þrískipta valdinu eins og við erum að reyna hér á Íslandi,“ sagði hún. Örlög frumvarpsins voru þau að eftir fyrstu umræðu í þinginu, sem Pétur Blöndal tók einn þátt í ásamt Siv, var því vísað til sérnefndar. Síðan hefur ekki til þess spurst.



### Sömu hlutföll

Nokkrum mánuðum eftir að hafa lagt frumvarpið fram varð Siv Friðleifsdóttir ráðherra en hélt þingsæti sínu enda engin lög sem meinuðu henni það. Og lengi vel var þannig ástatt innan Framsóknarflokksins að flokkurinn hafði tólf þingmenn og af þeim sátu sex í ríkisstjórn. Hlutföllin voru því þau sömu og í tilvitnuðu tilviki Alþýðuflokksins. „Þannig gátu ráðherrarnir gengið yfir þingflokkinn í þeim málum sem þeim sýndist,“ sagði Siv um kratana. Hvernig ætli þessu hafi verið háttað hjá Framsókn?

bjorn@frettabladid.is

## Nýtt skólaár er hafið

Í dag og næstu daga tínast grunnskólanemendur inn í skólana sína með bros á vör og eftirvæntingu í huga. Sumarfríinu er lokið og tími til kominn að bretta upp ermar og takast á við verkefni vetrarins. Flestum finnst þetta reyndar heldur snemmt enda sumarið stutt á Íslandi og mikilvægt að nýta það vel, alveg fram í september. En hvað sem því líður eru flestir, ef ekki allir nemendur kátir að mæta í skólann á nýjan leik, hitta félaga sína og hefja störf. Stundatöflunnar er beðið með eftirvæntingu og langflestir koma í skólann með fögur áform um góða frammistöðu. Vetrarstarfið hefst af krafti í vikunni, skólabækurnar eru skipulagðar, stílabækur og ritföng eru keypt og margir fá nýjar skólatöskur, þ.á m. þeir sem eru að hefja nám í fyrsta bekk. Það er alltaf sérstakur ilmur í lofti í skólabyrjun, lyktin af skólabókunum, skólagöngunum og nýju skólatöskunum. Það eru forréttindi að fá að upplifa þá eftirvæntingu og spennu sem fylgir byrjun nýs skólaárs á hverju hausti löngu eftir að almennri skólagöngu lýkur.

ÍDAG
UPPHAF SKÓLAÁRSINS



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

*Það er því mikilvægt að við séum öll samstíga í því að móta þetta samfélag og hvetja nemendur til góðra verka á öllum skólastigum. Þátttaka foreldra í skólastarfi er oft lykill að góðum árangri nemenda.*

Nú ætlum við öll að standa okkur svo vel; nemendur, kennarar og foreldrar leggja inn í nýtt skólaár með fögur áform um góða frammistöðu. Nú gerum við okkar besta. Það er reyndar lykillinn að árangri; að hver og einn geri sitt besta og miði við eigin frammistöðu og framfarir en ekki einhverra annarra. Flestum tekst að standa við þessi ágætu áform og standa keikir að vori í fullvissu þess að vetrarstarfið hafi gengið vel og þeir hafi lagt sig alla fram. Öðrum gengur ekki jafnvel að halda út heilan vetur, það getur fjarað undan áhuganum og önnur verkefni lenda stundum framar í forgangsröðinni. Það er verkefni fullorðna fólksins, jafnt kennara sem foreldra, að aðstoða nemendur við að standa við gefin heit og halda áfram að gera sitt besta þótt þreyta geri stundum vart við sig. Það hefur ítrekað komið fram í könnunum að nemendur vilja hafa nóg að gera í skólanum og vilja aga og reglufestu. Þeim þykir gott að vinnubrögð séu skipulögð svo þeir viti nákvæmlega hvers er vænst af þeim á hverjum tíma. Flestir nemendur kvarta hinsvegar undan aga frá degi til dags en það er bara í orði en ekki á borði. Sama gildir á heimilunum. Foreldrar kannast við kvartanir barna sinna undan boðum og bönnum. Allir aðrir mega gera þetta og hitt en þeir sjálfir mega aldrei neitt. Hinsvegar er það eðli barna og þó einkum unglinga að láta reyna á mörkin.

Hluti þess að vaxa og þroskast er að læra hvað má og hvað ekki. Til þess að slíkt liggi fyrir þarf að prófa sig áfram, freista þess að ganga lengra en til er ætlast, rétt til að kanna viðbrögðin. Þá er það verkefni þeirra fullorðnu, kennara en ekki síður foreldra, að hafa mörkin skýr hvað sem tautar og raular, láta ekki undan þrýstingi barnanna og leyfa sér að elska þau nógu mikið til að þora að segja nei við ýmiskonar kvabbi.

Skólasamfélagið er mikilvægt og gríðarlega stórt. Skólastarf kemur við flest eða jafnvel öll heimili á landinu því öll börn á Íslandi ganga í grunnskóla í tíu ár, hafa áður verið í leikskóla í u.þ.b. 4 ár og hjá flestum tekur 3-4 ára framhaldsskólanám við að loknum grunnskóla. Það er því mikilvægt að við séum öll samstíga í því að móta þetta samfélag og hvetja nemendur til góðra verka á öllum skólastigum. Þátttaka foreldra í skólastarfi er oft lykill að góðum árangri nemenda. Því skiptir miklu máli að við gefum okkur strax tíma til að setja okkur inn í verkefni barna okkar, skoðum stundatöfluna og skólabækurnar og aðstoðum þau eftir megni, bæði hvað varðar námið sjálft og ekki síður skipulagningu og vinnubrögð. Nemendur þurfa aðstoð við að halda skólatöskunni í lagi, hafa námsgögn á sínum stað og sinna heimanámi að gagni. Sum börn taka svo við ábyrgð á þessum verkefnum snemma en önnur þurfa aðstoð og handleiðslu allt upp í framhaldsskóla. „Mennt er máttur“ segir gamall og góður málsháttur. Því hljótum við að styðja börnin okkar í námi svo þau megi verða máttug og sterk.

Barcelona
24. eða 31. ágúst
frá kr. 19.990
2 fyrir 1 - takmarkaður sætafjöldi

Barcelona er einstök perla sem íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Heimsferðir bjóða þér nú tækifæri til að njóta sumarsins í þessari einstöku borg á frábærum kjörum. Þú kaupir 2 flugsæti 31. ágúst en greiðir aðeins fyrir eitt. Takmarkaður sætafjöldi í boði.

Verð kr. 19.990
Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 31. ágúst. Flugsæti 24. ágúst kr. 10.000 aukalega.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# Verndum náttúruperlur í túnfætinum!

**UMRÆÐAN**
NÁTTÚRUPERLUR



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR,**
FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR OG ÞINGMAÐUR REYKJAVÍKUR

*„Við íbúar höfuðborgarsvæðisins þurfum að vakna til vitundar um náttúruperlur í okkar næsta nágrenni sem munu verða æ verðmætari eftir því sem árin líða.“*

Íbúar landsbyggðarinnar hafa oft haldið því fram að höfuðborgarbúar séu nokkuð einsýnir þegar kemur að umræðu um stóriðju og náttúruvernd. Sjái ofsjónum yfir áhrifum virkjana á landsbyggðinni en gefi lítinn gaum að því sem er að gerast í þeirra eigin túnfæti. Þeir hafa nokkuð til síns máls. Um þessar mundir er m.a. sótt að tveimur dýrmætum, ósnortnum svæðum í næsta nágrenni höfuðborgarinnar vegna hugsanlegra jarðvarmavirkjana þ.e. Brennisteinsfjöllum og Grændal. Fámennur hópur fólks hefur gefið þessum svæðum gaum en mikilvægt er að höfuðborgarbúar viti um þessar náttúruperlur í sínu næsta nágrenni.

**Jarðvarmavirkjanir breyta umhverfinu**

Í upphafi þessa áratugar, þegar fólki stóð sem mestur stuggur af óafturkræfum umhverfisáhrifum vatnsaflsvirkjana, fengu hugmyndir um jarðvarmavirkjanir byr undir báða vængi. Nýting gufuaflsins á Nesjavöllum til raforkuframleiðslu var hagkvæm og breytti lítið sem ekkert umhverfisáhrifum þeirrar virkjunar sem þegar hafði verið reist til framleiðslu á heitu vatni fyrir höfuðborgarbúa. Sömu sögu er að segja um Svartsengi. Báðir staðirnir hafa að auki verið vinsælir ferðamannastaðir eftir að virkjanir voru reistar.

Hellisheiðarvirkjun var líka mætt með velvilja enda hafði heiðinni þegar verið raskað með stórfelldri línulögn og margvíslegum vegaframkvæmdum. Vegfarendum, sem fara um Hellisheiðina, má hins vegar ljóst vera að jarðvarmavirkjanir eru ekki smávirkjanir í felulitum og þar sem þær rísa breytist verulega ásýnd og eðli viðkomandi svæðis. Það er því mikilvægt að takmarka eins og kostur er fjölda og umfang þeirra svæða sem lögð eru undir jarðvarmavirkjanir og allar þær leiðslur, raf- og röralagnir sem þeim fylgja.

**Djúpborun gefur fyrirheit**

Á vegum Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja og Landsvirkjunar er nú unnið að rannsóknarverkefninu Djúpborun á Íslandi sem á næsta áratug gæti gefið okkur vísbendingar um hvort vinna megi þrisvar til fimm sinnum meiri orku úr háhitasvæðum en menn hafa hingað til talið gerlegt. Mörður Árnason og fleiri þingmenn Samfylkingarinnar hafa m.a. flutt þingsályktun um að fela iðnaðarráðherra að semja áætlun um hvernig ljúka megi þessu verkefni á fimm til tíu árum. Benda þeir m.a. á að þessar tækniframfarir geti skapað nýja vídd í orkumálum Íslendinga og fært okkur nær viðunandi málamiðlun milli orkunýtingar- og náttúruverndarsjónarmiða.

**Síðasta ósnortna víðernið á Reykjanesi í hættu?**

En orkufyrirtækin eru framkvæmdadrifin og reyna að svara kalli markaðarins fyrir raforku. Stóriðjan er orkufrek og til að svara aukinni raforkuþörf m.a. vegna hugmynda um álversframkvæmdir í Straumsvík og Helguvík leggja fyrirtækin nú á ráðin um rannsóknir á nýtingu jarðhita á nýjum og viðkvæmum svæðum á Reykjanesi og í Henglinum. Í iðnaðarráðuneytinu liggja nú m.a. fyrir umsóknir um rannsóknaleyfi í Brennisteinsfjöllum og Grændal en bæði þessi svæði eru að mestu ósnortin útivistarsvæði sem munu hafa gríðarlegt gildi í framtíðinni. Bæði Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands hafa lagt áherslu á mikið verndargildi þessara svæða og í umsögn frá Náttúrufræðistofnun um rannsóknarleyfi segir m.a. að Brennisteinsfjöll og svæðið þar í kring séu síðasta ósnortna víðernið á Reykjanesi. Þarna séu einstakar gos- og jarðminjar og þetta sé eina háhitasvæðið frá Reykjanesi að Þingvallavatni sem enn sé að mestu ósnortið. Grændalur og Reykjadalur upp af Hveragerði eru svo fyrir sitt leyti mjög sérstæðir með fjölda hvera, lauga og lækjarsytra.

**Rannsóknaleyfi eru ávísun á nýtingu**

En nú mætti spyrja: því skyldu menn ekki fá leyfi til að rannsaka svæðin – varla skaðar það? Því er til að svara að jarðhitarannsóknir byggja á borunum og þær verða ekki gerðar nema með umtalsverðri röskun á umhverfinu. Þær útheimta vegi, borplön, efnistöku og borpalla. Um þetta segir í umsögn Náttúrufræðistofnunar: „Eftir jarðhitarannsóknir, eins og fyrirhugaðar eru í Brennisteinsfjöllum, verður svæðið ekki lengur ósnortið og forsendur fyrir frekari vernd þess breyttar að sama skapi. Rannsóknaleyfi jafngildi því stefnumörkun um framtíðarnýtingu.“ Fjölnýtt orkuvinnslusvæði eins og á Nesjavöllum, í Svartsengi og á Hellisheiði eru vissulega mikilvæg en það er líka mikilvægt að eiga aðgang að háhitasvæðum sem ekki hefur verið hreyft við.

**Gefum Brennisteinsfjöllum og Grændal grið!**

Okkur hættir stundum til að líta langt yfir skammt. Við íbúar höfuðborgarsvæðisins þurfum að vakna til vitundar um náttúruperlur í okkar næsta nágrenni sem munu verða æ verðmætari eftir því sem árin líða. Við eigum að sýna forsjálni og láta tímann, tæknina og þekkinguna vinna með okkur að því að nýta betur þau svæði sem þegar hafa verið virkjuð en gefa Brennisteinsfjöllum og Grændalnum grið. Við eigum að taka höndum saman og vinna að því að gera þessi svæði að friðlandi svo við og afkomendur okkar fái notið þeirra sem útivistarsvæða og uppsprettu innblásturs um ókomin ár.




FLUG OG GISTING Í 8 NÆTUR FRÁ 68.600 KR.

Hákon Örvarsson, matreiðslumeistari, segir frá Orlando í Florida í nýjum haust- og vetrarbæklingi Icelandair, Mín borg. Við bjóðum úrval pakkaferða, helgarferða til 19 áfangastaða austan hafs og vestan, golfferða og sérferða. Kynnið ykkur málið og takið síðan ákvörðun. Ævintýrin liggja í loftinu.

+ Bókaðu á www.icelandair.is

Vildarpunktar
VISA
Ferðaávísun gildir

WWW.ICELANDAIR.IS

*Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting á Best Western*** í tvíbýli í 8 nætur, morgunverður og þjónustugjald.
Handhafar Vildarkorta VISA og Icelandair geta nýtt 10.000 Vildarpunkta sem 6.000 króna greiðslu upp í flugfargjald með áætlunarflugi Icelandair. Þetta flug gefur 3.000 - 7.600 Vildarpunkta.



FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Framsókn: Sami grautur í sömu skál

UMRÆÐAN
FRAMSÓKNARFLOKKURINN



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

Framsókn hafnaði kynslóðaskiptum við val á forustu á nýafstöðnu flokksþingi. Hún kaus í staðinn pólitíska framlengingu á fyrrverandi formanni eins og Þorsteinn Pálsson orðar það í forustugrein í Fréttablaðinu. Flokksþingið kaus með 54% atkvæða þann formannsmkandidat, sem fráfarandi formaður hafði handvalið. Sif Friðleifsdóttir fékk 44% atkvæða. Hún sýndi mikið hugrekki með því að bjóða sig fram til formennsku og hún bauð þannig birginn foringjaræðinu í Framsókn. En hún var of sein. Hún hikaði þar til vika var eftir fram að flokksþingi. Að hika er sama og að tapa, segir máltækið. Sennilega hefði hún sigrað, ef hún hefði ákveðið sig fyrr, þ.e. áður en Halldór Ásgrímsson var búinn að binda rúman helming þingfulltrúa á Jón Sigurðsson. Þetta var síðasti greiðinn, sem fráfarandi formaður bað flokksmenn að gera sér, þ.e. að kjósa gamlan vin hans sem formann. Og það voru aðeins 44% sem stóðust það að gera fráfarandi formanni þennan greiða.

Jón Sigurðsson er sjálfsagt ágætis maður. En hann verður fulltrúi þess Framsóknarflokks, sem Halldór Ásgrímsson mótaði. Það er flokkurinn, sem innsiglaði langvarandi samstarf við Sjálfstæðisflokkinn og varpaði hugsjón samvinnu og jafnaðar fyrir róða. Sif Friðleifsdóttir gaf til kynna, að hún mundi innleiða gömlu jafnaðargildin á ný, ef hún yrði kosinn formaður. Ég hygg, að hún hefði fært Framsóknarflokkinn aðeins til vinstri, ef hún hefði komist til valda og var ekki vanþörf á. Hún hefði tekið upp róttækari stefnu en Halldór hafði mótað enda þótt hún væri varkár í tali fyrir flokksþingið og gætti þess að styggja ekki Halldór eða fylgismenn hans um of.

Eins og við var að búast hylltu Framsóknarmenn sinn gamla formann á flokksþinginu. Í kveðjuræðu fráfarandi formanns vöktu mesta athygli ummæli hans um, að Bandaríkjunum væri ekki lengur treystandi í varnarmálunum. Bragð er að þá barnið finnur. Um leið og Halldór hættir virðist hann orðinn sammmála Samfylkingunni um, að Ísland eigi nú að halla sér að Evrópu í varnarmálum. Bandaríkin hafi brugðist. Hins vegar minntist Halldór ekkert á Íraksstríðið í kveðjuræðu sinni. Ákvörðun hans og Davíðs Oddssonar um að styðja innrásina í Írak er ljótasti bletturinn á stjórnmálaferli þeirra tvímenninganna. Powell, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, baðst afsökunar á því að hafa lagt falsaðar upplýsingar um hryðjuverkavopn í Írak fyrir Öryggisráð Sþ. Powell er maður að meiri eftir þá afsökunarbeiðni. Halldór hefur hins vegar ekki beðið íslenska þjóðina afsökunar á stuðningi við innrásina í Írak. Hann segir aðeins, að sennilega hefði ákvörðun hans orðið önnur, ef réttar upplýsingar um hryðjuverkavopn í Írak hefðu legið fyrir. ( Viðtal í Mbl.)

Það er ekki nóg. Þessir menn skulda íslensku þjóðinni afsökunarbeiðni.

Það voru miklar vonir bundnar við Halldór Ásgrímsson sem ungan stjórnmálamann áður en hann gekk í björg hjá íhaldinu. En íhaldsvistin breytti honum. Morgunblaðið segir að mesta afrek hans hafi verið að halda Framsókn svo lengi við völd sem raun ber vitni. Það er enginn vandi að halda flokki við völd í samsteypustjórn, ef hann slakar alltaf á stefnu sinni og samþykkir stefnu samstarfsflokksins. Það voru mikil mistök hjá Halldóri að framlengja samstarf við íhaldið eftir síðustu kosningar. Þar réði ferð hégómi um að fá stól forsætisráðherra um stutt skeið.

Halldórs verður lengst minnst fyrir þátt hans í lögleiðingu kvótakerfisins svo og fyrir að beita sér fyrir Kárahnjúkavirkjun. Steingrímur Hermannsson skýrir frá því í ævisögu sinni, að LÍU og Fiskiþing hafi beitt sér fyrir einhvers konar kvótakerfi og Halldór, sem sjávarútvegsráðherra, hafi lagt tillögur þar um fyrir alþingi. Það má því segja, að Halldór sé nokkurs konar faðir kvótakerfisins. En sjálfur kveðst Steingrímur hafa verið á móti þessu kerfi. Að sjálfsögðu hafa margir stjórnmálamenn lagt blessun sína yfir kvótakerfið en mesta ábyrgð bera Framsókn og íhaldið í því efni. Þetta kerfi er eitthvað það ranglátasta, sem innleitt hefur verið hér á landi. Tiltölulega fáum útvöldum voru fengin yfirráð og nýting fiskauðlindarinnar án endurgjalds, en lögum samkvæmt er fiskurinn í sjónum sameign allar þjóðarinnar. Þessir aðilar hafa síðan stöðugt braskað með auðlindina. Nýting hennar hefur gengið kaupum og sölum og þessir aðilar hafa grætt stórfé á braskinu, sumir hafa hagnast um marga milljarða. Gífurlegir fjármunir hafa flust til í þjóðfélaginu við þessi viðskipti og hinir fáu útvöldu hafa hagnast gífurlega. Þetta er mjög ranglátt kerfi, sem verður að afnema eða leiðrétta. Það er enginn heiður fyrir Halldór að vera guðfaðir þessa kerfis.

Kárahnjúkavirkjun og álverksmiðjan á Reyðarfirði munu verða lyftistöng fyrir atvinnulíf Austurlands. Margir Austfirðingar munu því þakklátir Halldóri fyrir forgöngu hans í því máli. En ágreiningur er mikill meðal þjóðarinnar um þessar framkvæmdir allar. Margir telja, að spjöll á náttúrunni séu of mikil og að atvinnuuppbyggingin eystra sé of dýru verði keypt. Athyglisvert er, að þau mál sem helst halda nafni Halldórs Ásgrímssonar á lofti, kvótakerfið og Kárahnjúkavirkjun (og Íraksstríðið) hafa ekkert með samvinnustefnu eða jöfnuð að gera enda hefur Framsókn undir forustu Halldórs snúið baki við stefnu samvinnu og jafnaðar. Þorvaldur Gylfason prófessor segir, að kvótakerfið eigi stærsta þáttinn í aukinni misskiptingu og auknum ójöfnuði hjá þjóðinni. Í stjórnartíð Framsóknar og Sjálfstæðisflokks síðustu 11 árin hefur auðgildið verið tekið fram yfir manngildið og græðgisstefna hefur verið innleidd í samfélagið. Því miður er ekki að vænta neinnar stefnubreytingar hjá Framsókn með nýjum formanni. Þetta er sami grautur í sömu skál.

## SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.




# Opið bréf til Jóns Gunnarssonar formanns Sjávarnytja

UMRÆÐA
HVALVEIÐAR



GARÐAR H. BJÖRGVINSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI FRAMTÍÐAR ÍSLANDS OG VAKTMAÐUR LANDGRUNNSINS

*Kæri Jón.*

Ég vil ekki bendla þig við Framsóknarflokkinn, en þú talar í grein þinni „Hvalveiðar ef skynsemin ræður 18. ágúst“ svo keimlíkt eins og óábyrgur Framsóknarmaður.

Sestu nú hér með á skólabekk með lífverði landgrunnsins við Ísland. Ísland má ekki hefja hvalveiðar nema að undangengnu þessu eftirfarandi:

Stöðvun á notkun fjörutrolls (dragnótar). Dæmi. Af hverju er sandsílisstofninn að þrotum kominn?

Af hverju er sjófugl ýmist að deyja út eða flúinn á land? Af hverju er kríuvarp að hverfa?

Af hverju sagði Guðmundur heitinn Kjærnested þetta í grein sinni í DV 2003. „Ég hefði hvorki stofnað skipi mínu eða skipshöfn í hættu hefði ég vitað það fyrirfram að ég var að skapa íslenskum sjórænngjum svigrúm til þess að arðræna fiskimiðin.“

Stöðva þarf notkun flottrolla á uppsjávarfisk (síld, loðnu og kolmunna). Stöðva þarf þungatrollveiðar. Stöðva þarf veiðar með þorsknetum með 8 tommu möskva. Setja þarf í lög að þorskanet séu dregin á innan við 12 tíma fresti.

Efla þarf veiðar með handfærum og línu og gefa slíkar veiðar frjálsar að mörkunum 10 tonn á stærðartonn viðkomandi báts. Afleggja þarf með lögum sölu og leigu aflaheimilda (Þjóðareignarinnar).

Taka þarf á þessu séríslenska lögbrotamáli og gera viðkomandi ábyrga. Svo skulum við bíða Nonni minn tíu ár í viðbót eftir því að lífríkið hafi náð sér, eftir 20 ára græðgistímabil, tíu manna undir verndarvæng foringjans sem kvaddi á dögunum, fullsaddur af því að skara eld að eigin köku með hjálp Xb - liðsins.

# Bankastjórahlaupið

UMRÆÐAN
REYKJAVÍKURMARAÞONIÐ



JÓHANN BJÖRNSSON
KENNARI

Reykjavíkurmaraþon Glitnis var skemmtilegt og gekk mjög vel fyrir sig. Fyrir okkur sem höfum fylgst með þessu hlaupi lengi er athyglisvert að sjá þá breytingu sem át hefur sér stað á umgjörð hlaupsins sem felst fyrst og fremst í markaðsvæðingu þess. Í stað þess að aðstandendur hlaupsins hafi fengið styrktaraðila til þess að leggja framtakinu lið af nokkurri hógværð er engu líkara en einn aðili þ.e.a.s. Glitnir hafi beinlínis keypt hlaupið og gert það alfarið að sínu og sinna starfsmanna. Vissulega er það jákvætt þegar fyrirtæki sýna góðum hlutum áhuga en mér finnst Glitnir ganga fulllangt í að láta hlaupið ganga út á sjálfan sig í stað þess að almenningur sem hleypur og ég tala nú ekki um afreksfólk í hlaupum fái athyglina. Þannig er athyglisvert að sjá að bankastjórinn sjálfur er sá íþróttamaður sem hefur fengið hvað mesta umfjöllun í kringum þetta hlaup þrátt fyrir allan þann fjölda afreksfólks sem tekur þátt. Og maður spyr sig hversvegna falla aðrir t.d. afreksfólkið í skugga bankastjórans? Sem dæmi má taka að Fréttablaðið sá ástæðu til að taka stutt viðtal við bankastjórann á bls. 4 daginn eftir hlaupið en ekki þótti ástæða til að ræða við einn af verðlaunahöfum hlaupsins. Maður spyr sig bara hvernig væru íþróttafréttirnar ef forstjórar landsins og bankastjórar tækju upp á því að fara að keppa í hinum ýmsu íþróttagreinum? Þá væri líklega fjallað um afrek Björgólfsfeðga í fótbolta, og kannski fyllti Jón Ásgeir fréttatímana af eigin júdóafrekum og Hannes væri á forsíðunum fyrir frækileg sundafrek og svona mætti lengi áfram telja.



## ALLIR ERU SIGURVEGARAR

Þúsundir sprækra krakka spretta úr spori í Latabæjarhlaupi um helgina.

HEILSA 4



## HANDBOLTI Á STRÖNDINNI

Strandhandknattleikur á auknum vinsældum að fagna.

HEILSA 2



## ALLT HITT

**HEILSA**

**Líkamsrækt.** Í lok sumars bjóða líkamsræktarstöðvar upp á sérstök tilboð. Af nægu er að taka og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í flórunni.



**Vítamín.** Maraþon fjölvítamín og steinefni fyrir íþrótta- og athafnafólk er auðugt af andoxunarefnum, svo sem beta-karótíni, E- og C-vítamín. Þau ásamt B-vítamínum og stenefnum verja vefi og frumur líkamans gegn skemmdum vegna skaðlegra efna í umhverfinu.



**Esjan.** Það er frábært að njóta tilkomumikils sólarlagsins ofan af toppi Esjunnar. Það er þægilegt og skemmtilegt að labba upp Esjuna og er aðgengi að henni orðið mjög gott.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 22. ágúst, 234. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.39 | 13.31 | 21.20 |
| Akureyri | 5.15 | 13.15 | 21.13 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Guðrún komst í 32 manna úrslit á heimsmeistaramótinu í skylmingum í Leipzig á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Ber brandinn hátt

***Guðrún Jóhannsdóttir hefur á undanförnum árum náð góðum árangri í skylmingum bæði hér heima sem og erlendis.***

„Við vinkonurnar rákum augun í auglýsingu frá Skylmingafélagi Reykjavíkur fyrir mörgum árum sem vakti áhuga okkar og varð til þess að við fórum að æfa,“ segir Guðrún um tilurð þess að hún fór að skylmast. Tveimur árum seinna tók hún sér hlé frá skylmingum en segir áhugann þó hafa blundað áfram í sér.

„Svo lét ég verða af því að fara að æfa aftur fyrir um það bil átta árum,“ segir Guðrún, sem skipti þá svokölluðu stingsverði út fyrir höggsverð. „Munurinn á þessu tvennu er sá að með stingsverði er reynt að stinga í líkama mótherjans, en ákveðinn þrýstingur þarf að vera á snertingunni svo að stigið sé skráð,“ segir hún. „Með höggsverði þarf maður að vera sneggri í snúningum en það nægir að snerta líkama andstæðingsins ofan mittis.“

Að þessum átta árum liðnum hefur Guðrún náð góðum árangri í skylmingum, meðal annars unnið nokkur Norðurlandamót og gengið vel á mótum í Kanada, þar sem hún býr nú, og á heimsbikarmótum, en hún komst meðal annars í 32 manna úrslit á heimsmeistaramótinu í Leipzig í fyrra.

Guðrún segir lykilinn að velgengninni liggja í stífum æfingum, en hún æfir skylmingar 3-4 sinnum í viku á sumrin og 5-8 í viku á veturna. „Maður skýst ekki upp á stjörnuhimininn á einni nóttu, heldur verður maður að leggja rækt við marga þætti ætli maður sér að ná langt. Öðruvísi gengur þetta ekki.“

*roald@frettabladid.is*

## World Class í Danmörku

KORTHAFAR GETA ÆFT Í HEILSURÆKTARSTÖÐVUM Í EIGU WORLD CLASS.

Í kjölfar þess að World Class hefur, ásamt fjárfestum, keypt keðju heilsuræktarstöðva í Danmörku geta World Class korthafar æft þarlendis í allt að hálfan mánuð í senn. Stöðvarnar heita Equinox og eru 13 talsins. Samkvæmt heimasíðu World Class eru Equinox heilsuræktarstöðvarnar í hæsta gæðaflokki. Þær eru staðsettar víðs vegar um Danmörku, flestar á Jótlandi en stærsta stöðin er staðsett í Kaupmannahöfn.



World Class æfingakort gilda nú í Equinox heilsuræktarstöðvunum í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**Eftir annasaman vinnudag** er fátt betra en að láta sig síga niður í heitt og notalegt baðkarið, með nóg af sápukúlum og kertaljósi.



**Calcium EAP**
**Kalk sem nýtist**
**Póstsendum um land allt**
Heilsuhornið
**S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn**
**Útsölustaðir m.a**: Yggdrasill, Fjarðarkaup, Maður lifandi í Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind í Hagkaupum, Lyfjaval í Mjódd og Hæðarsmára og Lyfja á Selfossi.

Rope Yoga Rope Yoga Rope Yoga Rope Yoga
**ROPE YOGA**
Fagralund við Furugrund í Kópavogi
Námskeið hefjast 4. sept.
Skráning í síma 891-7190
Kennari:
Sigríður Guðjohnsen
**www.sigga.is**



**Hópmeðferð - Innsæismeðferð**
Í september hefst hópmeðferð fyrir fullorðna einstaklinga sem vilja efla ***samskipti, starfsgetu, sköpunargleði, bæta andlega og líkamlega líðan.*** Í hverjum hópi verða 8-10 manns sem mætir 3 sinnum í viku. Meðferðin byggir á “psychoanalytiskum” grunni, þ.e. kenningum sálgreiningar sem hafa verið þróaðar með tilliti til hópa.

Að meðferðinni stendur þverfaglegt teymi. Í teyminu eru Anna K. Kristjánsdóttir, sjúkraþjálfari, Halldóra Halldórsdóttir, listmeðferðarfræðingur, Hanna Unnsteinsdóttir, félagsráðgjafi og Ragnheiður Indriðadóttir, sálfræðingur. Ráðgefandi geðlæknir starfar við teymið.

Umsóknir óskast sendar á “Hópmeðferð/Kjörgarði, Laugavegi 59, 101 Reykjavík”, eða á netföng: halldorah@heima.is, ragnhind@simnet.is

Meira þrek!
Life Fitness – vænstu þess besta



R3.5 Recumbent þrekhjól
R1.5 og R3.5; stöðug, sterk og hljóðlát
ARGUS 06-0350
Life Fitness
þrekhjól, hlaupabrautir, þrekþjálfar og æfingastöðvar
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Hagstæð greiðslukjör | Opið 10-18 mán.-fös. | www.hreysti.is

# Handbolti á ströndinni

***Á sumrin er upplagt að nýta góða veðrið til útiíþrótta. Handbolti hefur lítið verið spilaður úti við en með tilkomu strandhandbolta fá handknattleikskappar að spreyta sig á ströndinni.***



Átökin eru mikil í strandhandbolta. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Áhugi á strandhandbolta er það mikill á Íslandi að ákveðið var að halda Íslandsmót í greininni í lok júlí en þetta er þriðja árið í röð sem mótið er haldið. Davíð Sigurðarson stóð fyrir mótinu ásamt handboltakempunni Haraldi Þorvarðarsyni.

„Okkur datt þetta fyrst í hug sumarið 2004 en Haraldur hafði kynnst þessu sporti úti. Í Evrópu er algengt að handboltamenn haldi sér í formi yfir sumarið með því að spila strandhandbolta,“ útskýrir Davíð. Þótt þetta sé bara í þriðja skiptið sem mótið er haldið þá hefur það sannarlega náð að festa sig í sessi. „Strax í janúar voru menn farnir að spyrja okkur hvenær mótið yrði haldið í sumar og keppendur hafa aldrei verið fleiri,“ segir Davíð. En út á hvað gengur þessi leikur?

„Þetta er í rauninni ekki svo ólíkt venjulegum handbolta enda byggir þetta á honum að mestu leyti,“ segir Davíð. „Helsti munurinn er sá að maður getur ekki driplað svo liðið er í raun að spila meira. Þú mátt taka þrjú skref með boltann og það er erfitt að hlaupa í sandinum svo hver og einn heldur boltanum ekki lengi. Þetta er því íþrótt sem tekur mikið á og er hröð og skemmtileg,“ segir Davíð og bætir því við að reglurnar hafi ekki vafist fyrir þátttakendum Íslandsmótsins þótt margir hafi verið að leika leikinn í fyrsta skipti. „Mikilvægast er að liðsandinn sé góður og liðið spili vel saman því völlurinn er lítill og leikurinn hraður. Svo er svolítið skemmtilegt að þú færð annaðhvort eitt eða tvö stig fyrir markið þannig að mat dómarans skiptir máli. Ef þú skorar virkilega flott mark færðu tvö stig og eins ef markmaðurinn nær að skora.“

Davíð segir stemninguna á slíkum mótum mjög góða. „Flestir keppendanna eru handboltamenn eða fyrrverandi handboltamenn og hér kepptu stelpur og strákar saman. Veðrið var líka alveg frábært og fóru keppendur sólbrunnir heim eftir mótið.“

Davíð segir að Íslandsmótið í strandhandbolta sé komið til að vera og draumurinn sé sá að geta haldið enn þá stærra og flottara mót. „Við erum að leita að styrktaraðilum til þess að koma íslensku landsliði út í mót sumarið 2007,“ segir Davíð og bendir á að í Evrópu séu haldin stór mót í íþróttinni.

*thorgunnur@frettabladid.is*



**Persona.is**

**BJÖRN HARÐARSON SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR**

## Áhættutímabilin í sambúðinni

*Hæ, ég á tvö löng, misheppnuð sambönd að baki og er nú á leið í þriðju sambúðina mína. Mig langaði að vita hvort það væri ákveðinn tími sem er meiri hætta á erfiðleikum og að fólk hætti saman?*

Það er ekki alveg hægt að fullyrða hvenær nákvæmlega og við hvaða aðstæður vandamál geta komið upp í samböndum en það er hins vegar hægt að reyna að þekkja áhættuaðstæður betur. Fyrsta ár sambands, þar sem fólk fer að búa saman og deila ábyrgð saman, er sennilega fyrsta tímabilið því ekki er hægt að gefa sér að það sé bara rómantík og hamingja. Á þessum tíma er fólk ennþá að læra inn á hvort annað og tekur með sér inn í sambandið venjur og hugmyndir og alla skapaða hluti og ólíklegt að fólk sé þar alveg sammála um hvernig eigi að gera hina ýmsu hluti á heimilinu og þar verður að eiga sér stað málamiðlun og þróa jafnt og þétt sameiginlegar venjur. Við erum, á þessum tímamótum, með mismunandi væntingar til sambandsins og hinar ýmsu þarfir varðandi, tíma saman, tíma með öðrum, kynlíf, tilfinningalega nánd o.s.frv og þar er mikilvægt að við reynum að koma til móts við hvort annað og eðlilega verða ákveðnir árekstrar á þeim mótunartíma. Á þessum tímum getur reynt töluvert á sambandið og getur verið erfitt að gera greinarmun á því hvað séu eðlilegir árekstrar sem hægt er að leysa og hvað sé merki um að fólk eigi alls ekki að búa saman. Næsta tímabil sem hægt er að segja að í geti komið upp erfiðleikar, er eftir að börnin fæðast og eru ung. Foreldrar ungra barna eru, í mörgum rannsóknum, taldir vera í mestri hættu með að skilja. Hluta þess má rekja til þeirra staðreynda sem foreldrar ungra barna standa frammi fyrir. Það fer mikill tími og ábyrgð í uppeldið sem óneitanlega veldur streitu, minnkar tímann sem fólk hefur fyrir hvort annað, og uppeldið veldur jafnvel deilum um uppeldisaðferðir og skiptingu ábyrgðar. Hluti ástæðunnar fyrir að þessi ár geta verið erfið er fjárhagsleg þar sem fjárhagserfiðleikar valda oft mikilli streitu hjá fólki. Þetta er sá tími sem fólk er að koma sér upp húsnæði og glímir oft við mestu skuldirnar sínar.

Þegar við nefnum það að eignast barn geti valdið erfiðleikum og breytingum á fjárhag er mikilvægt að benda á að breytingar, sama hvernig þær eru, valda yfirleitt streitu og geta þar af leiðandi haft áhrif á sambönd. Þegar talað er um breytingar er átt við bæði neikvæða og jákvæða hluti og þó að það virki sérstakt þá valda jákvæðir hlutir eins og fæðing barns, gifting, stöðuhækkun og bætt fjárhagsstaða streitu og auka oft hættu á erfiðleikum í samböndum.

Þegar erfiðar streituaðstæður eins og breytingar á vinnu, búsetu, veikindi og annað er í umhverfi okkar veldur það streitu og pirring sem bitnar síðan einna helst á þeim sem eru okkur næst. Við þessar og aðrar aðstæður, sem við vitum að geta valdið streitu og togstreitu, getur verið gott að vera viðbúin þannig að við getum stöðvað rifrildi og gert okkur grein fyrir að það séu aðstæðurnar sem eru að valda erfiðleikunum. Þá náum við vonandi að átta okkur á að rifrildið bendir ekki til að við eigum í svona miklum erfiðleikum með að tala saman og ná sáttum heldur eru það þessir utanaðkomandi þættir sem valda togstreitu. Þá getum við búið okkur undir aðstæðurnar áður en þær eiga sér stað og lært að stoppa okkur af þegar rifrildin byrja.

Þrátt fyrir að ég sé að telja þessa ýmsu þætti upp sem áhættuþætti fyrir erfiðleika í sambúð, þá er staðreyndin sú að fólk er mismunandi og þar af leiðandi mismunandi hvað hefur áhrif á hvern. Mikilvægast er að vera á varðbergi og reyna að læra inn á þær aðstæður sem við teljum að geti valdið erfiðleikum, lært þar jafnvel af reynslu okkar af erfiðleikum sem hafa þegar komið upp og þróað með okkur lausnarmiðaðar aðferðir til að bregðast við þeim.

*Gangi ykkur vel*

Tai chi – Kung Fu
Hugræn teygjuleikfimi - Heilsumeðferð
Einkatímar - Hóptímar



Tilboð í heilsute og greiningu í svæðisnuddi.



Hugarafl stendur fyrir ráðstefnu um geðheilbrigðismál síðar í vikunni. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Bylting í bata

***Ráðstefna um valdeflingu og bata.***

Dagana 24. og 25. ágúst nk. stendur Hugarafl fyrir ráðstefnu á Hótel Sögu um geðheilbrigðismál undir heitinu Bylting í bata. Verður þar fjallað um valdeflingu og bata þeirra sem eiga við geðræn vandamál að stríða.

Aðalfyrirlesari er Judi Chamberlin, sem er þekkt og virt í málefnum notenda geðheilbrigðiskerfisins. Hún hefur barist fyrir réttindum þessa hóps í áratugi. Hún er ráðgjafi við endurhæfingarmiðstöð geðsjúkra við Háskólann í Boston, auk þess sem hún vinnur hjá National Empowerment Center. Hún er eftirsóttur fyrirlesari víða um heim.

Ráðstefnan er opin öllum, en fagfólk er sérstaklega hvatt til að skrá sig, svo og notendur og aðstandendur. Ráðstefnugjald er 9.500 kr. fyrir báða dagana með veitingum. Fyrir öryrkja og aðstandendur er gjaldið 3.000 kr. og fyrir nema á geðsviði 5.000 kr. Nánar á vefsíðunni hugarafl.is

*(Frétt af landlaeknir.is)*



Almenn ánægja ríkir með nýtt tilvísanakerfi hjartalækna. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Ein kvörtun til landlæknis

***Aðeins ein kvörtun hefur borist landlækni vegna tilvísanakerfis hjartalækna.***

Ein kvörtun hefur borist frá sjúklingi til landlæknisembættisins vegna nýlegs tilvísanakerfis til hjartalækna, samkvæmt frétt á doktor.is.

Heimilislæknir segir engan hafa komið til sín og óskað eftir að fara til hjartalæknis sem ekki hafi haft þörf fyrir það, og segir að yfir 90 prósent tilvísana sem hann gefi út séu vegna fólks sem sé í meðferð hjá hjartalækni.

Enginn samningur er í gildi um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þjónustu hjartalækna, en í nýlegri reglugerð er sjúklingum gefinn kostur á endurgreiðslu vegna kostnaðar fyrir þjónustu hjartalækna ef heimilislæknir þeirra vísar þeim til hjartalæknis.

# Megrun foreldra hefur slæm áhrif

***Börn læra af megrunarhegðun foreldranna og apa upp eftir þeim.***

Rannsóknir á megrunarvenjum foreldra sýnir að þær hafa greinileg áhrif á börn. Á meðan offita í þjóðfélaginu eykst statt og stöðugt hefur athygli fólks einskorðast við þann vanda.

Sérfræðingar benda foreldrum á að vanda val á mat og sjá til þess að börnin fái næga hreyfingu en fáir hafa fylgst með hvaða áhrif það hefur þegar foreldrar telja hverja kaloríu ofan í sig. Ýmsar rannsóknir sýna þó að börn læra megrunarhegðun með því að fylgjast með hegðun annarra og vara sérfræðingar við að það geti leitt til slæmrar líkamsmyndar.

Líkt og þegar börn prófa föt foreldra sinna fara þau einnig að prófa matarvenjurnar. Þetta leiðir til þess að börnin fara að meta sjálf sig eftir vigtinni. Rannsókn sem framkvæmd var við læknadeild Harvard nú í ár sýnir að tíðar megrunarvenjur mæðra eru nátengdar megrunarvenjum táningsdætra þeirra. Rannsóknin sýndi einnig að dætur mæðra sem höfðu áhyggjur af þyngd sinni voru líklegri til að mynda með sér slæma líkamsmynd. Önnur rannsókn á þessu sama efni sýndi að fimm ára dætur mæðra sem megruðu sig voru tvöfalt líklegri en aðrar stúlkur til að hafa vitneskju um megrun og leiðir til þyngdartaps.

Jafnvel litlar vísbendingar eins og niðrandi setningar eða orð um eigin líkamsvöxt eða mikil ánægja yfir þyngdartapi kennir barninu að ákveðin líkamsmynd sé æskilegri en önnur. Það er því afar mikilvægt að foreldrar viti að börn byrja mjög snemma að fylgjast með og heyra það sem sagt er í kringum þau. Það getur því verið erfitt að kenna börnum réttar venjur án þess að leggja ofuráherslu á þyngd en besta leiðin til þess er líklega að kenna börnunum með því að gefa gott fordæmi og kunna sjálfum sér hóf.

*(Frétt af persona.is)*



Börn foreldra sem eru uppteknir af þyngd og megrun eru líklegri til að hafa áhyggjur af eigin líkamsþyngd.


Allir þurfa að sofa vel, þú líka .............

STILLANLEG RÚM




Veldu þér eitt með öllu

WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú alltaf við hlið náttborðsins. Mest seldi ameríski botninn í heiminum.

SWISSFLEX
50 ára reynsla



Loftrúm án rafmagns

Eitt virtasta framleiðslufyrirtæki Evrópu. Stillanlegu loftrúmin hjá SWISSFLEX eru í sérflokki.

BIFLEX



Einn góður á frábæru verði.

Mest selda stillanlega rúmið. Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 2000. Ef þig vantar gott og sterkt stillanlegt rúm þá er BIFLEX lausnin.




IQ-CARE heilsudýnan er ein besta heilsudýna í heimi

Sérstök efnisuppbygging IQ-CARE heilsudýnunnar gefur henni eiginleika sem eru engu líkir.

- Þrýstijöfnun er lykilorðið. IQ-CARE aðlagast fullkomlega að líkamanum og tryggir gott blóðflæði sem gerir það að verkum að þú byltir þér minna og nærð dýpri og betri svefni.
- IQ-CARE er svæðisskipt og gefur því réttan stuðning fyrir mjóbak og axlir.
- IQ-CARE er með opnari efniseiginleika en flestar vörur úr skyldum efnum sem gerir það að verkum að hún andar mun betur.
- IQ-CARE aðlagast hraðar að líkamanum en flest rúm úr skyldum efnum.
- IQ-CARE er ein sterkasta efnablanda sem hefur verið þróuð og endist því lengur en flestar vörur úr skyldum efnum.
- IQ-CARE þrýstijöfnunarefnið er mikið notað og viðurkennt af sjúkrahúsum og heilsustofnunum.

Úrval af þýskum hágæðasængum frá BETTY *www.betty.de*



- NASA Outlast með 100% hvítum Siberíu gæsadúni *www.outlast.com*
- Thalascá dúnsængur og koddar fyrir asmasjúklinga.
- Thinsulate sængur. *www.thinsulate.com*
- Thinsulate sængur með Comfortemp efni.
- Camel sængur Betty Hyspring tækni
- Silkisængur
- Cashmere sængur Betty Hyspring tækni
- Sensofill heilsukoddar

Veldu það besta




Við aðstoðum þig við að velja það sem þér hentar

WILLIS & GAMBIER
HÁGÆÐA HÚSGÖGN
www.wguk.com










Svefn & heilsa ★★★★★

www.svefn.is

Verið velkomin

★ GÆÐI ★ GÓÐ VERÐ ★ ÞJÓNUSTA ★ ÚRVAL ★ ÞEKKING

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 • Opið á laugardögum frá 11-16:00 frá og með 12. ágúst

alltmatur
Alla föstudaga

Heilsuvöru-
markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

natracare®
umhverfisvænar
kvenþurrkur úr 100%
lífrænni bómull
- Mjúkar og sterkar
- Með lífrænum, mikilvæg-um olíum
- Engin tilbúin rotvarnarefni
- Innihalda ekki klór
- Engin sterk efni
- Má skola niður í salerni
natracare®
- náttúrulegur kostur fyrir allar hugsandi konur!



Hollusta
í hverjum bita!




SÖLUSTAÐIR:
Bónus • Hagkaup • World Class • Hreyfing • Hress

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Allir eru sigurvegarar

*Fjögur þúsund fjögur hundruð og sextán sprækir krakkar spretta úr spori í Latabæjarhlaupi Glitnis og sigruðu allir.*

Latabæjarhlaup var nýjung í maraþoninu í ár sem haldið var á Menningarnótt. Haldið var úr Lækjargötunni eftir Fríkirkjuvegi og hringinn kringum litlu tjörnina í Hljómskálagarðinum, samtals 1,5 kílómetrar. Þátttakendur voru á öllum aldri enda engin aldurstakmörk sett. Yngstu hlaupararnir voru þriggja ára sem foreldrarnir reyndu að halda í við og algengt var að sjá fólk með börn í kerrum. „Við erum virkilega ánægð með þátttökuna í Latabæjarhlaupinu sem og maraþoninu í heild. Það er gaman þegar fjölskyldurnar gera svona hluti saman. Svo var veðrið auðvitað einstaklega hagstætt,“ segir Pétur Þ. Óskarsson, forstöðumaður kynningarmála hjá Glitni. Íþróttaálfurinn og vinir hans hituðu upp fyrir hlaupið og allir keppendur í Latabæjarmaraþoninu fengu bol og medalíu að hlaupinu loknu.


Það er ekki ónýtt að eiga medalíu. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN


Stundum verður maður að hækka sig aðeins upp til að sjá.

**Hér eru tölur um þátttöku í maraþoninu nú og í fyrra**

| | |
|---|---|
| Heilt maraþon | 479 (326 árið 2005) |
| Hálft maraþon | 963 (658 árið 2005) |
| 10 km hlaup | 2.363 (1.348 árið 2005) |
| 3 km skemmtiskokk | 1.981 (1.821 árið 2005) |
| Latabæjarhlaup (1,5 km) | 4.416 (ný vegalengd) |

Samtals 10.192 skráðir þátttakendur (4.150 árið 2005)


Þegar hlaupinu var lokið var gaman að leika sér í Hljómskálagarðinum.


Solla stirða er ekki alltaf stirð.



## Stífluþjónusta




Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

Vefsíðuhönnun, Vefumsjónarkerfi, Veftilboð, Heimasíðuráðgjöf www.allraatta.is

Vefhýsing, Heimasíðugerð, Heimasíðuráðgjöf, Vefsíðulausnir www.allraatta.is

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkharður S. 615 2000, 8-23 alla daga.

**Tölvuviðgerðir**
Kem samdægurs. 8-20 alla daga. Uppl. í s. 697 8725.

## Spádómar







**Spámiðill**

**Spái í 4 tegundir spila og kristal. Uppl. í s. 557 4391 & brekkukot.net Þóra frá Brekkukoti. Áratuga reynsla.**

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Dulspekisíminn 908 6414. Símaspáindraumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

**Bella.is 904 2080**
Spádómar, draumráðningar, tarrotlestur, andleg leiðsögn. Bið fyrir þeim sem þurfa. Hef langa reynslu af spádómum. Er við frá kl. 14:00 - 23:00 alla virka daga. Bella.is

**Englaljós til þín 908 5050**
Eru málin í ólagi. Vantar þig hjálp. Viltu prófa eitthvað nýtt. Er með ný spil. trúnaður. Opið til frá 19 - 2 á næturnar og 3 eftir miðnætti um helgar. Lára.

Símaspá. Opið 16-01. Fast verð. S. 661 3839.

## Skemmtanir

Upplifun. adrenalin.is.

## Rafvirkjun




## Trésmíði

S.b.d.flychase getur bætt við sig verkefnum í trésmíðum. S.b.d. flychase s. 895 9801, fax 482 4854.

Húsasmiður tekur að sér parketlagnir. Fljót og fagleg þjónusta. Uppl. í s. 844 8675.

## Viðgerðir

Rörverk ehf. Nýlagnir og viðgerðir. Löggiltur meistari. Sími 894 0938.

## Önnur þjónusta

**Pípulagnir**
Tek að mér viðhald á pípulögnum, hreinlætistækjum, baðherbergjum og ofnalögnum. S. 663 2572.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019/ 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan. Herbalife. www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183

Hafnarfjörður í kvöld. Skráning í Heilsuklúbbinn á www.kolbrunrakel.is 869 7090.

## Fæðubótarefni

Ný verslun með fæðubótarefni. Vaxtarvörur ehf. Kaplahrauni 19, Hafnarf. Opið 14-19.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




Stutt nám, vel launuð störf Kerfisstjóranám Rafiðnaðarskólans hefst 4. sept. www.raf.is s. 863 2186




## Kennsla

**Viltu verða stílisti?**
Nám í útlitsráðgjöf. The Academy of Colour and Style - útlits-og förðunarskóli. Uppl. í síma 533 5101.

**Píanókennsla**
Get bætt við mig nokkrum nemendum. Bý í Fossvogi. S. 565 9395.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Hundaræktin að Dalsmynni auglýsir**
**Pug hvolpar til sölu. Tveir eftir. Uppl. í s. 566 8417.**

Til sölu nánast nýtt hundabúr kostar nýtt 17.800 selst á 10.000. Einnig hlið í dyraop. Uppl. í s. 567 4327.

Fjórir gullfallegir kettlingar fást gefins. Uppl. í s. 698 5447 & 565 8595.

Til sölu 3 Silky Terrier strákar. Tilbúnir til afhendingar 10. sept. Heilsufarsskoðaðir, sprautaðir, örmerktir og ættbókafærðir. Uppl. í síma 821 6362.

Tveir högnar og þrjár læður fást gefins. 9 vikna og kassavanir. Fara eingöngu á góð heimili. Uppl. í s. 615 1212.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta

Hvalaskoðun, Hafsúlan Hvalaskoðun.

## Gisting

**Gisting á Spáni**
**Íbúð í Barcelona, Costa Brava og Menorca.**
**Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws**

## Fyrir veiðimenn







Stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

## Ýmislegt



**Sjóstangaveiði / Fuglaskoðun**
Verktakar - atvinnurekendur! Nú er rétti tíminn til að bóka. www.sjostong.is S. 898-3300

Golfferðir, Hafsúlan hvalaskoðun.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

3ja herb. 80 fm íbúð til leigu fyrir 2-3 mán. Grafavogur. 90 þús. S. 849 7522.

**Íbúð á svæði 210**
Til leigu stór 2ja herb. íbúð í góðu hverfi, leigist með eitthvað af innbúi. Leiga 110 þús. á mán. + 2 mán. fyrirfram. Reglusemi. Uppl. í s. 862 9924.

Herbergi til leigu með rúmi, með sérklósetti, aðgangi að setustofu og þvottahúsi. Uppl. í s. 565 6368.

Til leigu 4ra herb. íbúð á besta stað í Smáranum í Kóp. í litlu fjölbýli. Leiga 135 þ. á mán. 2 mán. fyrirfram + trygging. Laus. S. 866 4639.

Mjög góð 3ja herb., 80 fm íbúð í vesturbænum til leigu. Leiga 100 þús. á mán. Trygging, reykleysi og meðmæli skilyrði. Leigist til 1. júní 2007. Uppl. í s. 893 2526 e. kl. 18.30.

## Húsnæði óskast

**Okkur vantar stóra íbúð strax.**
**í Garðabæ/Hafnarfirði.**
**Langtímaleiga.**
**Héðnn hf. Sími. 660 2121**

25 ára kk óskar eftir herb í miðbæ rvk eða í grend helst fyrir 1 sept. reglusemi og skilvísar geiðslur S: 8201087 (Hlynur)

Reyklaus 23 kk vantar herbergi eða íbúð á höfurborgarsvæði sem fyrst á verðbilinu 20-60 þús. Reglusemi og föstum greiðslum heitið. S. 895 0051.

Einstæður faðir (smiður) óskar eftir 2ja-3ja herbergja íbúð helst í Breiðholtinu. Greiðslugeta 80 þús. Uppl. í s. 659 9650.

Óska eftir 3 herb. íbúð, helst í nágrenni Hf. Hámark 95 þús. Skilvís og ábyrg. S. 844 9504 & 868 4155.

Hjón vantar íbúð í Reykjavík eða Kóp. Uppl. í s. 865 1061 & 865 1141.

24 kk. óskar eftir einstkl.íbúð á höfuðb sv. Reglusamur og reyklaus. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 849 2539, Andri.

## Sumarbústaðir






**SUMARBÚSTAÐAHLIÐ**
Smíðum vönduð hlið fyrir sumarhúsalönd o.fl. Vélsmiðja Ingvars Guðna ehf. www.vig.is vig@vig.is S. 486 1810.



Til sölu í Hallkelshólalandi við Heiðarlund í Grímsnesi. Verð 8 milljónir. Uppl. í s. 553 5483 & 898 5483.

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum og einnig rúmgott herbergi við Suðurlandsbraut. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

100 fm iðnaðarhúsnæði til leigu í Vatnagörðum. 1.150 per fm. Uppl. í s. 699 5552.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Geymsla fyrir húsbíla, tjaldvagna, fellihýsi, báta og fornbíla Eyrarbakka. S. 698 1501.

## Gisting

Til leigu nýuppgerðar og fullbúnar íbúðir í hjarta Akureyrar. Íbúðirnar leigjast til lengri eða skemmri tíma. Uppl. í 820 7080, Vignir.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Að kveldi 19. ágúst tapaðist Rolex úrið mitt í miðbæ Reykjavíkur. Finnandi vinsamlegast skilið á Lögreglustöðina á Hverfisgötu. Fundarlaun.

# TIL SÖLU


















## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**

Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

**Vinnuvélanámskeið Iðntæknistofnunnar**. Vinnuvélanámskeið Iðntæknistofnunnar hefst fimmtudaginn 24. ágúst. Réttindi á allar vinnuvélar. Iðntæknistofnun.

Gómsætar kjúklingauppskriftir. Matseld.is

## Einkamál










**Símaspjall 908 2444.**

Símaspjall 908 2444. Ég er spennandi, ég er Klara. Ásamt fleiri stelpum sem langar að vera vinkona þín í kvöld. Opið allan sólahringinn.

Til sölu er Skoda Octavia turbo árg. '02 ekinn 69.000 km, mjög vel með farinn og lítið keyrður. 15" álfelgur sumardekk vetrardekk án felgna, spoiler, cd, a/c, rafmagn í rúðum, samlæsing á lykli. Tilboð óskast. Sími 869 9394.

Langar þig í spennandi símaleik? Eða ljúft símaspjall? Dömurnar á Rauða Torginu eru fjölbreyttur hópur yndislegra kvenna. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg, kr. 299,90 mín) og 535 9999 (Visa, Mastercard, kr. 199,90 mín).

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Skalli Vesturlandsvegi**
**Óskum eftir að ráða duglegt starfsfólk, dagvinna, kvöldvinna, vaktavinna. Góð laun fyrir gott fólk. Upplýsingar á staðnum milli 17-19.**

**Óskum eftir vakstjórum**
**Keiluhöllin Öskjuhlíð óskar eftir vakstjórum um kvöld og helgar. Á aldrinum 20+ Upplýsingar í síma 864 6112 eða www.keiluhollin.is**

**Jolli Hafnarfirði**
**Vantar þig vinnu í Hafnarfirði og ertu 18 ára eða eldri? Geturðu verið reyklaus þegar þú ert í vinnunni? Viltu vinna í góðu fyrirtæki þar sem gott andrúmsloft skiptir máli? Þá er Jollinn rétti staðurinn fyrir þig. Okkur vantar fólk í fullt- og hlutastarf. Umsóknareyðiblöð á staðnum. Upplýsingar veitir verslunarstjóri Líney (844 7376) alla virka daga milli 14-18**

PÍTAN

**Pítan**
**Frábær vinnustaður, skemmtilegt fólk og rótgróinn rekstur. Langar þig að vinna á Pítunni? Okkur vantar fólk í fullt starf í sal og eldhúsi. Viðkomandi getur hafið störf sem fyrst. Umsóknareyðiblöð á staðnum og www.pitan.is. Upplýsingar veitir rekstrarstjóri Michael (864 9861) alla virka daga milli 14-18 Umsóknareyðiblöð á Pítunni og á pitan.is.**

AMERICAN STYLE

**American Style í Skipholti og Tryggvagötu**
**Afgreiðsla og grill American Style leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í vaktarvinnu í sal og á grilli. Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga. American Style er á fimm stöðum á höfuðborgasvæðinu. 18 ára og eldri og góð íslenskukunnátta nauðsynleg Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 892 0274 milli 8:30-17:00**

aktu taktu

**Aktu Taktu Afgreiðsla og Vaktstjórn**
**Villtu vinna með duglegu og skemmtilegu fólki? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf í afgreiðslu. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Hvort sem þú vilt vera í fullu starfi eða kvöldvinnu þá höfum við eitthvað fyrir þig. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir framkvæmdarstjóri Óttar (898 2130) milli 9-17.**

**Mosfellsbakarí**
**Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 07:00 - 13:00 eða frá 13:00-18:30 virka daga og einn dag aðra hverja helgi frá 7:30 - 16:30. Nánari upplýsingar veitir Áslaug í síma 553 5280.**

**Mosfellsbakarí**
**Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirfarandi störf: fyrir hádegi frá 6:30-13:00, virka daga og einn dag aðra hverja helgi eða eftir hádegi frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi. Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.**

**Mosfellsbakarí**
**Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í uppvask, pantanir og pökkun. Vinnutími frá 06:00 - 14:00 alla virka daga. Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.**

McDonald's

**McDonald's laus störf**
**Vantar nú þegar nokkra hressa starfsmenn í fullt starf og hlutastarf á veitingastöðum okkar við Suðurlandsbraut, Kringlunni og Smáratorg. Líflegur og fjörugur vinnustaður, alltaf nóg að gera og góðir möguleikar fyrir duglegt fólk að vinna sig upp. Mjög samkeppnishæf laun í boði. Umsóknareyðublöð liggja frammi á veitingastöðunum eða á heimasíðu http://www.mcdonalds.is**

**Loftorka Reykjavík.**
**Óskar eftir vélamanni og verkamanni til malbikunar framkvæmda. Matur í hádeginu og heimkeyrsla. Upplýsingar í síma 565 0877 og 892 0525.**

**Okkur vantar hressan, jákvæðan og þjónustulundan starfsmann til þjónustustarfa.**
**Fullt starf eða aukavinnu um helgar. Rótgróin rekstur. Lágmarksaldur er 18 ára. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is Upplýsinga um starfið veiti Sophus s. 893 2323.**

ITR

Okkur vantar fleiri frábæra starfsmenn á frístundaheimilin og í sundlaugarnar í Reykjavík. Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411-5000.

**Hellulagnir**
**Óskum eftir að ráða verkamenn í hellulagnir. Mikil vinna framundan og góð laun í boði. Upplýsingar gefa Guðmann í 660 1155 & Trausti í 660 1150. Fjölverk Verktakar ehf.**

**Fjarðarbakarí Hafnafirði**
**óskar eftir afgreiðslufólki til starfa sem fyrst. Upplýsingar í síma 895 8192.**

**Ísbúðin Álfheimum**
**Ísbúðin Álfheimum óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf - heilt og hálft starf í dagvinnu og hlutastörf seinni part, á kvöldin og um helgar. Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina. Uppl. í s. 899 9495, Jónína.**

**Ísbúðin í Kringlunni**
**Ísbúðin í Kringlunni óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf - heilt og hálft starf í dagvinnu og hlutastörf seinni part og um helgar. Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn.**

**Hreingerningar/bónun**
**Ræstingaþjónustan sf óskar eftir að ráða hrausta starfsmenn í framtíðarstörf við aðalhreingerningar og bónvinnu. Mikil vinna framundan. Nánari upplýsingar gefur Jón í síma 821 5056 á skrifstofutíma.**

**Full time cleaning job**
**Ræstingaþjónustan sf is hiring people for full time general cleaning and floor maintenance jobs. Overtime hours available. Applicants must be from the EEC or have a valid green card, and speak English. Please call Jon during office hours, tel. 821 5056.**

BÆJARBAKARÍ

Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu. Vinnutími 07-13 og 13-18.30 virka daga og önnur hver helgi, ekki sumarvinna. Einnig vantar manneskju aðra hvora helgi. Umsóknareyðublöð á staðnum & s. 555 0480.

**Devitos pizza**
**Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu á dagvaktir kl. 11-18 alla virka daga. Einnig frá 18-22 virka daga. Uppl. í s. 692 4327.**

**Hurðir og Gluggar ehf.**
**Óska eftir laghentum starfsmanni í trésmíðaverkstæði. Hurðir og Gluggar ehf. Upplýsingar í síma 663 7480.**

**Veitingahúsið Nings auglýsir**
**óskum eftir að ráða bílstjóra í fullt starf. Vinnutími 8-16. Einnig óskast bílstjórar í aukavinnu á kvöldin Upplýsingar í síma 822 8838 eða á nings.is.**

**Café Ópera**
**Veitingahúsið Café Ópera óskar eftir að ráða matreiðslunema og aðstoð í eldhús. Upplýsingar í síma 552 9499 Upplýsingar í síma 552 9499**

**Leikskólinn Skerjagarður**
**Leikskólinn Skerjagarði óskar eftir leikskólakennara, myndlistarkenna eða öðru áhugasömu starfsfólki. Upplýsingar í s. 822 1919 & 848 5213.**

**Hefur þú áhuga á fötum?**
**Ef svo er þá erum við að leita að jákvæðum og hressum einstaklingum í hópinn okkar, miklir tekjumöguleikar. Þjálfun, fræðsla og stuðningur fyrir réttan aðila. Engin áhætta eða útlagður kostnaður. Skoðaðu www.clamal.is og hafðu svo samband við Sylvíu í síma 565 3900 eða 660 7401**

**Cafe Bleu.**
**Óskum eftir þjónum í dagvinnu frá mánud- föstudags. Góð laun í boði. Ekki yngri en 18. Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.**

LímtréVírnet

Lagermaður óskast Límtré Vírnet ehf. Gylfaflöt 9 Reykjavík óskar eftir starfsmanni til lagerstarfa og útkeyrslu. Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri Reynir Guðmundsson í síma 530 6073 & 893 1426 þá er hægt að nálgast umsóknir á www.limtrevirnet.is.

**Kaffihús, Bakarí**
**Bakarameistarinn, Húsgagnahöllinni, Smáratorgi, Austurveri, Suðurveri, Glæsibæ og Mjódd óskar eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 og 13-19. Góð laun í boði. Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00 einnig umsókareyðublöð www.bakarameistarinn.is.**

**Skemmtileg og lærdómsrík störf!**

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki. Ýmsar starfsprósentur. Uppl. í síma 525 0900 og á www.smfr.is

Europris, Starfsfólk óskast, uppl. sima 511 3322 og 533 3360, Europris

Ísl hjón á Englandi óska e barngóðri stúlku, eldri en 18, t a gæta 8 mán drengs. Uppl. lapsurg@blueyonder.co.uk

Kokk vantar á veitingarstaðinn Hafið Bláa. Frekari uppl. í s. 892 0367.

Nornabúðin. Dugleg kona eða karl óskast í afgreiðslu, þrif og snúninga. Áhugafólk, sendið tölvupóst á nornabudin@nornabudin.is

**Bakaríið Kornið**

Afgreiðslufólk óskast. Vinnutími frá 13-18. Hentar fólki á öllum aldri. Góð laun í boði. Upplýsingar í síma 864 1585, Dagbjartur eða á kornid.is

## ATVINNA

BM ráðgjöf
www.bm.is

**Kvöldvinna**
**Akureyri, Reykjavík og Reykjanesbær.**
Vantar starfsfólk 16 ára og eldra til starfa milli kl. 17-22 við fjölbreytt verkefni á sviði inn og úthringiþjónustu.
Góð laun í boði.
Sendið okkur umsókn á bm@bm.is, petur@bm.is eða upplýsingar í síma 590-8000/822-5057

**Vinna með námi hjá Hive**

**Hive vantar gott fólk í úthringiver sitt.**

Við erum að hringja milli kl.18:00 og 22:00 og starfsmenn vinna að meðaltali 2-4 daga í viku. Þetta er tilvalin vinna með námi og frábærir tekjumöguleikar í boði.

Áhugasamir sendi póst með helstu upplýsingum um sig á soluver@hive.is.

Hive

## TIL SÖLU

**Tilboð! 3 fyrir 2!**



**Þú velur 3 undirfatasett og greiðir fyrir 2 dýrari.**

**Silikonfylltir brjóstahaldarar**



**Stærðir 32 -38 A-DD Verð aðeins 3.490.- og 4490.-**

**ÚTSALAN Í FULLUM GANGI.**
**Bolir - Pils 1000.- kr**
**Buxur - kjólar 2000.- kr**

SJÁUMST
COS
Glæsibæ
S. 588 5575

## ÖMMUR OG AFAR

Handknattleiksfélag Kópavogs leitar eftir hressu fólki til starfa í íþróttahúsum okkar, Digranesi og Fagralundi við baðvörslu. Um er að ræða vaktavinnu. Hlutastarf kemur til greina.

Nánari upplýsingar gefa Birgir í síma 822-0333, birgirb@hk.is
og Laufey í síma 570-4991, laufey@hk.is
á skrifstofutíma.

## Ert þú...

– duglegur
– hress
– metnaðarfullur

...einstaklingur sem ert að leita að hlutastarfi eða fullu starfi? Domino's Pizza óskar eftir starfskröftum.

Nánari upplýsingar á www.dominos.is.

## FRAMKVÆMDASTJÓRI

Ungmennafélagið Þróttur Vogum auglýsir hérmeð stöðu framkvæmdastjóra til umsóknar.

Í boði er áhugavert og krefjandi starf sem felst í því að halda utan um daglegan rekstur félagsins.

Starfshlutfall er 50%.

Hæfniskröfur eru mannleg samskipti, þekking á bókhaldsvinnu og geta unnið sjálfstætt.

Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Upplýsingar eru veittar í síma 866 1699 eða í tölvupósti á throttur@throttur.net

Umsóknarfrestur er til 25. ágúst n.k.

Ungmennafélagið Þróttur
www.throttur.net

## 365

**Óskum eftir jákvæðum og hressum einstakling til að starfa í afgreiðslu og á skiptiborði okkar**

Unnið er 10.00-18.00 alla virka daga.

Umsóknir berist Evu Dögg á eva@frett.is merktar **„Skiptiborð 2006“** fyrir 30. ágúst – einnig er hægt að senda umsóknir til
365
Skaftahlíð 25
105 Reykjavík

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




*Hugmyndaríkar konur ...*
***... athugið!***

BRAUTARGENGI

impra nýsköpunarmiðstöð
Iðntæknistofnun

*Impra – nýsköpunarmiðstöð heldur námskeiðið*

# Brautargengi

***fyrir konur sem vilja hrinda viðskiptahugmynd í framkvæmd og hefja eigin atvinnurekstur.***

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur:

- skrifi viðskiptaáætlun
- kynnist grundvallaratriðum stofnunar fyrirtækis
- öðlist hagnýta þekkingu á þeim þáttum sem koma að fyrirtækjarekstri, s.s. stefnumótun, markaðsmálum, fjármálum og stjórnun.

Námskeiðið byggist upp á fyrirlestrum, verkefnavinnu og persónulegri handleiðslu.

Námskeiðið verður haldið á eftirfarandi stöðum: Reykjavík, Akureyri, Vík og Hólmavík.

Tímabil: ***Kennt er einu sinni í viku, frá september fram í desember 2006***.

Nánari upplýsingar og skráning eru á vefsíðu Impru, ***www.impra.is***, eða í síma ***570 7267*** og ***460 7974*** (landsbyggðin).

Skráningu lýkur ***31. ágúst*** n.k. Takmarkaður fjöldi.

***Brautargengi er styrkt af sveitarfélögum***




# Blaðamaður á Akureyri óskast

Fréttablaðið leitar að blaðamanni í fullt starf á Akureyri. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað í netfangið umsokn@frettabladid.is, merkt blaðamaður á Akureyri. Nánari upplýsingar veitir Ólafía Björk Rafnsdóttir starfsmannastjóri 365 í síma 550- 5000.

FRÉTTABLAÐIÐ
– vel lesið

# HVUNNDAGURINN

## *Skráir sögu kartöflunnar*

„Ég teygi mig eftir takkanum sem hækkar höfðalagið í svefnrofunum og eftir fartölvunni á stólnum. Opna þar sem ég var stödd daginn áður og held áfram að skrá sögu kartöflunnar þangað til aðrir heimilismeðlimir fara að rumska. Þetta er eini tími dagsins sem ég örugg um að geta sinnt skrifum og hann er mér dýrmætur. Bækurnar sem ég fletti upp í hverju sinni liggja á gólfinu í kringum rúmið.“ Þannig byrjar Hildur Hákonardóttir listakona og rithöfundur að lýsa venjulegum hvunndegi í lífi sínu. Svo heldur hún áfram. „Næst er það morgunteið úr jurtum sem bóndi minn tínir úti og ég dýfi mér í heita pottinn til að skola af mér nóttina og hef samviskubit yfir að hafa ekki gert æfingar og heiti því að bæta úr því seinna um daginn. Stundum ganga þær samt fyrir.



**HILDUR NÆR SÉR Í GRÆNMETI Í GARÐINUM NÍU MÁNUÐI ÁRSINS.**
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Ég veit af reynslunni að flestir dagar eru tætingslegir og ótalmargt sem þarf að sinna og enginn dagur eins og þeir sem áður hafa gengið hjá. En það eru fastir punktar. Níu mánuði ársins geng ég um garðinn til að sjá hvað hvað ég finn í matinn. Núna er það blómkálið og rófurnar tilbúnar líka.
Ég held dagbók yfir hávaðaflug yfir húsinu mínu í baráttu fyrir bættri umferð á vellinum á Selfossi. Flughávaði er erfiðasti hávaðinn því hann er yfir manni og þar uppi væntum við að sé guð eða góðu vættirnar og flugvélarnar trufla þessa skynjun okkar hvort sem erum meðvituð um þetta eða ekki. Um kvöldið gríp ég aftur tölvuna og reyni að komast eitthvað áfram áður en svefninn sigrar mig.“




## VISSIR ÞÚ ...

... að fjölmennasta klappstýruatriði var þegar 435 klappstýrur frá The Cheerful Dance Company komu saman 4. júlí 2004? Þær sýndu listir sínar í fullum skrúða á heimavelli fótboltaliðsins Bedworth United, Bedworth, Warwickshire í Bretlandi.

... að kökugerðarmeistarar Spanhacke-bakarísins eiga heiðurinn að stærstu svartaskógstertu veraldar? Kakan var 7 m í þvermál og vó 2,5 tonn. Hún var til sýnis á Vielstedter Bauernhaus-veitingahúsinu í Hude, Þýskalandi 7. ágúst 2003.

... að silfurský eru hæstu ský jarðar? Eftir því sem nær dregur heimskautunum sjást þessi ský enn betur. Þessi fíngerðu og ægifögru fyrirbæri myndast í 80 km hæð, í efsta lagi andrúmsloftsins. Næturljósaský sjást aðeins eftir sólsetur en þá gylla sólargeislarnir þau enn vegna hæðar þeirra. Þau eru talin mynduð úr ískristöllum og geimryki.

... að stærsta nautgripamarkað í heimi er að finna í Búenos Aíres? Á hverjum degi er 12.000-18.000 nautgripir reknir á Liniers markaðinn þar sem þeir ganga kaupum og sölum. Alls fara um 34 hektarar lands undir þennan risamarkað, þar eru 450 hlið fyrir nautgripina, 2.000 kvíar þar sem dýrin eru til sýnis, 40 vigtir og um það bil 4.000 starfsmenn.

...að Suðurskautsstraumurinn er öflugasti úthafsstraumur jarðar? Hann færir 130 miljónir rúmmetra sjávar á hverri sekúndu – sex til sjö sinnum meira en Golfstraumurinn.

... að Bretinn Alan „sóði“ Nash hefur brotið flest egg með tánum á hálfri mínútu? Hann braut 23 egg með tánum í sjónvarpsþættinum Guinness World Records: A Few Records More, sem tekinn var upp í London 11. september 2004.

... að Alesya Goulevich frá Hvíta-Rússlandi hefur húlað með flesta húlahringi? Henni tókst að láta 99 húlahringi snúast um líkama sinn í Big Apple sirkutjaldinu við Bayside-vörusýningasvæðið í Boston, Massachusetts í Bandaríkjunum 26. apríl 2004.

... að Finninn Heine Koivuniemi hefur kastað bjórkúti kvenna hæst? Hún varpaði 12,3 kg þungum bjórkút yfir slá sem komið hafði verið í 3,46 m hæð hinn 9. ágúst 2001.

... að Finninn Juha Rasanen á met í bjórkútskasti karla? Hann fleygði 12,3 kg bjórkút yfir slá í 6,93 m hæð hinn 21. september 2001.

... að Bretarnir William James Pring og Elsie May Ashford eiga met í aðskilnaði systkina? Þau hittust á ný 20. nóvember 1988 í London fyrir milligöngu Hjálpræðishersins 81 ári eftir aðskilnað þeirra.

... að Michael og James Lanier frá Troy, Michigan í Bandaríkjunum eru hæstu núlifandi tvíburar heims? Þeir skaga báðir 223 cm upp í loftið. Jennifer systir þeirra er aftur á móti ekki nema 175 cm á hæð.

... að stærsta eggjakapphlaupið átti sér stað 24. október 2003? Þá tóku um 895 nemendur frá Raynes Park-menntaskólanum í London þátt í kapphlaupi með egg og skeið.



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.747 **+1,52%** **Fjöldi viðskipta:** 371 **Velta:** 4.582 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| Flaga | 3,80% | Icelandic Group | 2,50% |
| KB banki | 2,76% | Atorka | 0,83% |
| FL Group | 2,35% | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 64,90 +0,46% ... Alfesca 4,43 +1,84% ... Atlantic Petroleum 556,00 +1,28% ... Atorka 5,95 -0,83% ... Avion 33,20 +2,15% ... Bakkavör 51,70 +0,00% ... Dagsbrún 5,03 +1,00% ... FL Group 17,40 +2,35% ... Glitnir 18,80 +1,08% ... KB banki 783,00 +2,76% ... Landsbankinn 23,30 +0,87% ... Marel 80,50 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,20 +0,59% ... Straumur-Burðarás 15,80 +0,00% ... Össur 118,00 +2,17%

**viðskipti**

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Gegnsærri hlutabréfaeign LÍ

### Jákvæð aðgerð sem getur stuðlað að lægra álagi á fjármögnun að mati Glitnis.



**SIGURJÓN Þ. ÁRNASON BANKASTJÓRI** Greint verður á milli eigin hlutabréfa og hlutabréfa sem hafa verið keypt til að verjast áhættu tengdri framvirkum viðskiptum.

Landsbankinn hefur ákveðið að aðgreina hlutabréf, sem keypt hafa verið til að verja bankann á móti áhættu sem tengist framvirkum samningum, frá hlutabréfaeign bankans.

Þetta er gert til að auka gegnsæi hlutabréfaeignar Landsbankans en gagnrýni frá erlendum markaðsaðilum hefur meðal annars beinst að óljósum eignatengslum á íslenskum hlutabréfamarkaði og því hver markaðsáhætta bankanna er.

„Breytingin er til þess fallin að svara hluta af þeirri gagnrýni sem komið hefur erlendis frá og ætti að vera lóð á vogarskál lægra álags á fjármögnun bankans,“ segir í Morgunkorni Glitnis.

Landsbankinn hefur stofnað sérstakt félag utan um varnirnar sem kallast LI-Hegde.

Alls nemur markaðsvirði hlutabréfanna 54,2 milljörðum króna en þar af eru 15,7 milljarðar í bréfum Landsbankans. Hluti af þessari upphæð er skráður erlend hlutabréf.

Hlutabréf í Landsbankanum hækkuðu um 1,3 prósent á markaði í gær og enduðu í 23,3 krónum á hlut. - eþa

# Hraðbankar í Eystrasaltinu

Norrænu fjármálafyrirtækin Sampo og Nordea hafa tekið höndum saman um uppsetningu á neti hraðbanka í Eystrasaltsríkjunum.

Markmið bankanna er annars vegar að efla þjónustu með bankakort og hins vegar auka þjónustu við viðskiptavini sína á þessu svæði.

Stefnt er að því að setja upp fjögur hundruð hraðbanka í Eystrasaltsríkjunum, þar af kemur helmingurinn til með að verða settur upp í Litháen. - eþa



**VERSLAÐ OG VERSLAÐ** Verðbólga hérlendis er 3,6 prósentum meiri en í helstu viðskiptalöndum.

# Verðbólga bara meiri í Lettlandi

Verðbólga mældist 6,3 prósent í júlí samkvæmt samræmdri vísitölu neysluverðs. Verðbólgan er sú næstmesta á EES-svæðinu, en 6,9 prósenta verðbólga mældist í Lettlandi.

Verðbólga var 2,4 prósent að meðaltali í löndum EES í júlí. Verðbólgan mælist hins vegar 2,7 prósent að meðaltali þegar Bandaríkin, Sviss og Japan eru talin með.

Verðbólga samkvæmt hinni hefðbundnu vísitölu neysluverðs mældist átta prósent á Íslandi í júlí. Munurinn á vísitölunum tveimur er einkum sá að fasteignaverð er ekki tekið með í reikninginn við útreikninga á samræmdri vísitölu neysluverðs og er hún því yfirleitt talsvert lægri en sú hefðbundna. - jsk



**ÚR KAUPHÖLLINNI** Kauphöllin hefur samþykkt afskráningu HB Granda af aðallistanum., en félagið verður skráð á iSEC.

# HB Grandi fer á iSEC

Opnað verður fyrir viðskipti með bréf í HB Granda á iSEC markaði Kauphallarinnar annan október næstkomandi. Stjórn Kauphallarinnar hefur samþykkt beiðni HB Granda um að bréf félagsins verði afskráð af aðallista Kauphallarinnar.

HB Grandi verður þar með annað félagið á iSEC markaðnum. Hampiðjan er fyrir á markaðnum en enn hafa engin viðskipti orðið með bréf í félaginu.

iSEC markaðurinn er einkum ætlaður sprotafyrirtækjum og eru skráningarskilyrði ekki jafn ströng og á aðallistanum. Þá er skráningarkostnaður talsvert lægri. - jsk



**DENG XIAOPING FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1904.**



*„Það skiptir ekki máli hvort kötturinn sé svartur eða hvítur á meðan hann veiðir mýs.“*

*Deng Xiaoping var einn æðsti maður kínverska kommúnistaflokksins.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST 22. ÁGÚST 1485

# *Rósastríðinu lýkur í Englandi*





Rósastríðið var í raun röð borgarastyrjalda á Englandi þar sem Hinrik Túdor bar sigurorð af Ríkarði III og kom Túdorum til valda á Englandi í deilum Lancaster-ættarinnar og York-ættarinnar. Merki Lancaster-ættarinnar var rauð rós en York-ættin bar hvíta rós sem merki og þessi merki eru stríðin kennd.

Upphaf deilnanna er dauði Játvarðar III en báðar fylkingarinnar töldu sig eiga rétt á krúnunni vegna skyldleika við syni Játvarðar. Þar sem Lancaster-ættin hafði verið við völd síðan árið 1399 átti York-ættin í raun ekki tilkall til krúnunnar. Á fimmtándu öld var hinsvegar mikill órói á Englandi eftir dauða Hinriks fimmta sem varð til þess að York-ættin náði völdum tímabundið þegar Hinrik VI, arftaki Hinriks fimmta, var frá vegna veikinda. Þegar hann sneri aftur neyddist hertoginn af York til þess að grípa til vopna til að halda völdum sínum.

Fyrsta styrjöldin var í maí árið 1455 sem lauk með sigri York-ættarinnar og næstu fjögur árin var friður. Árið 1459 var barist að nýju og bardagar héldu áfram næstu tólf árin þar til York-ættin bar sigur úr býtum og Játvarður IV var krýndur kóngur fjórða mars 1461.

Friðurinn varði aðeins í átta ár en þá tóku við deilur innan York-ættarinnar sem þeir Warwick og Clarence stóðu fyrir. Játvarður var hrakinn frá völdum árið 1470 með aðstoð Frakkakonungs og Hinrik VI tók við. Játvarði tókst að snúa vörn í sókn með því að vingast við Clarence og náði völdum á nýjan leik árið 1471 eftir að Hinrik VI var drepinn.

Játvarður dó árið 1483 og frændi hans, Ríkharður III tók við. Þá hófst stríðið á nýjan leik en lauk þegar Ríkharður var drepinn þann 22. ágúst árið 1485.

## MERKISATBURÐIR

**1809** Jörgen Jörgensen hundadagakonungur hrökklast frá völdum.

**1901** Fyrirtækið Cadillac er stofnað í Bandaríkjunum.

**1968** Páll páfi VI kemur til Bogotá í Kólumbíu en það var fyrsta ferð páfa til Rómönsku-Ameríku.

**1978** Uppreisnarhreyfingin Sandinistas tekur yfir þúsund manns í gíslingu í borginni Managva í Níkaragva og heldur þeim í tvo daga.

**1973** Richard Nixon tilnefnir Henry Kissinger sem utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

**2004** Ópið eftir norska listmálarann Edvard Munch er stolið af safni í Osló.

## ÚTFARIR

14.00 **Eggert Böðvar Sigurðsson**, dvalarheimilinu Höfða, Akranesi verður jarðsunginn frá Akraneskirkju.

15.00 **Karl Vilhelmsson**, Smáraflöt 15, Garðabæ, verður jarðsunginn frá Garðakirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér fyrir neðan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

## AFMÆLI



**Þórarinn Eldjárn** rithöfundur er 57 ára.



**Ólafur Þórðarson** er 41 árs.




*Ástkær móðir mín,*

**Sigrún Sigurjónsdóttir**

Strandgötu 45, Akureyri,

sem lést á Fjórðungssjúkrahúsi Akureyrar mánudaginn 14. ágúst verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 24. ágúst kl. 13.30. Jarðsett verður í Bakkakirkjugarði. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Hlíð.

**Þórður Kárason.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hulda Kristinsdóttir**

Víðilundi 20, Akureyri,

sem lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri mánudaginn 14. þessa mánaðar, verður jarðsungin frá Lögmannshlíðarkirkju, föstudaginn 25. ágúst kl. 14.00.

**Aðalsteinn Kristjánsson**
**Stefán Rafn Valtýsson** **Lagrimas FlóraValtýsson**
**Urður Björk Eggertsdóttir** **Ólafur G. Tryggvason**
**Viðar Eggertsson** **Sveinn Kjartansson**
**Hulda Freyja Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, dóttir og systir,*

**Ásta Unnur Jónsdóttir**

Gullengi 39,

verður jarðsett frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 22. ágúst kl. 13.00. Þeim sem viljast minnast hennar er vinsamlegast bent á MINNINGARSJÓÐ KARITAS, í síma 551 5606 á milli kl. 09.00 - 11.00.

**Eyjólfur Guðsteinsson**
**Inga Birna Guðsteinsdóttir** **Róbert Már Ingvason**
**Jón Ingvarsson** **Inga Hilmarsdóttir**
**og bræður hinnar látnu.**


SÆUNN STEFÁNSDÓTTIR: NÝR RITARI FRAMSÓKNARFLOKKSINS

# Alltaf verið pólitísk

„Ég átti alveg von á því að það gæti farið svona en fyrirkomulag kosningarinnar er auðvitað þannig að maður veit ekki hvernig fer með ritarakjörið fyrr en að því kemur þannig að ég er bara fyrst og fremst þakklát og ofsalega glöð og ánægð með þetta,“ segir Sæunn Stefánsdóttir, nýr ritari Framsóknarflokksins, en þing flokksins var haldið um síðastliðna helgi.

Þrátt fyrir að Sæunn sé ung að árum hefur hún áralanga reynslu af stjórnmálum bæði í háskólanum og á landsvísu. „Ég hef svo sem alltaf verið þannig gerð að ég hef frekar viljað spila inni á vellinum heldur en að vera á varamannabekknum,“ segir Sæunn þegar hún er spurð um aðdraganda framboðsins. „Mér fannst mikilvægt að í framboði til hvers embættis innan flokksins væru konur og karlar og ungt fólk og fólk með reynslu og með ólíkan bakgrunn og ég fór fram á þeim forsendum fyrst og fremst,“ segir Sæunn. „Ég var ekki með þingmanninn í maganum framan af en þátttaka mín í pólitíkinni í Háskóla Íslands kveikti kanski áhuga minn á flokkspólitík þó svo að ég hafi alltaf verið pólitísk frá því að ég var barn, þannig að kannski leiddi eitt af öðru,“ segir Sæunn sem tók þátt í starfi Röskvu innan háskólans.

Sæunn segir að í upphafi hafi kjörorð flokksins um samvinnu, ábyrgð, kjölfestu og traust heillað hana en hún gekk í flokkinn fyrir fjórum árum. „Það sem vakti líka athygli mína var þessi áhersla á menntamál og á framgang ungs fólks. Mér finnst það vera mjög spennandi, ungu fólki hefur verið treyst fyrir miklum trúnaðar- og ábyrgðarstörfum,“ segir Sæunn og nefnir sem dæmi þingmennina ungu, Birki Jón og Dagnýju Jónsdóttur.

Sæunn segir að ritari flokksins ásamt landstjórn hans beri ábyrgð á stefnumótun á innra starfi flokksins og sjái um að virkja flokksmenn og stofnanir innan hans. Hún tekur á næstu dögum við þingmannssæti fráfarandi formanns og segist vera full tilhlökkunar að takast á við starfið en hún starfaði áður sem aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra og félagsmálaráðherra.

„Ég hef verið að ljúka alls konar verkefnum sem hafa hlaðist upp bæði frá tíð minni í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og félagsmálaráðuneytinu og ég er enn í nokkrum nefndum,“ segir Sæunn og bætir við að hún hafi nú fengið tækifæri til þess að taka almennilegt sumarfrí í fyrsta sinn í nokkur ár.

Sæunn segir að hún hafi notið þess að eiga svolítið frí í sumar með manninum sínum og fjölskyldu. „Við fórum í tólf daga ferðalag austur á land, á Austfirði, Langanes og Siglufjörð og upp á hálendi í kringum Mývatn sem var alveg yndislegt,“ segir Sæunn og bætir við að veðrið hafi leikið við þau hjónin í ferðinni.

**gudrun@frettabladid.is**



**Í BLÓMAHAFI** Sæunn tók sér langþráð frí í sumar og veitir eflaust ekki af kröftunum þegar hún sest á alþingi fyrir hönd Framsóknarflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SKÓLINN BYRJAR** Þrír af Headrick-sexburunum, þeir Grant, Sean og Ethan Headrick, leika sér með bílabraut fyrsta daginn í leikskólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Fyrsta konan í félagið

Fyrir viku voru fjórir nýir meðlimir teknir inn í Félag hundrað kílómetra hlaupara á Íslandi sem eru nú orðnir ellefu talsins. Hlaupararnir fjórir unnu það afrek á dögunum að hlaupa hundrað kílómetra í Lapplandi í Svíþjóð í lok júní og eru því gjaldgengir inn í hópinn. Þar af var ein kona, Elín Reed, sem er fyrsta íslenska konan sem hleypur hundrað kílómetra og þar af leiðandi fyrsta konan í félaginu en hún stóð sig með glæsibrag í Svíþjóð og vann í kvennaflokki.

Ágúst Kvaran, einn meðlima félagsins, segir það hafa verið stofnað af fimm hlaupurum fyrir um tveim ur árum. Hann segir að meðlimirnir hlaupi ekki endilega mikið saman en hittist reglulega og þekkist vel. Ágúst hljóp fyrst hundrað kílómetra árið 1998 í Hollandi en síðan þá er búið að hlaupa 15 hundrað kílómetra hlaup og hefur Ágúst tekið þátt í þrem þeirra.

Ágúst segir að æfingarnar fyrir hlaupin gangi oft út á það að hlaupa maraþon en meirihluti hópsins tók þátt í Reykjavíkurmaraþoninu um síðastliðna helgi og var það tuttugasta og annað maraþon Ágústs.



**HLAUPARARNIR** Hér er hópurinn allur samankominn en fjórir meðlimir bættust við nýlega. MYND/ÓLÖF ÞORSTEINSDÓTTIR

omega CREATIVE BATHROOM-FURNATURE

# BAÐ INNRÉTTINGAR

## TVENNIR TÍMAR

**SUMAR TILBOÐ!**



K-W049 Hvítt lakkað
130 breidd x 55 dýpt



K-W056 Rauð háglans
135 breidd x 55 dýpt



A 7121 Gegnheil mahogny
110 breidd x 42 dýpt



A-830 Gegnheil hnota
100 breidd x 56 dýpt



A-840 Gegnheil hnota
72 breidd x 60 dýpt



A-833 Gegnheil hnota
100 breidd x 56 dýpt



A-827
86 breidd x 56 dýpt
Gegnheil mahogny

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 laugardaga kl. 11 - 15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is




## Sérblað um heilsu

**Meðal efnis er:**

- Nýjungar í líkamsrækt
- Heilsuátak
- Rétt mataræði
- Slökun
- Vöðvabólga
- Fæðubótarefni
- Astmi og ofnæmi
- Góð ráð

**Yfir 158.000 lesendur daglega***

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband við Ruth Bergsdóttir | 550 5876 | ruth@frett.is

FRÉTTABLAÐIÐ
– vel lesið

* Meðallestur 12-80 ára, Gallup maí 2006







FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

# STUÐ MILLI STRÍÐA Blóði drifin saga Vesturlanda

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** SKAMMAST SÍN FYRIR UPPRUNANN



Öðru hvoru er ég minntur á uppruna minn á mjög óþægilegan hátt. Ég er vestrænn, alinn upp í kristinni hefð með oftrú á vísindin. Hlutir sem eru óútskýranlegir eru sagðir skapaðir af guðdómlegum mætti.

Vestrænt samfélag heldur því oft fram með óbeinum hætti að það standi framar öllum öðrum samfélögum. Ungu fólki er kennt að Kristófer Kólumbus hafi fundið Ameríku. Sú saga er sveipuð einhverjum dýrðarljóma með drottningu og kóng við glæsilega hirð.

Afleiðingar þessara funda voru hins vegar skelfilegar. Spánverjar stráfelldu og útrýmdu glæsilegum menningarþjóðum í Ameríku með svikum og prettum til þess eins að komast yfir þau auðævi sem indíánarnir áttu.

Vestrænar þjóðir halda því fram að þær séu siðmenntaðar, boðberar frelsis og mannréttinda í heiminum en eru að öllum líkindum einhverjar gráðugustu skepnur jarðar með blóðugar hendur. Saga Vesturveldanna, sagan okkar, er ofbeldisfull saga, hvort sem einhverjum líkar það betur eða verr.

Olían er okkur svo mikilvæg að ef ráðist er inn í lítið land við Persaflóa tekur það ekki nema nokkrar klukkustundir að senda fullmannað herlið þangað. Ef ein milljón manna er drepin með sveðjum í Afríku sitjum við á rökstólum og deilum um hvort þetta séu „þjóðarmorð eða ekki“. Okkur hugnast ekki að bjarga þessum fyrrverandi nýlendum, þaðan sem gömlu herrarnir fengu þræla til að keyra áfram peningamaskínu sína.

Það er því sorglegt að hugsa til þess að á meðan íslenska ríkið styður innrásina í Írak sem var rökstudd með fölsuðum eða röngum sönnunargögnum var enginn sem lyfti litla fingri fyrir fólkið í Rúanda.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## Veldu nýjan FordFiesta

*Nýtt tákn um gæði*




**sóltilboð**

**Ford** Fiesta Trend
1,6i 5 dyra sjálfskiptur*
Sóltilboð 1.720.000 kr.
Bílasamningur 21.220 kr.
Rekstrarleiga 32.700 kr.

# Sjálfskipt í Fiesta. Núna

Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákn um gæði - veldu Ford.

**Fiesta er nýtt tákn um gæði. Veldu Ford.**
Fáir bílar eru jafn léttir í akstri og Ford Fiesta. Þú vilt sterkan sjálfskiptan smábíl sem gott er að keyra og auðvelt er að umgangast. Bíl sem auðvelt er að fara inn í - og út úr - án þess að þurfa reyna mikið á líkamann; hendur, fætur, mjöðm eða bak - þú prófar nýjan og breyttan Fiesta.
Skiptu núna um bíl: Fiesta er nýtt tákn um nýja hönnun smábíla og skartar því besta frá stærri bílum eins og Focus og Mondeo.
Taktu um stýrið og alvöru sjálfskiptingin gefur til kynna að þú ert í meiri og betri bíl en áður.
Tryggðu öryggi þitt. Kynntu þér örugga þjónustu Brimborgar. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu nýjan og breyttan Ford Fiesta.

**Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á sóltilboði.

**Atriði af gæðalista staðalbúnaðar Fiesta:**

| | |
|---|---|
| IPS öryggisbúnaður | Upphitanleg framsæti |
| 4 öryggispúðar | Trend áklæði á sætum |
| 5 höfuðpúðar | Tvískipt aftursæti |
| ABS hemlalæsivörn | Geislaspilari og 4 hátalarar |
| EBD hemlajöfnun | Rafdrifnar rúður að framan |
| Rafstýrðir bílbeltastrekkjarar | Fjaropnun á skotti |
| Hæðarstillt bílbelti að framan | Rafdrifnir og upphitanlegir útispeglar |
| Ræsivörn | Litað gler |
| Fjarstýrð samlæsing | Samlitir stuðarar |
| Hæðarstilling á ökumannssæti | Þokuljós |
| Hæðarstillanlegt stýri | |

*Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is*

### Þú vilt kannski vera sportlegri?
Þó Fiesta sé ríkulegur í alla staði með óvenjulega miklum staðalbúnaði er samt hægt að fá Ford Fiesta í ST sportútfærslu. Fyrir utan sportlegra útlit má telja m.a. sportfjöðrun, ST-gírkassa, öflugt bremsukerfi, 16 tommu álfelgur, fótstig úr áli, sportstýri og 2,0 lítra, 150 hestafla vél. Skoðaðu Ford Fiesta ST. Smelltu á ford.is. Komdu í Brimborg.

**Ford** Fiesta ST
2,0i 3 dyra 5 gíra*
Sóltilboð 1.990.000 kr.
Bílasamningur 24.500 kr.



**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.**

## Nýttu þér kynningartilboðin á nýjum og breyttum Ford Fiesta
## Skoðaðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi

**Ford** Fiesta Trend
1,4i 5 dyra 5 gíra*
Sóltilboð 1.560.000 kr.
Bílasamningur 19.250 kr.
Rekstrarleiga 29.900 kr.

**Ford** Fusion Trend
1,6i 5 dyra sjálfskiptur*
Sóltilboð 1.770.000 kr.
Bílasamningur 21.830 kr.
Rekstrarleiga 33.900 kr.

**Ford** Focus Trend
1,6i 5 dyra 5 gíra*
Sóltilboð 1.995.000 kr.
Bílasamningur 24.610 kr.
Rekstrarleiga 36.400 kr.

**Ford** Focus C-Max Trend
2,0i 5 dyra sjálfskiptur*
Sóltilboð 2.390.000 kr.
Bílasamningur 29.600 kr.
Rekstrarleiga 41.200 kr.

**Ford** Mondeo Trend
2,0i 5 dyra sjálfskiptur*
Sóltilboð 2.390.000 kr.
Bílasamningur 29.600 kr.
Rekstrarleiga 42.600 kr.

**Ford** Mustang Premium
4,0i V6 sjálfskiptur*
Sóltilboð 3.290.000 kr.
Bílasamningur 40.590 kr.

**Ford** Escape XLS 4x4 GPS Active
2,3i 5 dyra sjálfskiptur*
Sóltilboð 2.990.000 kr.
Bílasamningur 36.990 kr.
Rekstrarleiga 53.200 kr.

**Ford** Freestyle SEL 4x4
3,0i V6 7 manna sjálfskiptur*
Sóltilboð 3.590.000 kr.
Bílasamningur 44.290 kr.
Rekstrarleiga 59.900 kr.

**Ford** Explorer XLT Sport 4x4
GPS Active 4,0i 5 dyra sjálfsk.*
Sóltilboð 4.540.000 kr.
Bílasamningur 56.180 kr.
Rekstrarleiga 84.500 kr.

**Ford** Expedition Limited 4x4
GPS Active 5,4i 8 manna sjálfsk.*
Sóltilboð 5.990.000 kr.
Bílasamningur 74.125 kr.
Rekstrarleiga 109.200 kr.

**Ford** Ranger XL Crew Cab 4x4
2,5 turbo dísil 5 gíra*
Sóltilboð 2.590.000 kr.
Bílasamningur 31.950 kr.
Rekstrarleiga 47.600 kr.

**Ford** F150 Lariat
SuperCrew 4x4
4 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur*
Sóltilboð 3.990.000 kr.
Bílasamningur 49.350 kr.

**Ford** F350 Lariat
Crew Cab 4x4 4 dyra
6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur*
Sóltilboð 4.220.000 kr.
Bílasamningur 52.070 kr.

**Ford** GT
5,4i V8 550 hö 6 gíra*
Sóltilboð 30.150.000 kr.
Bílasamningur 370.000 kr.
Ef rekstrarleiga 568.000 kr.
Rekstrarleiga er sett hér inn til gamans en bíllinn er ekki fáanlegur á rekstrarleigu

**sóltilboð**

**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.**



## *Í bíltúr í Ford GT?*
Ofursportbíllinn Ford GT er kominn í sýningarsalinn. Komdu. Skoðaðu einn magnaðasta bíl sem framleiddur hefur verið.

FORD GT

*Smelltu á ford.is og taktu þátt í Happapotti Brimborgar og þú átt möguleika á bíltúr í Ford GT þegar líða fer á sumarið.*

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á aðalmynd: álfelgur.

**!** **Kl. 11.00**
*Sumarsýning Listasafns Íslands, Landslagið og þjóðsagan, geymir úrval verka úr safneign þar sem sjá má íslenska landslagslist frá upphafi 20. aldar til dagsins í dag.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Sellóið í Sigurjónssafni

Margrét Árnadóttir sellóleikari leikur á Sumartónleikaröð Listasafns Sigurjóns í kvöld og flytur tvær svítur eftir Bach. Margrét lauk mastersprófi í sellóleik frá Juilliard tónlistarskólanum fyrr í vor og dvelst hér heima í stuttri sumarheimsókn. „Ég held mikið upp á Bach svíturnar, þær eru sex og ég er yfirleitt með eina þeirra í gangi. Ég leik tvær á tónleikunum ¿ svítu númer tvö í d-moll og númer sex í d-dúr, þær eru gjörólíkar en báðar mjög fallegar," útskýrir Margrét. Hún verður ein á sviðinu í kvöld, „og sellóið fær að njóta sín".

Margrét er búsett í New York og hyggst dvelja þar næsta árið. „Ég spila með ýmsum kammerhópum þar og verð með nokkra tónleika í New York og líka í Kaliforníu." Í vetur snýr hún síðan aftur og leikur á Tíbrártónleikaröðinni í Salnum í Kópavogi.

Tónleikarnir í Laugarnesi hefjast að vanda kl. 20.30.



## > Ekki missa af...

**Blómstrandi** dögum í Hveragerði um helgina. Tónleikar, **sundlaugarpartí**, brekkusöngur og Baggalútur fyrir alla fjölskylduna.

sýningu á úrvali verka í eigu **Galleris Sævars Karls** í Bankastrætinu.

barnaleikritinu **Drekaskógi** eftir **Agnar Jón Egilsson** í Austurbæ. Eldflugur og aðrar spúandi **ævintýraverur** í verki þar sem börn leika öll hlutverkin.

# Sofandi hafmeyjar



**ANJA STELLA ÓLAFSDÓTTIR**
Sýnir á Hverfisgötu 34.

Á Menningarnótt opnuðu Anja Stella Ólafsdóttir og Sirrý Hjaltested samsýningu á Hverfisgötu 34. Þetta er fyrsta sýning þeirra beggja en þær stöllur kynntust á leikskóla en eru nú báðar í listnámi.

Anja Stella sýnir málverk á sýningunni, en eitt þeirra er gert úr níu smærri málverkum sem mynda eina heild en verkið er hluti af lokaverkefni hennar á myndlistarbraut FB. „Ég er að vinna með hafið – hafið og fólkið," segir hún en hverfulleikinn og ógnin í hafinu er henni jafn hugleikinn og fegurð þess. „Það getur allt horfið á einu augabragði."

Fyrirsæturnar í einu verkanna eru henni einnig hugstæðar en dætur hennar tvær birtast þar í líki sofandi hafmeyja. „Þær voru svo lengi að sofna og ég var vön að sitja hjá þeim með skissubókina fyrir skólann, svo endaði með því að ég var farin að skissa þær," segir Anja og hlær.

Sirrý Hjaltested lærði keramik í Noregi en Anja útskýrir að sýningar þeirra kallist skemmtilega á. „Hún er að vinna með allskyns sjávarform, ígulker og sjávardýr."

Sýningin er á Hverfisgötu 34, þar sem áður voru seldir rammar og speglar en hún stendur til 2. september. Sýningin er opin milli 15-18 alla daga. - khh



**SIRRÝ HJALTESTED**
Vinnur sjávarform í keramik.



**ÞÓRA BJÖRK ÞÓRÐARDÓTTIR SÖNGKONA OG GÍTARLEIKARI** Hljómsveit Þóru Bjarkar spilar á Kaffi Rósenberg annað kvöld. Hún segir að tónleikagestir megi eiga von á lögum sem fari í óvæntar áttir, enda finnist henni gaman að slíkum lögum og hugsar ekki of mikið um hvað öðrum finnst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lögin fara í óvæntar áttir

**Hljómsveit Þóru Bjarkar treður upp á Kaffi Rósenberg annað kvöld og setur þannig tóninn fyrir Þóru Björk Þórðardóttur sem kastar um þessar mundir sjoppuhamnum og sest á skólabekk, enn á ný.**

„Þetta eru lög sem ég er búin að vera að semja undanfarið ár," segir Þóra Björk Þórðardóttir aðspurð um á hverju tónleikagestir mega eiga von annað kvöld. Þar á meðal er sigurlag í lagasamkeppni sem Tónlistarskóli FÍH hélt í vor í tilefni 25 ára afmælis skólans. „Ég vann þessa samkeppni, og fékk einhverja stúdíótíma og inneign í Hljóðfærahúsinu í vinning, sem var rosaleg hvatning," bætir hún við.

Tónlistin er góð blanda af poppi og rokki, þar sem standardar, þjóðlög og eldri perlur heyrast innan um lög Þóru. „Ég hef gaman af því að láta lög fara í óvæntar áttir svo þetta eru lög sem mér finnst gaman að hlusta á. Maður vill náttúrulega bara gera þetta því manni finnst gaman að þessu og má ekki hugsa allt of mikið um hvort aðrir séu að fíla það eða ekki."

Í hljómsveitinni syngur Þóra Björk og spilar á gítar en hún á það líka til að grípa í fleiri hljóðfæri. „Ég er búin að læra á klassískan gítar frá því ég var lítil og reyni að halda þessu dálítið aðskildu. Þegar maður var unglingur var maður að reyna að semja lög, en þegar maður er í þessu klassíska fær maður kannski ekki mikla hvatningu til að vera að semja eitthvað popp og rokk." Þóra Björk viðurkennir að hún sé alltaf svolítið veik fyrir bassanum líka. „Þegar ég var lítil var ég að spila aðeins með big bandi í Tónmenntaskólanum og var þá að læra á bassa, það var ógeðslega gaman."

Þóra Björk er enn í námi en stefnir að því að klára burtfararpróf í söng frá Tónlistarskóla FÍH næsta vor, en auk söngsins er hún að læra á gítar í skólanum og að prófa sig áfram með snarstefjun og fleira. „Eftir útskriftina langar mig auðvitað að komast út og er þá spennt fyrir flottum skólum sem maður þarf að rembast svolítið við að komast inn í." Skólinn fer nú að byrja aftur og hlakkar Þóra Björk til takast á við nýjan vetur. „Þá fer maður úr sjoppuhamnum og í skólann. Svo kenni ég á gítar í Gítarskólanum svo veturinn verður kennsla og skóli í bland."

Í hljómsveitinni eru auk Þóru Bjarkar, Ragnar Örn Emilsson og Birkir Rafn Gíslason á gítar, Birgir Bragason kontrabassaleikari og Magnús Tryggvason Eliasen sem leikur á trommur. Hljómsveitin hefur spilað saman í rúmt ár. „Reyndar var annar gítarleikari í sveitinni, Páll Harðarson, en hann þurfti að hætta. Ég hef svo spilað með Ragnari gítarleikara og Birgi bassaleikara alveg síðan 2001 þegar ég byrjaði í skólanum," segir Þóra Björk, svo að samspil hljómsveitarmeðlima á sér sterkar rætur.

Tónleikarnir annað kvöld á Kaffi Rósenberg hefjast klukkan tíu og er aðgangseyririnn fimm hundruð krónur. annat@frettabladid.is

# Síðasta sýning

Vinsældir farsans Fullkomið brúðkaup hafa slegið öll met hjá Leikfélagi Akureyrar og því var efnt til aukasýninga á verkinu, fyrst í Borgarleikhúsinu í vetur og síðan var þráðurinn aftur tekinn upp í Austurbæ nú síðsumars.

Tæplega 25 þúsund manns hafa séð Fullkomið brúðkaup eftir Robin Hawdon og er sýningin orðin aðsóknarmesta sýning ársins á Íslandi. Síðasta sýningin er fyrirhuguð næstkomandi föstudag og er vissara að tryggja sér miða í tíma því samkvæmt upplýsingum frá framleiðendum sýningarinnar hefur verið troðfullt á aukasýningarnar.

Þessi rómantíski gamanleikur er uppfullur af misskilningi, framhjáhöldum og útúrsnúningum eins títt er með farsa. Leikritið er eftir sama höfund og skrifaði leikgerðina á leikritinu Sex í sveit sem er ein vinsælasta sýning Leikfélags Reykjavíkur frá upphafi.

Leikkonan Edda Björg Eyjólfsdóttir hefur tekið við hlutverki brúðarinnar sem Esther Talia Casey lék áður en annars er leikhópurinn skipaður sama einvalaliði og áður. Brúðgumann ólánssama leikur Guðjón Davíð Karlsson en með önnur hlutverk fara Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Maríanna Clara Lúthersdóttir og Þráinn Karlsson sem þykja fara á kostum í þessum óborganlega grínleik. Þýðandi er Örn Árnason. - khh



**FARSINN FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP**
Síðasta sýning á laugardagskvöld.

# Rannsókn á fjölkynngi til forna

**ÍSLENSK FRÆÐI** Ítarlegasta rannsókn sem unnin hefur verið á rituðum heimildum um galdra í íslenskum fornbókmenntum er nú komin út á vegum Konunglegu Gústaf-Adolfs-akademíunnar fyrir sænska alþýðumenningu (Kungl. Gustav Adolfs Akademien för svensk folkkultur).

Höfundur þessa 780 blaðsíðna lærða ritverks er Francois-Xavier Dillmann, sem er prófessor í norrænum fræðum við Sorbonne-háskóla í París. Bókin, sem ber titilinn *Les magiciens dans l'Islande ancienne*, er byggð á doktorsritgerð höfundar í norrænum fornbókmenntum við háskólann í Caen í Normandí frá árinu 1986, en við endurútgáfuna, sem hann vann að í fjögur ár, uppfærði hann ritið allt og jók við það niðurstöður nýjustu rannsókna á efninu.

Meginfókus rannsóknar Dillmanns beinist að hlutverki fjölkunnugra manna í heiðni. Í fyrri hluta ritsins greinir Dillmann ólíkar birtingarmyndir galdra í heiðnum sið á Íslandi, en þeim skiptir hann í megindráttum í fernt. Í seinni hlutanum er sjónum beint að hinum fjölkunnugu, hvað heimildirnar segja um galdramenn og samfélagslegt hlutverk þeirra. - aa




**ÍSLENSK FRÆÐI Á FRÖNSKU** Bókin er 780 síður og byggð á doktorsritgerð Dillmanns.







**Sirkus kemur á föstudögum!**

Nú færðu nýtt og litríkara Sirkus tímarit með Fréttablaðinu á föstudögum. Sirkus er blaðið sem flytur þér skemmtilegar fréttir af áhugaverðu fólki og sér til þess að þú vitir allt sem er að gerast um helgina. Auk þess fjallar blaðið á ferskan hátt um tísku, kvikmyndir, tónlist, lífsstíl og alls kyns fleira skemmtilegt.

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**ÁGÚST**

19 20 21 **22** 23 24 25

**Þriðjudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 **Kammersveitin Ísafold** heldur tónleika í **Listasafni Íslands** og flytur verk eftir Toru Takemitsu, Dallapixxola, Webern og Schönberg. Einnig flytur hópurinn verk sem tónskáldið **Haukur Tómasson** samdi sérstaklega fyrir hópinn. Stjórnandi er **Daníel Bjarnason**.

☐ 21.00 Hljómsveitin **Moskvitsj** lýkur sumarvertíð sinni á Íslandi með lokatónleikum á **Kaffi Cultura** við **Hverfisgötu**. .Á efnisskránni eru hröð og hress lög, eins og þjóðlagatónlist frá Austur-Evrópu einni er lagið en rólegu og angurværu lögin fá einnig að njóta sín inni á milli.

### SÝNINGAR

☐ 11.00 Sumarsýning **Hafnarborgar** sækir innblástur sinn til meistara **Kjarval**. Sýningin **Hin blíðu hraun** geymir úrval verka eftir fimm íslenska myndlistarmenn sem allir vinna með hraunið. Sýningarstjóri er **Jón Proppé.** Sýningin er opin milli 11-17 en henni lýkur 28. ágúst.

☐ 22.00 í **Kaffi Rosenberg** heldur **Hljómsveit Þóru Bjarkar Þórðardóttur** tónleika þar sem flutt verður eigið efni.




**HALLA MARGRÉT ÁRNADÓTTIR ÓPERUSÖNGKONA OG ANTONÍA HEVESI PÍANÓLEIKARI** Koma fram á styrktartónleikum Bergmáls í Hafnarborg.

# Sungið fyrir mótatimbri

**Helsta markmið sjálfboðaliðasamtakanna Bergmáls er að hlúa að krabbameinssjúkum og öðru langveiku fólki en samtökin hafa um áraraðir boðið fólki til orlofsdvalar að Sólheimum í Grímsnesi. Á morgun verða haldnir styrktartónleikar í Hafnarborg þar sem safnað verður fyrir málefnið og byggingu nýs orlofshúss.**

Sigurjón Aðalsteinsson, einn af aðstandendum Bergmáls, útskýrir að félagsskapurinn hafi ekki farið hátt en samtökin hafa vaxið og dafnað vel á þessum tíu árum. Bergmál er vina- og líknarfélag og tekur nú liðlega fimmtíu meðlimi. „Félagið varð til í tengslum við samnefndan sönghóp en það var stofnað til að heiðra minningu eins félaga hópsins sem dó úr krabbameini. Inn í félagsskapinn kom síðar fólk með gott hjartalag sem kann ekkert endilega mikið að syngja,“ útskýrir Sigurjón og áréttar að söngurinn sé samt ávallt til staðar. Meðan á orlofsdvölinni stendur eru haldnar kvöldvökur hvert kvöld þar sem mikið er sungið en þangað koma oft listamenn í heimsókn. Einnig er boðið upp á ýmiskonar afþreyingu og heilsurækt. „Eftirspurnin eykst sífellt en til okkar kemur oft fólk sem er félagslega illa statt og oft utangátta í kerfinu,“ segir Sigurjón og bætir við að vitaskuld séu allir velkomnir.

**Eitthvað fyrir alla**

Á tónleikunum annað kvöld syngur óperudívan Halla Margrét Árnadóttir en hún er hér stödd í stuttri sumarheimsókn frá óperulandinu Ítalíu þar sem hún starfar alla jafna. „Ætli það megi ekki segja að ég sé í nokkurs konar orlofsferð á Íslandi,“ segir Halla Margrét og áréttar mikilvægi þess fyrir alla að skipta um umhverfi. Halla Margrét ætlar að grípa tækifærið og syngja sín uppáhaldslög á tónleikunum en hún hefur lítið komið fram hérlendis á undanförnum árum sökum anna á meginlandinu. „Þetta er eiginlega í fyrsta skipti sem mér gefst færi á að syngja það sem ég hef verið að flytja úti,“ segir hún og lofar að allir muni fá eitthvað við sitt hæfi. „Ég kem víða við, alveg frá dramatískustu aríum til söngleikjaperla frá Napólí og svo auðvitað uppáhalds íslensku lögin mín eftir Kaldalóns,“ segir hún sposk. Um næstu helgi mun Halla Margrét síðan syngja fyrir kvöldvökugesti á Sólheimum.

**Gott liðsinni**

Meðleikari á tónleikunum verður píanóleikarinn Antonía Hevesi og sérlegur kynnir verður séra Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur. „Það er nefnilega lítið gaman að hlusta á þessar þungu ítölsku aríur þegar maður veit ekkert um hvað er verið að syngja,“ segir Halla Margrét. „Ég er kannski að geifla mig eitthvað rosalega – er að syngja um að drepa mann og annan og enginn veit neitt um það. Svo kemur fólkið út af tónleikunum og hristir hausinn og veit ekkert hvað var að gerast.“ Þá er gott að hafa ljúfa leiðsögn gegnum dramatíkina og Halla Margrét segist ekki hafa getað fundið betri mann í það en séra Hjálmar. „Síðan hefur hún Snæbjörg Snæbjarnardóttir verið mér innan handar með íslensku lögin,“ bætir hún við.

Tónleikarnir fara fram í Hafnarborg kl. 20 annað kvöld og er miðasalan hafin þar og í sérlegum miðasölusíma 825 7957. Sigurjón útskýrir að framkvæmdir við byggingu hússins, sem rísa mun á Sólheimum, muni hefjast í haust en um er að ræða heilsárshús sem líknarfélög geta leigt á kostnaðarverði fyrir skjólstæðinga sína.

„Það verður sumsé sungið fyrir mótatimbrinu,“ segir hann og kímir. **- khh**



**MENNINGARLÍFIÐ Í HVERAGERÐI VERÐUR MEÐ MIKLUM BLÓMA** Blómstrandi dagar renna upp um helgina.

# Blómlegt í Hveragerði

Næstkomandi fimmtudag hefjast Blómstrandi dagar í Hveragerði en í þeim blómlega bæ verður lífleg dagskrá alla helgina. Á fimmtudagskvöld heldur Hulda Jónsdóttir fiðluleikari tónleika í Hveragerðiskirkju ásamt Kristni Erni Kristinssyni en í Leikfélagshúsinu leikur hljómsveitin Andrúm og Jazzband Suðurlands hjá Café Kidda Rót.

Annálað sundlaugarpartí verður haldið á föstudaginn og á eftir því heljarinnar barna- og fjölskylduball með hljómsveitinni Uppþot. Á Hótel Örk skemmta Baggalútar og Feðgarnir leika á Snúllabar.

Á laugardag verður opið hús, markaðstorg og útitónleikar með margvíslegum uppákomum fyrir menningarvita á öllum aldri auk þess sem Björn Pálsson leiðir göngu um skáldagötur bæjarins og spákonan Sigurveig Buch rýnir í framtíðina og um kvöldið leikur stórsveitin Brimkló fyrir dansi á Hótel Örk, efnt verður til brennu, brekkusöngs og flugeldasýningar til að kóróna kvöldið.

Hátíðinni lýkur síðan á sunnudaginn en þá sýna fremstu snjóbrettamenn landsins kúnstir sínar við sundlaugina, eldri borgarar verða með opið hús í Þorlákssetri og bókamarkaður verður opinn á Bókasafninu auk þess sem Lovísa Aðalsteinsdóttir sýnir þar sjöl úr þæfðri ull og silki.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.blomstrandidagar.is. **- khh**



**BAGGALÚTUR LEIKUR HAWAII-SKOTIÐ KÁNTRÍ** Mögulega íklæddir blómlegum skyrtum.

# Morðgáta á uppdiktuðu Íslandi

Skáldsagan Icelander eftir bandaríska rithöfundinn Dustin Long vekur kátínu og hrifningu hjá gagnrýnendum sínum og lesendum en þessi margraddaða saga gerist í samnefndu en skálduðu landi.

Í skrifum um bókina er henni líkt við blöndu af marglaga frásögnum Nabokovs og ærslum Lemony Snicket en einnig er minnst á Agöthu Christie og Da Vinci lykilinn enda er viðfangsefni sögunnar og framsetning hennar með afbrigðum flókin – til dæmis eru þar taldar fimmtíu og þrjár neðamálsgreinar sem eignaðar eru nafnlausum erkisögumanni sem hefur stöðug afskipti af frásögninni og misgagnlegum ábendingum fengnum frá íslenskum slúðurdálkapenna.

Aðalpersónan sem aðeins er nefnd „Kvenhetjan okkar“ í bókinni er dóttir afbrota- og mannfræðingsins Emilu Bean-Ymirson og íslensks manns að nafni Jon. Þegar vinkona „Kvenhetjunnar“, tilgerðarlegi rithöfundurinn Shirley MacGuffin sem kinkar skemmtilega kolli til Hitchcocks, er myrt liggur beinast við að hún taki við arfleifð móður sinnar og leysi gátuna. Nema hvað, snótin hefur lítinn áhuga á því eða eltingarleikjum um íslenska undirheima konungsdæmisins „Vanaheim“ eða að flýja undan ómenninu „Refusirkir“ og lái henni hver sem vill.




**SPÆJARASAGA SEM GERIST Á ÍSLANDI** Fær góðar viðtökur gagnrýnenda.

Stöðug endurlit í ævi og störf móðurinnar tefja líka lausn gátunnar en þau eru fléttuð inn í söguna gegnum skrif fræðimannsins Magnus Valison sem hefur fært dagbækur móðurinnar í skáldsagnaform. Og ef þetta er ekki nógu flókið fyrir þá blanda tveir frumspekilegir einkaspæjarar sér í leikinn, útsmoginn bókavörður og týndur hundur sem fjölgar sér mjög hratt.

Þetta er fyrsta bók höfundarins sem heldur úti síðu á vefheimilinu MySpace en þar upplýsir hann um áhuga sinn á norrænni goðafræði, ævintýrum og karókí. Hann kveðst hafa hlustað á The Smiths, Kraftwerk og Can á meðan hann samdi bókina en í ítarlegum lista hans yfir tónlist og bækur sem hafði áhrif á sköpun sögunnar er engar íslenskar heimildir að finna.

Bókin kemur út hjá forlaginu McSweeney‘s en höfundurinn hefur einnig haft fyrir því að setja upp heimasíðuna www.emilybean.com sem heitir í höfuð spæjaramóðurinnar. Hún virðist þó ekki koma sögunni við heldur vera einskær uppspuni frá rótum þótt þar sé að finna ljósmyndir sem hafa býsna „íslenskt“ yfirbragð. **- khh**





Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi

| | | |
|---|---|---|
| Föstudag | 25. ágúst kl. 20 | Uppselt |
| Laugardag | 26. ágúst kl. 20 | Laus sæti |
| Laugardag | 2. september kl. 20 | Uppselt |
| Sunnudag | 3. september kl. 15 | |
| Sunnudag | 3. september kl. 20 | |
| Fimmtudag | 7. september kl. 20 | |
| Föstudag | 8. september kl. 20 | |
| Laugardag | 9. september kl. 20 | |
| Sunnudagur | 10. september kl. 16 | |
| Föstudagur | 15. september kl. 20 | |
| Laugardagur | 16. september kl. 20 | |

LEIKHÚSTILBOÐ
Tvíréttaður matur, miði og frítt í Göngin til baka í boði Landnámsseturs
Frá kr. 4000 - 4800
MIDAPANTANIR Í SÍMA 437 1600




Aðsóknarmesta sýning síðasta leikárs!
Drepfyndinn gamanleikur í Reykjavík!
Miðasala er þegar hafin!

Næstu sýningar:

| | | |
|---|---|---|
| Föstudaginn | 18. ágúst | kl. 20:00 |
| Laugardaginn | 26. ágúst | kl. 19:00 |

Á ÞAKINU LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Miðasala í síma 551 4700 // opið 13:00-17:00 // www.midi.is //Austurbæjarbíó – Snorrabraut 37

BORGARLEIKHÚSIÐ



RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 10/9 kl. 14 Sun 24/9 kl. 14
Lau 30/9 kl. 14 Sun 1/10 kl. 14

VILTU FINNA MILLJÓN?
Lau 2/9 kl. 20 Sun 3/9 kl. 20 UPPS.
Fim 7/9 kl. 20 Sun 10/9 kl. 20

FOOTLOOSE
Fim 24/8 kl. 20 Fös 25/8 kl. 20 UPPS.
Fim 31/8 kl. 20 Lau 9/9 kl. 20

EYFI STÓRTÓNLEIKAR
Fös 1/9 kl. 20 Fös 1/9 kl. 22

HÖRÐUR TORFA-AFMÆLISTÓNLEIKAR
Fös 8/9 kl. 19:30 Fös 8/9 kl. 22:00

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is




**UMBRA** Meinafræðingurinn Askja og lögreglukonan Freyja snúa bökum saman og gott betur þegar þær verða skotmörk morðingja sem situr um þær á götum Reykjavíkur.

# Tónlist Bjarkar kveikti Íslandsáhugann

„Ég er yfir mig hrifinn af Íslandi og hef komið tvisvar til landsins. Ég fékk hugmyndina að sögunni þegar ég var síðast í Reykjavík og hélt áfram að þróa hana þegar ég kom aftur heim til Bandaríkjanna," segir Steve Murphy, höfundur myndasögunnar Umbra sem gerist á Íslandi. Sagan fjallar um ástkonurnar Freyju og Öskju sem komast í kast við harðsvíraða glæpamenn þegar þær rannsaka grunsamlegan líkfund úti á landi.

„Ég eyddi þremur vikum á Íslandi um miðjan tíunda áratuginn, leigði mér bíl og keyrði allan hringveginn. Ég heillaðist gjörsamlega af yfirþyrmandi landslaginu, fossunum, jöklunum og hreinni náttúrunni. Ég kom svo aftur í janúar 1999 og var í nokkra daga. Ég vildi upplifa Ísland að vetrarlagi en hélt mig alfarið í Reykjavík og gerði lítið annað en að ganga um borgina, bæði á daginn og um nætur. Það var kalt og hvasst og mér fannst þetta mjög villt."

Steve segir að því sé eins farið með sig og marga aðra að tónlist Bjarkar hafi fyrst vakið áhuga hans á landinu. „Ég las síðan nokkrar bækur um landið og hreifst af almennum áhuga og trú Íslendinga á yfirskilvitlega hluti, álfa, huldufólk og ég veit ekki hvað. Eftir því sem ég las meira fékk ég áhuga á Íslendingasögunum og landslaginu."



**STEVE MURPHY** Fékk hugmyndina að myndasögunni Umbra á næturrölti sínu um vetrarkaldar götur Reykjavíkur og hefur hug á að dvelja í borginni í eitt ár eða svo.

Steve segist hafa hug á því að koma aftur til Íslands og dvelja þá mun lengur. „Ég stefni að því að skoða fljótlega möguleika á því að leigja íbúð í Reykjavík í eitt ár en mig langar virkilega til þess að búa á Íslandi." - þþ



**KÚBA** Kúbudagar standa nú yfir á Barnum, Laugavegi 22.

# Salsakvöld á Kúbudögum

Kúbudagar standa nú yfir á Barnum, Laugavegi 22. Annað kvöld verður haldin salsakennsla þar sem Heiðar Ástvaldsson, ásamt félögum í dansskóla hans, kemur og stígur nokkur spor. Hefjast herlegheitin klukkan 21 og eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Kúbudagarnir hófust með opnun málverkasýningar Milu Pelaez um síðustu helgi. Ásamt myndunum gefst gestum Barsins kostur á að smakka létta kúbverska rétti. Næstu daga verða svo fluttir fyrirlestrar um Kúbu, pólitískt ástand, fólkið, landið og fleira.

Aðgangur er ókeypis á alla viðburði Kúbudaga.

# Erfitt að dansa í takt

Hljómsveitin Moskvitsj lýkur sumarvertíð sinni á Íslandi í kvöld með tónleikum á Kaffi Cultura. Þetta eru síðustu forvöð fyrir aðdáendur sveitarinnar að sjá hana þetta árið því tveir fimmtu hlutar Moskvitsj flytjast til Svíþjóðar á morgun og leggst sveitin þar með í vetrardvala.

Moskvitsj hefur starfað frá vorinu 2005 og lagði upp með að leika búlgörsk þjóðlög. „Búlgörsk þjóðlagatónlist er yfirleitt mjög hress og oft í mjög skrítnum takttegundum," segir Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir blokkflautuleikari sveitarinnar og nefnir dæmi um takttegundina fimmtán áttundu. „Þótt fólki finnist gaman að dansa við það er mjög erfitt að dansa í takt," bætir hún við.

Efnisskrá hljómsveitarinnar hefur síðan breyst og orðið fyrir grískum áhrifum og norrænum, ásamt því að nokkrir meðlimir hafa notað sveitina til að koma eigin hugarverkum á framfæri. Að sögn Steinunnar leikur Moskvitsj mest til hröð, hress og skemmtileg lög, þótt þessi lágstemmdu og angurværu fái einnig að hljóma með.

Í Moskvitsj eru auk Steinunnar þau Kristín Þóra Haraldsdóttir sem leikur á fiðlu og víólu, Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir sellóleikari og gítarleikararnir Hafdís Bjarnadóttir og Alexander Simm, sem reyndar hefur næstum því gefið gítarinn upp á bátinn og heillast af hljóðfærinu melódikku.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 21 á Kaffi Cultura við Hverfisgötu og kostar fimm hundruð krónur inn.




**SKEMMTILEG HLJÓÐFÆRASKIPAN** Hljómsveitin Moskvitsj heldur lokatónleika sumarvertíðarinnar á Kaffi Cultura í kvöld og flytur þar hressa og skemmtilega tónlist þótt angurværu lögin hljómi líka inni á milli.

Hljómar & List
HLJÓÐFÆRI • SKÓLI
Tónlistarnám
Tónlistar sálfræði í leikjaformi
Innritun er hafin á skrifstofu skólans
skipholti 29A frá kl. 12 - 18
Almennt hljóðfæranám í grunn-, mið- og framhaldsstigi
Fiðla-selló-kontrabassi-píanó-söngur
**Suzukinám frá 3ja ára – fiðla, selló, píanó**
forskóli 6 – 8 ára, samleikur, hljómsveitir
**Tónlistarkennarar í fremstu röð**

Skipholt 29A - sími 511-5151 hljomaroglist@simnet.is
www.hljomaroglist.com mikið úrval af hljóðfærum

Í túninu HEIMA
Bæjarhátíð Mosfellsbæjar
Dagana 25. - 27. ágúst 2006

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Simpsons besti þátturinn á Emmy

Þáttur Simpsons-fjölskyldunnar, The Seemingly Neverending Story, hlaut Emmy-verðlaunin sem besti teiknaði sjónvarpsþátturinn í bandarísku sjónvarpi. Báru hinir gulu fjölskyldumeðlimir sigurorð af háðsdeilu South Park um Vísindakirkjuna og Tom Cruise en trúarsöfnuðurinn hótaði framleiðendum þáttanna lögsókn og meiðyrðamálum.

Þetta er í níunda sinn sem Simpsons-fjölskyldan fer heim með þessi eftirsóttustu verðlaun teiknaðra þátta en íbúar Springfield hafa skemmt sjónvarpsáhorfendum í rúm sautján ár. Einn framleiðandi þáttanna, Al Jean, sló á létta strengi þegar hann tók við verðlaununum og sagði að svona hlutir gerðust bara þegar maður gerði ekki grín að vísindakirkjunni, við mikinn fögnuð viðstaddra.

Verðlaunaafhendingin er hugsuð fyrir þætti sem skarta mikilli tæknivinnu og fékk Elizabeth I, sem er samstarfsverkefni HBO og Channel 4, alls fimm verðlaun. Aðalhátíðin fer fram þann 27. ágúst og mun Conan O'Brien stjórna veislunni.



**FJÖLSKYLDAN FRÆGA** Simpsons-fjölskyldan hefur skemmt sjónvarpsáhorfendum í sautján ár.



**AÐSTANDENDUR SIMPSONS** Hlutu verðlaun sem besti teiknaði þátturinn í bandarísku sjónvarpi og báru sigurorð af hinum mjög svo umdeilda þætti, South Park.
FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

# Magni syngur Nirvana

Magni „okkar“ Ásgeirsson syngur lagið Smells Like a Teen Spirit eftir grunge-kónganna í Nirvana í Rock Star: Supernova þættinum sem sýndur verður í beinni útsendingu á Skjá einum í kvöld en Magni verður annar á sviðið.

Magni ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur því söngvari Nirvana, Kurt Cobain, er mikil goðsögn í rokkheiminum en þess má til gamans geta að annar íslenskur söngvari hefur reynt sig við lagið, sjálfur Raggi Bjarna.



**MAGNI** Þarf að spýta í lófana til að forðast að lenda meðal þriggja neðstu aftur.



**BRITNEY SPEARS** Kom óvænt fram á „Teen choice awards“ þar sem hún kynnti atriði eiginmanns síns, Kevins Federline.
FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# Kom óvænt fram

Poppprinsessan Britney Spears kom aðdáendum sínum og áhorfendum á verðlaunahátíðinni „Teen Choice awards“ á óvart þegar hún steig á svið til að kynna atriði eiginmanns síns, Kevins Federline. Stúlkan er komin átta mánuði á leið en leit þrátt fyrir það vel út á sviðinu. „Þessi verðlaun komu sjálfri mér á kortið á sínum tíma og ég vona að þau eigi eftir að gera það sama fyrir næsta mann sem stígur á svið,“ sagði Spears með bros á vör þegar hún kynnti Federline til leiks þar sem hann söng lag af nýrri plötu sinni.

Slúðurblöðin í Bandaríkjunum telja þessa framkomu Spears vera vísir að því að hún ætli að koma aftur í bransann eftir barneign númer tvö.



**HÁTTA SIG** Dansararnir hikuðu ekki við að hrista bossann framan í áhorfendur.



**HATTURINN** Hér settu þeir höfuðföt fyrir sínu allra heilagasta og dönsuðu í takt við tónlistina.

# Vöðvatröllin trylltu kvenþjóðina

Á föstudaginn hélt hinn alræmdi dansflokkur Chippendales sýningu á Broadway. Konur flykktust á sýninguna og ekki varð betur séð en að fullt hús hafi verið að horfa á dansflokkinn. Chippendales lofuðu góðri sýningu fyrir kvöldið og sögðust ætla að trylla íslensku kvenþjóðina. Vöðvastæltu karlmönnunum tókst það enda voru konurnar gjörsamlega stjórnlausar þegar folarnir stigu á svið og beruðu sig í takt við háværa teknótónlist. Chippendales tjölduðu öllu til í sýningunni sem stóð í tvær klukkustundir og notuðu ýmsa kynæsandi aukahluti á borð við mótórhjól, rúm og slökkviliðsbúninga. Ekki sýndu þeir þó sitt allra heilagasta en sprönguðu um sviðið á g-strengnum einum klæða sem leit þó út fyrir að vera grunsamlega stór að framan.

Konum gafst kostur á því að versla sér hlýraboli merktum dansflokknum á sýningunni og voru þá teknar upp á svið. Þar klæddu dansaranir þær úr sínum bolum og í hlýrabolinn við mikinn fögnuð áhorfenda. Þær konur sem fóru upp á svið gjörsamlega slefuðu yfir hreyfingum dansarana og hikuðu ekki við að káfa á stæltum og olíjubornum vöðvum dansaranna. Skiptar skoðanir hafa verið um uppátæki Chippendales en fólk getur dæmt fyrir sjálft eftir að hafa skoðað meðfylgjandi myndir.



**GÓÐUR** Þessi félagi var hvergi banginn þegar hann stóð í g-streng í amerísku fánalitunum einum fata fyrir fullu húsi æstra kvenna.



**SLÖKKVILIÐSMENN** Strákarnir sýndu mikil tilþrif á sviðinu og brugðu sér meðal annars í gervi slökkviliðsmanna.



**SUNGIÐ OG DANSAÐ** Atriðin voru mjög vel æfð hjá karlmönnunum enda þeir orðnir sjóaðir í að sýna sig.



**MIKIÐ STUÐ** Þessi var heppin enda ekki hver sem er sem fær að dansa við einn úr Chippendales.




Hugurinn ber þig alla leið

Viltu læra aðferðir sem raunverulega breyta lífi þínu?
Námskeið í NLP tækni.

Upplýsingar á www.ckari.com & í síma: 894-2992



SKÓLAVÖRUR
STÍLABÓK
Office1
Skrúfblýantar
Aðeins
9.-
stk.
Office1
895.-
ALLT fyrir skólann undir einu þaki!!!
Office1
5 gorma stílabækur
Aðeins
399.-
5 í pakka
Office1
4.990.-
Office1
5.990.-
Office1
Grafísk reiknivél
Vörunúmer: 492s6600g
Aðeins
1.990.-
Office1
4.990.-
Office1
Reiknivél - 56 aðgerðir
Aðeins
698.-
Skiptibóka markaður Office1
Afgreiðslutímar í ágúst
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-20
Laugardaga frá 10-18
Sunnudaga 10-18
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19
Fimmtudaga 11-21
Laugardaga 11-18
Sunnudaga 13-18
Office 1 Akureyri
Virka daga frá 10-18
Laugardaga frá 11-16
Sunnudaga 13-16
Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 10-16
Sunnudaga 13-17
Office 1 Ísafirði
Virka daga frá 10-18
Föstudaga 10-19
Laugardaga frá 11-16
Office 1 Vestmannaeyjum
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 10-16
Sunnudaga 13-17
Skiptibóka-markaður Office 1
Office 1 Skeifunni 17
Office 1 Akureyri
Office 1 Ísafirði
Office 1 Vestmannaeyjum
Allt fyrir skólann undir 1 þaki!
HÚSASMIÐJAN ...ekkert mál
Skútuvogur 525 3160
opið: mán - fös 8 - 19,
lau 9 - 19, sun 10 - 19
Grafarholt 520 3900
opið: mán - fös 8 - 19,
lau 9 - 19, sun 10 - 19
Keflavík 421 6500
opið: mán - fös 8 - 18, lau 9 - 13
Selfoss 4 800 800
opið: mán - fös 8 - 18,
lau 9 - 16, sun 12 - 16
Akureyri 460 3500
opið: mán - fös 8 - 18, lau 10 - 16
Skólamarkaður Office 1 er líka í Húsasmiðjunni
Office1 Superstore








# Kraftmikil og pínu sóðaleg frumraun

**[UMFJÖLLUN]**

**TÓNLIST**

Allir þeir sem séð hafa hljómsveitina Reykjavík! á tónleikum vita að þar er þrusugóð hljómsveit á ferð. Krafturinn er með eindæmum, spilamennskan þétt og sviðsframkoma til fyrirmyndar. Plötunnar hafa því væntanlega margir beðið með mikilli eftirvæntingu. Mörgum tónlistarmönnum hefur reyndar tekist erfiðlega að koma hinum flottu hljómum tónleika sinna yfir á plast og mörgum mistekist.

Reykjavík! nær þó furðu vel að yfirfæra þennan ferska hljóm yfir á plötuna sína. Reyndar nær sviðsframkoman ekki neinum hæðum á plötunni af skiljanlegum ástæðum. Krafturinn er svo sannarlega til staðar og spilamennskan er í meira lagi þétt. Í raun má segja að það slitni ekki svitinn á milli laga. Söngur Bóasar Hallgrímssonar er afar traustur enda hefur Bóas fyrir löngu tryggt sinn sess innan íslenska rokkgeirans. Verst er samt að geta ekki haft hann hoppandi um allt eins og á tónleikunum, aftur af skiljanlegum ástæðum.

Það sem vekur kannski mesta athygli á þessari plötu fyrir utan söng Bóasar og kraftmikla og þétta spilamennsku eru góðar og vandaðar lagasmíðar. Lög eins og








**REYKJAVÍK!**

GLACIAL LANDSCAPES, RELIGION, OPPRESSION & ALCOHOL

**Niðurstaða:** Reykjavík! sendir frá sér eina af betri rokkplötum seinni ára á Íslandi. Full af glimrandi hljómi, leiftrandi spilamennsku og glitrandi melódíum. Umfram allt kraftmikil og pínu sóðaleg.

I'm Good to My Friends, Marlboro Friday og Advanced Dungeons & Dragons eru öll melódískari og ljúfari en margt rokk og ról sem maður hefur heyrt áður, án þess þó að vera mjög væmin eða væg. Þessar lagasmíðar eru það mest heillandi við plötuna og því eru „hefðbundnir“ rokkslagarar með pönkuðu yfirbragði það sem er leiðigjarnast á plötunni, til dæmis lögin The Road To Serfdom og Ted Danson (sem er reyndar líka einum of líkt einhverju með Þeysurunum).

Yfirhöfuð er platan samt einn mesti rokkeðalgripur sem komið hefur út hér á landi í ágætis tíma. Heildarmynd plötunnar er sterk og í framtíðinni á hljómsveitin ekkert eftir að gera annað en að bæta sig. Leiðin liggur upp á við hjá Reykjavík! sem þó er hátt uppi.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# Madonna ekki lögsótt

Poppdrottningin Madonna verður ekki kærð fyrir guðlast eins og búist hafði verið við eftir tónleika hennar í Düsseldorf en þetta kemur fram á fréttavef AP-fréttastofunnar.

Þýskir saksóknarar tilkynntu um helgina að þeir hygðust fylgjast grannt með tónleikum Madonnu eftir að þeim hafði borist kvörtun um að söngkonan hefði í frammi guðlast en það er lögbrot samkvæmt þýskum lögum. Madonna hefur oft hneykslað kirkjunnar menn og í einu atriðanna í þessari tónleikaferð lætur hún krossfesta sig með þyrnikórónu á hausnum. Söngkonan vísar hins vegar öllum ásökunum um guðlast á bug. Hún segist vera að benda á eyðnivandann í heiminum en hann er hvað mestur í Afríku og er talið að yfir 25 milljónir manna séu smitaðar af veirunni, þar af tæplega tvær milljónir barna. Þýski biskupinn Magot Kaesmann sagði í samtali við Bild am Sonntag að aðdáendur dívunnar ættu að sniðganga tónleikanna. „Ég hélt að Madonna væri betri en þetta af því hún hefur alltaf sagst vera trúuð manneskja,“ sagði Kaesmann í blaðinu. „En kannski er vanvirðing á trúarbrögðum eina leiðin fyrir roskna poppstjörnu til að láta bera á sér,“ bætti biskupinn við. „Ég biðla því til fólksins að sniðganga tónleikana því stjörnur koma og fara en kristin trú er til að eilífu.“ Talsmaður söngkonunnar í New York sagði að hún væri ekki að hugsað til að vanvirða kirkjuna.

Talsmaður saksóknaraembættisins í Düsseldorf, Johannes Mocken, lýsti því síðan yfir í gær að stjórnvöld í borginni hygðust ekki kæra Madonnu fyrir guðlast. „Sumum trúuðum kann að finnast atriðið móðgandi en það er ekki glæpsamlegt,“ sagði Mocken við fjölmiðla í gær. Poppdívan heldur næst til Hannover en engar fregnir hafa borist af því hvort stjórnvöld þar ætli að grípa til aðgerða.



**KROSSFEST Á WEMBLEY** Madonna hefur vakið mikla athygli fyrir tónleikaferð sína, Confession, en þýsk yfirvöld hafa hótað henni lögsókn. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

# Ekkert brúðkaup hjá Kate í bili

Fyrirsætan Kate Moss er stödd á Balí um þessar mundir þar sem fyrirhugað var að hún og rokkarinn Pete Doherty gengju í það heilaga. Ekki virðist þó ætla að verða úr þeim áformum þar sem Doherty var handtekinn í London á föstudaginn með eiturlyf í fórum sínum og var sendur í tveggja vikna meðferð. Lögfræðingar Moss hafa gert allt sem þeir geta til að reyna að fá Doherty lausan og er fyrirsætan víst í öngum sínum vegna þessa enda var búið að skipuleggja brúðkaupið sem á að vera falleg íhugandi athöfn með ljóðalestri og tilheyrandi.

Kate og Pete hafa verið sundur og saman í nokkur ár en virðast nú vera búin að finna hamingjuna á ný á leiðinni í það heilaga. Það er að segja ef Doherty getur haldið sig frá fangelsinu.



**KATE OG PETE** Vandræðin virðast elta þau hvert sem þau fara.



**ÁSTFANGIN UPP FYRIR HAUS** Moss er stödd á Balí þar sem hún bíður óþreyjufull eftir Doherty sem var handtekinn á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES








# Stjörnufans á IFF

Stórleikararnir Matt Dillon og Marisa Tomei eru væntanleg hingað til lands í næstu viku á vegum IFF - kvikmyndahátíðarinnar sem hefst 30. ágúst. Hollywood-stjörnurnar verða viðstaddar frumsýningu kvikmyndarinnar Factotum sem þau leika bæði í en þetta verður opnunarmynd hátíðarinnar. Leikstjórinn Bent Hamer mun einnig koma til landsins auk framleiðanda myndarinnar, Íslandsvinarins Jim Stark, en hann framleiddi Á köldum klaka eftir Friðrik Þór Friðriksson. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ætla þau Dillon og Tomei að dveljast fram yfir helgi hér á landi og verður þeim væntanlega boðið á Bessastaði eins og öllum öðrum stórstjörnum sem hingað koma í „opinberum" erindagjörðum.

Factotum er byggð á samnefndri sögu hins heimsþekkta rithöfundar Charles Bukowski en aðalpersóna myndarinnar, Hank Chinaski, er lauslega byggð á ævi skáldsins. Chinaski er að reyna lifa af með því að vinna hin ýmsu skíta- störf svo lengi sem þau trufla ekki hans einu sönnu köllun, ljóða- og sagnaskrif. Á sama tíma þarf hann að berjast við annars konar truflanir í formi kvenna, drykkju og veðmála.



**ÍSLEIFUR B. ÞÓRHALLSSON** Hefur veg og vanda af komu stórstjarnanna hingað til lands.



**MATT DILLON** Hefur leikið í kvikmyndum á borð við Rumble Fish og Crash en hann leikur aðalhlutverkið í Factotum, opnunarmynd IFF.

Matt Dillon hefur lengi verið einn virtasti leikari Hollywood og á að baki kvikmyndir eins og The Outsiders, Rumble Fish og Crash en hann hlaut Óskarstilnefningu fyrir hlutverk sitt í síðastnefndu myndinni. Marisa Tomei fékk Óskarinn fyrir leik sinn í kvikmyndinni My Cousin Vinny og hefur leikið í myndum á borð við Chaplin, The Paper og Welcome to Sarajevo.

- fgg



**MARISA TOMEI** Fékk Óskarinn fyrir leik sinn í My Cousin Vinny og hefur leikið í kvikmyndum á borð við Chaplin og The Paper.

# Upphitun í London

Hljómsveitin Jakobínarína mun halda tónleika í King´s College í London þann 12. september næstkomandi ásamt sænsku hljómsveitinni Love is All og Tilly and the Wall frá Bandaríkjunum. Allar þessar sveitir munu koma fram á Iceland Airwaves-hátíðinni sem verður haldin í áttunda sinn dagana 18. til 22. október og eru tónleikarnir hugsaðir sem kynning á hátíðinni. Bera þeir yfirskriftina A Taste of Iceland Airwaves, eða Forsmekkurinn af Iceland Airwaves.

Á meðal annarra hljómsveita sem hafa boðað komu sína á hátíðina eru Kaiser Ciefs, The Go! Team, Brazilian Girls og The Cribs.



**JAKOBÍNARÍNA** Hafnfirska hljómsveitin Jakobínarína spilar í London þann 12. september. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Hótar að kæra

Leikarinn Owen Wilson hótar að kæra alla þá sem saka hann um að vera valdur að skilnaði leikkonunnar Kate Hudson. Aðeins nokkrum dögum eftir að Hudson sagði frá skilnaði sínum og eiginmanns síns til sex ára, Chris Robinson, fóru af stað sögusagnir um meint ástarsamband hennar og Wilsons. Talsmenn leikarans vilja ekki staðfesta orðróminn en fullvissa að Wilson hafi ekki átt neinn þátt í skilnaðinum. Wilson er búinn að ráða lögfræðing sem sér um að kæra alla þá sem halda öðru fram.

**OWEN WILSON** Leikarinn hefur verið orðaður við leikkonuna Kate Hudson sem skildi á dögunum við mann sinn til sex ára. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS



# Ný smáskífa frá Nylon

Nýjasta smáskífulag stúlknasveitarinnar Nylon, Closer, fer í útvarpsspilun bæði hér á landi og í Bretlandi á fimmtudag.

Þetta er annað smáskífulag Nylon en lagið Losing a Friend naut mikilla vinsælda hér á landi og náði auk þess 29. sæti breska vinsældalistans. Fór sá árangur fram úr björtustu vonum sveitarinnar.

Áætlað er að ný plata frá Nylon komi út þann 23. október.



**NYLON** Nýjasta smáskífulag Nylon nefnist Closer.


Gerðu **mikið** úr litlu!

**2 fyrir 1 í Sambíóin** alla þriðjudaga
Skráðu þig í Námsmannaþjónustu
Sparisjóðsins og þú færð
**Bíókort – 4 x frítt í bíó** og margt fleira.

Poppkorn er ekki bara gott, það er líka fallegt. Ef þú átt nál og tvinna er lítið mál að búa til flotta perlufesti.



SPARISJÓÐURINN
Námsmannaþjónusta

Fíton/SÍA



## Miðasala hefst í dag

Miðasala á landsleik Íslands og Danmerkur, sem fram fer á Laugardalsvelli þann 6. september næstkomandi, hefst á hádegi í dag. Hægt er að kaupa miða á midi.is sem og í verslunum Skífunnar á höfuðborgarsvæðinu og í verslunum BT á Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi.

**sport**

sport@frettabladid.is

ÁRMANN SMÁRI BJÖRNSSON: Á LEIÐ Í ATVINNUMENNSKU TIL NORSKA LIÐSINS BRANN

# Þetta sumar hefur verið ævintýri líkast

Líf Hornfirðingsins Ármanns Smára Björnssonar hefur verið ævintýri líkast í sumar. Eftir að hafa mátt þola mikla bekkjarsetu hjá Íslandsmeisturum FH fékk hann langþráð tækifæri þegar hver varnarmaðurinn á fætur öðrum meiddist hjá liðinu. Ármann Smári hefur gripið tækifærið báðum höndum því aðeins nokkrum mánuðum síðar er hann búinn að spila sinn fyrsta A-landsleik og semja við norska úrvalsdeildarfélagið Brann til þriggja og hálfs árs.

„Þetta sumar er svo sannarlega búið að vera ævintýri líkast og staðan sem komin er upp er ekki sú sem maður gerði ráð fyrir í upphafi sumars. Ég er eiginlega ekki búinn að átta mig á þessu almennilega og geri það eflaust ekki fyrr en ég verð kominn út til Noregs."

Ármann játaði að þolinmæðin eftir tækifæri hefði verið orðin ansi lítil þegar hann fékk loksins tækifæri til að láta ljós sitt skína. Þrátt fyrir það gerði hann nýjan samning við FH skömmu áður en félögin náðu saman en hann vildi að félagið fengi eitthvað fyrir sig. Samkomulag náðist síðan fljótlega í kjölfarið á milli liðanna. Pétur Stephensen, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar FH, sagðist vera sáttur við verðið sem fékkst fyrir Ármann en vildi ekki gefa upp hversu mikið hann hefði kostað.



Síðasti leikur Ármanns með FH verður gegn Breiðablik á sunnudag og síðan heldur hann einn utan til Noregs en kona hans og barn koma síðar þegar hann verður búinn að finna fjölskyldunni heimili.

„Tímasetningin til að fara út er rétt að mínu mati. Ég er 25 ára gamall, kominn með ágæta reynslu og tel mig því vera tilbúinn að takast á við atvinnumennskuna," sagði Ármann Smári sem var í herbúðum félagsins í þrjá mánuði fyrir nokkrum árum síðan. Fyrir hjá félaginu hittir hann tvo aðra Íslendinga – Kristján Örn Sigurðsson og Ólaf Örn Bjarnason.

## > ÍBV safnar liði

Hlynur Sigmarsson og félagar í handknattleiksdeild ÍBV hafa ekki gefist upp í baráttunni í handboltanum og safna nú liði sem aldrei fyrr. Í gær staðfesti ÍBV að það hefði samið við serbneska landsliðsmarkvörðinn Branka Jovanovic en hún er yngri systir Jelenu sem hefur varið mark Stjörnunnar undanfarin ár af myndarskap. Jovanovic mun leysa af hólmi sem Florentinu Grecu fór í raðir Stjörnunnar. Jovanovic er 35 ára og á að baki hundruð landsleikja ásamt því sem hún hefur margoft orðið slóvenskur meistari. Greinilega góður liðsstyrkur hér á ferðinni og með sama áframhaldi í leikmannasöfnun verður ÍBV með eitt af toppliðunum í vetur.

LANDSBANKADEILDIN

# Heppinn að fótbrotna ekki

**KR-ingurinn Grétar Ólafur Hjartarson er ekki sáttur við rauða spjaldið sem hann fékk gegn Blikum á sunnudag og ekki heldur með tæklingu Blikans Viktors Unnars Illugasonar. Þetta er annað umdeilda rauða spjald Grétars í sumar.**

**FÓTBOLTI** Það lá við að upp úr syði í Kópavoginum á sunnudagskvöld þegar Blikanum Viktori Unnari Illugasyni og KR-ingnum Grétari Ólafi Hjartarsyni laust saman. Viktor tæklaði þá Grétar nokkuð hraustlega á miðjum vellinum og einhver átök urðu í kjölfarið. Dómari leiksins, Erlendur Eiríksson, sendi þá báða í bað en við þá ákvörðun var Grétar ekki sáttur.

„Ég er helvíti ósáttur og mér fannst ég hefði í það mesta átt að fá gult spjald fyrir minn þátt í málinu. Ég ýti hinum bara frá mér og það eftir að hann tæklar mig, tekur utan um mig og klípur í mig," sagði Grétar frekar ósáttur en hann skilur ekkert hvað táningurinn var að hugsa með tæklingunni. „Ég var hreinlega heppinn að hafa ekki fótbrotnað. Ef ég hefði staðið í lappirnar hefði ekki þurft að spyrja að leikslokum. Þetta var mjög ljót tækling og þar að auki á miðjum vellinum þegar ekkert var að gerast. Slæmt líka fyrir liðið því ég var nýbúinn að biðja um skiptingu vegna meiðsla þegar hann tæklaði mig."

Þetta er annað rauða spjaldið sem Grétar fær í sumar en hið fyrra kom upp á Akranesi í 2. umferð mótsins en það var einnig mjög umdeilt spjald. Grétar á því yfir höfði sér tveggja leikja bann og þar af leiðandi lítið eftir af sumrinu hjá honum en lítið hefur gengið upp hjá framherjanum í sumar.

Viktor Unnar, sem hafði aðeins verið inni á vellinum í fimm mínútur þegar honum var vísað af velli, var ekki alveg á sama máli og Grétar.

„Ég ætlaði aldrei að meiða hann heldur fór ég bara í boltann. Eftir að hafa horft á þetta get ég alveg viðurkennt að tæklingin var frekar vafasöm og ætli rauða spjaldið hafi ekki verið réttlátt," sagði Viktor Unnar en hann telur að rauða spjald Grétars hafi einnig verið verðskuldað. „Hann sparkar í mig þegar við liggjum og hrindir mér síðan í kjölfarið."

henry@frettabladid.is



**„ÞIÐ MEGIÐ FARA Í STURTU"** Erlendur Eiríksson, dómari og málari, vísar hér KR-ingnum Grétari Ólafi og Blikanum Viktori Unnari Illugasyni til búningsherbergja eftir að þeir höfðu tekist á undir lok leiksins. FRÉTTABLAÐIÐ/TOMASZ ÞÓR VERUSON



**EFTIRMINNILEGT SUMAR** Grétar Ólafur hefur átt erfitt uppdráttar í sumar, lítið skorað og fengið tvö rauð spjöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**BENDTNER** Stór og sterkur framherji sem gæti leikið í Dalnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Danska landsliðið:

# Bendtner heldur sæti sínu

**FÓTBOLTI** Morten Olsen, landsliðsþjálfari Dana, hefur valið leikmannahóp sinn fyrir rimmuna gegn Íslandi á Laugardalsvelli sem fram fer þann 6. september næstkomandi en leikurinn er liður í undankeppni EM. Hinn stórefnilegi 18 ára framherji, Nicklas Bendtner, heldur sæti sínu í liðinu en hann skoraði í vináttuleik gegn Pólverjum í síðustu viku.

Bendtner, sem er á mála hjá Arsenal en á láni hjá Birmingham, þykir eitt mesta efni sem komið hefur fram í Danmörku lengi. - hbg

**HÓPURINN:**

| | |
|---|---|
| Jesper Christiansen | FC Köbenhavn |
| Thomas Sörensen | Aston Villa |
| Brian Priske | Club Brugge |
| Daniel Agger | Liverpool |
| Jan Kristiansen | Nurnberg |
| Lars Jacobsen | FC Köbenhavn |
| Michael Gravgaard | FC Köbenhavn |
| Niclas Jensen | Fulham |
| Per Kroldrup | Fiorentina |
| Per Nielsen | Bröndby |
| Thomas Helveg | Mönchengladbach |
| Christian Poulsen | Sevilla |
| Claus Jensen | Fulham |
| Daniel Jensen | Werder Bremen |
| Rasmus Wurtz | Aalborg |
| Thomas Gravesen | Real Madrid |
| Thomas Kahlenberg | Auxerre |
| Dennis Rommedahl | Charlton |
| Jesper Grönkjær | FC Köbenhavn |
| Jon Dahl Tomasson | Stuttgart |
| Martin Jörgensen | Fiorentina |
| Nicklas Bendtner | Birmingham |
| Peter Lövenkrands | Schalke |
| Sören Larsen | Schalke |

Helena Ólafsdóttir spáir í undanúrslitaleiki VISA-bikarkeppni kvenna sem fara fram í kvöld:

# Valur og Breiðablik fara í úrslitaleikinn

**FÓTBOLTI** Í kvöld fara fram undanúrslitaleikir í VISA-bikarkeppni kvenna í knattspyrnu. Valur mætir Stjörnunni á Valbjarnarvelli kl. 17.00 og Breiðablik mætir Fjölni á Kópavogsvelli kl. 17.30. Fréttablaðið hafði samband við Helenu Ólafsdóttur, þjálfara KR, og spurði hana álits á leikjunum í kvöld.

„Ég segi nú bara að sem betur fer dróst þetta svona. Leikur Vals og Stjörnunnar gæti orðið athyglisverður, Stjarnan er sem stendur í 4. sæti deildarinnar og þetta er kannski eini möguleiki þeirra á að vinna eitthvað. En ég er samt nánast klár á því að Valur vinni þennan leik," sagði Helena og sagði jafnframt að Stjarnan yrði að hafa góðar gætur á Margréti Láru. „Ef Stjarnan nær að stoppa hana [Margréti Láru], spila þétt-an og góðan varnarleik og beita skyndisóknum ættu þær alveg að geta strítt Valsstúlkum, því að Stjarnan er með fljóta sóknar- og kantmenn. Valur hefur líka hefðina fram yfir Stjörnuna í svona keppni og það vegur líka þungt," bætti Helena við.

„Fjölnir á ekkert erindi í Breiðablik eins og staðan er í dag," sagði Helena hreint út. Helena benti líka á þá staðreynd að miklar væntingar hefðu verið gerðar til Breiðabliks í sumar og að Blikastelpur væru ekki alveg búnar að standa undir þeim væntingum. „Breiðablik hefur hins vegar verið á mikilli uppleið eftir í Evrópukeppninni og þær stúlkur hljóta að vera staðráðnar í því að vinna þessa keppni og verja sinn titil sem bikarmeistarar. Ef Valur og Breiðablik mætast í úrslitum þá á ég von á frábærum úrslitaleik. En það má ekki gleyma þessum leikjum sem þarf að spila á undan," sagði Helena Ólafsdóttir að lokum. - dsd



**BREIÐABLIK** Edda Garðarsdóttir og félagar í Breiðablik ættu að vinna sinn leik nokkuð auðveldlega í kvöld.

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

GOTT FÓLK McCANN

Í KVÖLD KL. 18:25

# MACCABI HAIFA
# LIVERPOOL

FORKEPPNI MEISTARADEILDARINNAR

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

# KEMST LIVERPOOL ÁFRAM?



Á MORGUN KL.18:55
Arsenal - Dynamo Zagreb

Á FÖSTUDAG
UEFA Super Cup
Barcelona - Sevilla
World Golf Championship

KF NÖRD HEFST 31. ÁGÚST

sýn
besta sætið

Robert Pires:

# Er alvarlega meiddur

**FÓTBOLTI** Franski knattspyrnumaðurinn Robert Pires, sem gekk í raðir Villarreal frá Arsenal í sumar, meiddist illa á vinstra hné í æfingaleik gegn Cadiz á föstudaginn. Pires skaddaði krossband og þarf að gangast undir aðgerð til að fá bót meina sinna.

Annar leikmaður Villarreal, Gonzalo Rodriguez, skaddaði einnig krossbönd í síðustu viku og ljóst er að þetta er mikil blóðtaka fyrir Villarreal. „Þetta eru sömu meiðsli og hjá Gonzalo,“ sagði Fernando Roig, forseti Villarreal. Ljóst þykir að Pires muni missa af meirihluta leiktíðarinnar sem senn fer að hefjast á Spáni. - dsd

Tiger Woods ætlar að bæta árangur goðsagnarinnar Jacks Nicklaus:

# Tólf risatitlar í húsi hjá Tiger

**GOLF** Tiger Woods tryggði sér á sunnudaginn sinn 12. sigur á risamóti þegar hann lék hringinn á 68 höggum eða 4 höggum undir pari á lokadegi PGA-meistaramótsins á Medinah-vellinum í Illinois. Með sigrinum varð hann fyrsti golfarinn til að vinna PGA-meistaramót tvisvar á sama velli. Hann lék hringina 4 á 270 höggum, samtals 18 höggum undir pari, og var 5 höggum á undan næsta manni sem var Shaun Micheel.

Tiger Woods hefur sett sér það markmið að bæta árangur Jacks Nicklaus á risamótum, en Nicklaus vann 18 sigra á risamótum á sínum ferli. „Það er enn löng leið framundan. Það tók Jack (Nicklaus) 20 ár að ná sínum árangri – 18 er stór tala,“ sagði Tiger Woods eftir sigurinn um helgina.



**TIGER WOODS** Vann enn einn titilinn um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Woods byrjaði síðasta daginn jafn Bretanum Luke Donald en sagði að púttin hjá sér hefðu ráðið úrslitum á lokadeginum. „Þetta var mjög sérstakur dagur. Ég átti frábæran dag á flötunum og mér fannst eins og ég gæti sett boltann ofan í hvenær sem er. Það er ekki oft sem maður fær svona tilfinningu og það vildi svo til að ég fann hana á síðasta degi á risamóti. Þetta er frábær tilfinning,“ sagði tólfaldur risamótsmeistari í golfi, Tiger Woods. - dsd

Obafemi Martins:

# Á leið til Newcastle

**FÓTBOLTI** Nígeríski landsliðsframherjinn Obafemi Martins, sem er á mála hjá Inter Milan, sagði frá því í gær að hann væri á leið til Newcastle á Englandi. „Ég er á leiðinni til Newcastle,“ sagði Martins, sem ólmur vill komast frá Inter Milan eftir að liðið fékk bæði Zlatan Ibrahimovic og Hernan Crespo til liðs við sig í sumar. Félögin tvö eru sögð hafa komist að samkomulagi um kaupverð og mun það vera um 10,9 milljónir punda.

„Að spila í úrvalsdeildinni hefur lengi verið markmið mitt og ég er mjög ánægður með að geta gengið frá þessum málum á næstu dögum,“ bætti Martins við. - dsd








**OWEN HARGREAVES** Vill komast til Man. Utd en Bayern München tekur ekki í mál að sleppa honum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Uli Höness sendir Hargreaves tóninn:

# Annaðhvort heldur hann kjafti eða ég verð reiður

**FÓTBOLTI** Bayern München ætlar ekkert að gefa eftir í baráttunni gegn leikmanni sínum, Owen Hargreaves sem heldur áfram að segja við blaðamenn að hann vilji fara til Manchester United. Bayern vill ekki selja og framkvæmdastjóri félagsins, Uli Höness, er gramur yfir því að enski landsliðsmaðurinn sé að búa til læti í þeirri von að hann verði seldur.

„Ég ráðlegg honum að halda kjafti því annars verð ég reiður og það er ekki gott fyrir hann,“ sagði Höness ákveðinn. „Ég skil ekki af hverju hann heldur þessu áfram eftir samtölin tvö sem ég hef átt við hann. Honum verður ekki leyft að fara frá félaginu og hann verður að læra að virða ákvarðanir yfirmanna sinna. Þetta er einfaldlega spurning um virðingu.“ - hbg

Ítalska deildin enn í uppnámi:

# Juventus gefst ekki upp

**FÓTBOLTI** Forráðamenn Juventus neita að játa sig sigraða í baráttunni við ítölsk yfirvöld. Juventus var dæmt niður í næstefstu deild og þarf að byrja tímabilið með sautján stig í mínus.

Juve hefur enn og aftur áfrýjað úrskurðinum en forráðamenn félagsins virðast vera tilbúnir að fara alla leið með málið. Á meðan er alls óvíst hvenær ítalska deildin hefst en nú þegar hefur henni verið seinkað til 10. september.

Fyrstu áfrýjun Juventus var hafnað af Ólympíusambandi Ítalíu og því hefur félagið ákveðið að fara með málið fyrir almenna dómstóla í landinu. Talið er líklegt að Juve fari enn lengra með málið verði úrskurður ítalskra dómstóla félaginu ekki að skapi. Það gæti þýtt að ítölsku deildinni verði seinkað langt fram á vetur.

Juventus var ekki eingöngu dæmt niður um deild og gert að byrja deildina með mínus sautján stig heldur voru síðustu tveir meistaratitlar teknir af félaginu. Inter var dæmdur annar titilinn en enginn meistari er skráður á Ítalíu hitt árið.

Juventus var ekki eina félagið sem var dæmt í hneykslismálinu því AC Milan, Fiorentina og Lazio fengu einnig dóma en ekkert félag fékk eins þungan dóm og Juventus.

Hollenski landsliðsmaðurinn Khalid Boulahrouz til Chelsea:

# Kaupin á Cole úr sögunni?

**FÓTBOLTI** Chelsea gekk í gær frá kaupum á hollenska landsliðsmanninum Khalid Boulahrouz frá þýska liðinu Hamburg SV. Kaupverðið er ekki uppgefið. Leikmaðurinn fór í læknisskoðun hjá Chelsea um síðustu helgi og horfði á liðið leggja Manchester City í fyrsta leik meistaranna á tímabilinu.

Boulahrouz er sterkur miðvörður en getur einnig leikið sem bakvörður, bæði hægra og vinstra megin. „Í landi þar sem eingöngu má hafa 16 leikmenn í hóp á leikdegi er mikilvægt að hafa leikmenn sem geta leikið margar stöður á vellinum,“ sagði Jose Mourinho, framkvæmdastjóri Chelsea.



**KHALID BOULAHROUZ** Nýjasti liðsmaður Chelsea. NORDIC PHOTOS/GETTY

Þessi kaup eru talin draga úr líkum á því að Chelsea kaupi Ashley Cole en auka líkur á því að þeir selji William Gallas. - dsd

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

KB BANKI

LAUGARDAGSKVÖLD
5
DAGAR Í BÚBBANA!

NÝTT ÍSLENSKT
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA!

# BÚBBARNIR

Alvöru íslenskt brúðugrín byrjar á laugardaginn kl. 20:05

2



GOTT FÓLK McCANN

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„Sorry, but a toll is a toll, and a roll is a roll, and if we don't get no tolls, then we don't eat no rolls. „**

Svar: Little John úr kvikmyndinni Robin Hood: Men in Tights frá árinu 1993.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR ER LOKSINS DOTTIN INN Í SPENNUÞÆTTI

## *Týndu sálirnar í lífsháska*

Ég hef einhvern veginn aldrei haft neina trú á spennuþáttunum sem verða vinsælir. Skildi aldrei hvernig var hægt að detta svona allsvakalega inn í sjónvarpsefni og láta það í rauninni stjórna lífinu á einn eða annan hátt. Sumir geta nefnilega ekki talað um annað á mannamótum ef þeir láta óraunveruleikann glepja sig og tala jafnvel um karakterana eins og góðvini sína.

En nú er öldin önnur hjá mér því ég var að uppgötva hina stórgóðu spennuþætti Lost eða Lífsháska en þeir voru sýndir síðasta vetur á RÚV og munu byrja aftur í haust. Þá skildi ég ekki vini mína sem voru viðþolslausir sama kvöld og þættirnir voru sýndir og algjörlega óviðræðuhæfir á meðan þeir voru í gangi, sama hvað gekk á.

Loksins í sumar bugaði forvitnin gagnrýnisröddina og ég ákvað að fjárfesta í fyrstu seríunni af þessum spennuþáttum enda er nauðsynlegt að byrja á svona seríum frá grunni. Og viti menn, ég er gjörsamlega orðin háð þessum þáttum. Það sem þeir hafa fram yfir aðra þætti er að persónurnar eru allar raunverulegar og maður getur auðveldlega sett sig í spor þeirra. Enginn byssuhasar eða lögfræðidrama heldur flugslys, eyðieyja sem kemur sífellt á óvart og persónur sem áhorfandinn kynnist hægt og bítandi. Þetta er svakalega góð uppskrift sem heldur manni á tánum út alla þætti og enn sem komið er hef ég ekki lent á leiðinlegum þætti.

Þættirnir skilja líka mörg spurningarmerki eftir sig sem gerir það að verkum að ég bara verð að horfa á að minnsta kosti tvo þætti á kvöldi. Heyrði því fleygt að framleiðendur Lífsháska hafi einungis ætlað að gera eina seríu en vegna vinsældanna hafi þeir gert eina í viðbót. Ég hreinlega vona að serían sem kemur núna í vetur verði sú síðasta því þessu góða efni má ekki nauðga þangað til fólk fær leið og í staðinn eiga þeir koma með magnþrunginn lokaþátt næsta vor þar sem leyndardómar eyjunnar verða upplýstir.

Auk þessa hef ég ávallt velt fyrir mér þýðingunni á titlinum. Af hverju heitir hann ekki bara „Týnd" á íslensku? Stutt og laggott.



**TÝNDA FÓLKIÐ** Þessi karakter, Hurley, er orðinn ein af uppáhaldspersónum Álfrúnar í spennuþáttunum.



▶ 22.25 *Spenna*

MURPHY'S LAW



▶ 20.50 *Lokaþáttur*

LAS VEGAS



▶ 22.20 *Gaman*

DUDE, WHERE'S MY CAR?



▶ 22.30 *Gaman*

LOVE MONKEY



▶ 19.40 *Umræða*

HRAFNAÞING

### SJÓNVARPIÐ

**16.20** Kóngur um stund (10:12) **16.50** Bikarkeppnin í fótbolta **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Bikarkeppnin í fótbolta

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Veronica Mars (1:22)** (Veronica Mars II) Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum eftir að besta vinkona hennar er myrt og pabbi hennar missir vinnuna.
**20.55 Kastljós – molar** Snákar og risaköngulær – óvenjuleg gæludýr. e.
**21.00 Ingvar víðförli** (Vittfarne)
**22.00 Tíufréttir**
▶ **22.25 Lögmál Murphys (6:6)** (Murphy's Law) Breskur spennumyndaflokkur um rannsóknarlögreglumanninn Tommy Murphy. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20** Kastljós **23.50** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Sisters

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement (23:25) **13.30** Meistarinn (7:22) (e) **14.15** Numbers (12:13) **15.00** Amazing Race (14:15) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons (13:22)** (Simpson-fjölskyldan)
**20.05 The Apprentice (7:14)** (Lærlingurinn)
▶ **20.50 Las Vegas (23:23)** (Father Of the Bride) Í þessum lokaþætti þáttaraðarinnar er brúðkaup í uppsiglingu og steggja- og gæsapartí setja skrautlegan svip á annars æði skrautlegt Montecito-spilavítið. Á meðan fær Ed óþægilega heimsókn sem tengist CIA-fortíð hans. B. börnum.
**21.35 NCIS (7:24)**
**22.20 Curb Your Enthusiasm (9:10)** (Rólegan æsing)
**22.50 Blue Murder** (Blákalt morð)

**0.00** Bones (B. börnum) **0.45** Terminal Velocity (e) (Str. b. börnum) **2.25** For da Love of Money (B. börnum) **4.05** NCIS (7:24) (B. börnum) **4.50** The Simpsons **5.15** Fréttir og Ísland í dag

### SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Twins (12:18) (e)** (Blonde Ambition) Lee hjálpar Mitchee að taka sig til fyrir starfsmannapartý. Hún setur hana í nýjan kjól og breytir hárgreiðslunni hennar og verður Mitchee ekki ánægð með útkomuna.
**20.00 Seinfeld (20:22)**
**20.30 Sushi TV (1:10) (e)**
**21.00 Bernie Mac (20:22)** (Five Stages Of Bryana) Þriðja þáttaröðin um grínistann Bernie Mac og fjölskylduhagi hans.
**21.30 Invasion (21:22)**
▶ **22.20 Dude, Where's My Car?** (Hey, hvar er bíllinn minn?)

**23.40** Rescue Me (13:13) **0.25** Seinfeld (20:22)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Brúðkaupsþátturinn Já (e)

**16.10** Surface (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Beverly Hills 90210**
**19.45 Melrose Place** Bandarísk þáttaröð um íbúana í Melrose Place, sem unnu hug og hjarta áhorfenda á sínum tíma.
**20.30 Whose Wedding is it Anyway?** Ný raunveruleikasería þar sem fylgst er með fólkinu sem undirbýr brúðkaup ríka og fræga fólksins.
**21.30 Brúðkaupsþátturinn Já**
▶ **22.30 Love Monkey** Tom og strákarnir eru á leiðinni í jarðarför eiganda uppáhalds pizzustaðar síns og kemst Tom þá að því að sonur eigandans, Ray, er frábær söngvari og gæti orðið stjarna.

**23.20** Jay Leno **0.05** Law & Order (e) **1.00** Rock Star: Supernova – tónleikarnir og kosningin **2.00** Beverly Hills 90210 (e) **2.45** Melrose Place (e) **3.30** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið, fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30 Kvöldfréttir**
**19.00 Ísland í dag**
▶ **19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.20 Brot úr fréttavakt**
**20.30 Örlagadagurinn (11:12)** (Lífið eftir pólitík) Örlagadagur Bryndísar Hlöðversdóttur fyrrverandi þingmanns. Hvers vegna stóð Bryndís upp úr öruggu þingsæti sínu og hóf að kenna við lagadeildina á Bifröst?
**21.00 Fréttir**
**21.10 48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing**

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Hrafnaþing

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.05** The Crocodile Hunter: Collision Course **8.00** How to Kill Your Neighbor's D **10.00** Live From Bagdad **12.00** De-Lovely **14.05** The Crocodile Hunter: Collision Course **16.00** How to Kill Your Neighbor's Dog **18.00** Live From Bagdad **20.00 De-Lovely** **22.05 Sleeping Dictionary** **0.00** Angels Don't Sleep Her **2.00** Deathlands **4.00** Sleeping Dictionary (Bönnuð börnum)

### SKJÁR SPORT

**7.00** Að leikslokum **14.00** West Ham – Charlton e **16.00** Sheffield Utd – Liverpool **18.00** Þrumuskot (e)

**18.50 Watford-West Ham**
**21.00 Tottenham – Shefield Utd**

**23.00** Newcastle – Wigan **1.00** Dagskrárlok

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**11.00** Gone Bad **11.30** Behind the Scenes **12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** THS Pink **15.00** What Hollywood Taught Us About Sex **17.00** Girls of the Playboy Mansion **17.30** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Women Of Sex and The City **21.00** Wild On Tara **21.30** Wild On Tara **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** THS Women Of Sex and The City **2.00** 101 Most Starlicious Makeovers

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



# VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Bernie Mac **Sirkus** kl. 21.00

## *Ferskur, gáfaður og ákveðinn*



Bernie Mac er engum líkur. Lengi vel reyndu framleiðendur og leikstjórar að breyta honum í eitthvað sem þætti áhorfendavænna. Bernie neitaði að breytast og hefur sú þrautsegja skilað honum á þann stað sem hann er í dag.
Í þáttunum leikur Bernie mann sem hefur komið sér vel fyrir í Los Angeles ásamt konu sinni. Skyndilega neyðist hann til að taka við þremur börnum systur sinnar þegar hún er send í meðferð. Eins og gefur að skilja gengur á ýmsu og þrátt fyrir að Bernie vilji ítrekað „lemja þau í hausinn þar til hvíta kjötið sést,“ þykir honum ósköp vænt um gríslingana þrjá.
Öfugt við flesta fjölskyldufeður í bandarísku sjónvarpi er Bernie ferskur, gáfaður, ákveðinn og tekur ekki við neinu rugli frá neinum. Eitthvað annað en bollurnar sem bara horfa á ameríska fótboltann, klóra sér í hausnum og enginn skilur hvernig þeir náðu í þessar fallegu konur.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 5 | | | |
| 3 | 7 | | 2 | | | | | 9 |
| | | | | | | 4 | | |
| | | | | 7 | | | 5 | 6 |
| 2 | | | 6 | | 1 | | | 4 |
| 7 | 1 | | | 3 | | | | |
| | | 3 | | | | | | |
| 6 | | | | | 3 | | 8 | 2 |
| | | | 7 | | | | 1 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 6 | 8 | 2 | 4 | 3 | 9 | 5 |
| 4 | 2 | 3 | 6 | 5 | 9 | 8 | 1 | 7 |
| 8 | 9 | 5 | 3 | 7 | 1 | 2 | 6 | 4 |
| 5 | 3 | 4 | 9 | 8 | 6 | 7 | 2 | 1 |
| 2 | 6 | 9 | 7 | 1 | 3 | 4 | 5 | 8 |
| 1 | 7 | 8 | 5 | 4 | 2 | 9 | 3 | 6 |
| 6 | 4 | 1 | 2 | 3 | 7 | 5 | 8 | 9 |
| 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 8 | 6 | 4 | 2 |
| 9 | 8 | 2 | 4 | 6 | 5 | 1 | 7 | 3 |



**17.50**

*Evrópukeppnin*

MACCABI HAIFA – LIVERPOOL

SÝN besta sætið

**17.50** Meistaradeild Evrópu 2006 – forkeppni 3. umferð (Maccabi Haifa – Liverpool)

**19.55** **Ensku mörkin 2006-2007** (Ensku mörkin 2006-2007) Frábær þáttur þar sem farið er yfir allt það helsta á hverjum tíma í ensku 1. deildinni í knattspyrnu.

**20.25** **Einvígið á Nesinu** (Einvígið á Nesinu) Árlega fer fram óvenjulegt en skemmtilegt golfmót til styrktar góðu málefni á Nesvellinum á Seltjarnarnesi.

**21.15** **Kóngur um stund (7:16)**

**21.45** **World's Strongest Man** (Sterkasti maður heims) Í kvöld verður sýnt frá keppninni 1988.

**22.45** **Meistaradeild Evrópu 2006 – forkeppni 3. umferð (Maccabi Haifa – Liverpool)**

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.03** Hádegisútvarp **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Einn, tveir, þríri **15.03** Hið ómótstæðilega bragð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Litla flugan **19.40** Laufskálinn **20.20** Óvissuferð – allir velkomnir **21.10** Eitt sinn lifði ég guðanna sæld **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónlistarhornið **22.30** Kvöldsagan **23.00** Eiginkonur gömlu meistaranna **23.05** Viðeyjarferjan **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið **17.30** Fótboltarásin **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Rokkland **0.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson **12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis **18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957 /** Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður





Þú færð flugmiða* til Kaupmannahafnar með Icelandair þegar þú kaupir fartölvu.

Takmarkað magn!

*Flugvallarskattur innifalinn. Flug fram og til baka fyrir einn, gildistími í ár.





Opið til 21.00 í kvöld

**129.900 kr.**
+ flugmiði til Köben

## HP Compaq nx6325 Sempron

**Örgjörvi:** AMD Sempron 3500+ Mobile Processor 2.0GHz
**Skjár:** 15" XGA 1024x768
**Minni:** 512MB DDR RAM SMART
**Harður diskur:** 80GB 5400rpm
**Drif:** DVD+/-RW (DVD skrifari)
**Skjákort:** ATI Mobility Radeon Xpress 1150 m/allt að 128MB video RAM
**Netkort:** 10/100/1000 mbit netstýring og 802.11b/g WLAN (Þráðlaust netkort)
**Rafhlaða:** 6-Cell LiIon rafhlaða
**Stýrikerfi:** Microsoft Windows XP Professional
**Þyngd:** 2,6 kg
**Ábyrgð:** 3 ára HP ábyrgð með HP Carepack (gildir í Evrópu EMEA)
Vörunúmer: HPEY358EA

**184.900 kr.**
+ flugmiði til Köben

## HP Compaq nx7400

**Örgjörvi:** Intel Core Duo T2400 (1,83 GHz, 667 MHz FSB, 2 MB L2 cache)
**Skjár:** 15,4" WXGA 1280x800
**Minni:** 1024MB DDR RAM SMART
**Harður diskur:** 100GB 5400rpm
**Drif:** DVD+/-RW (DVD skrifari)
**Skjákort:** Intel Graphics Media Accelerator 950, allt að 128MB
**Netkort:** Þráðlaust 802.11b/g, 10/100/1000 Bluetooth
**Rafhlaða:** 6-Cell LiIon rafhlaða
**Stýrikerfi:** Microsoft Windows XP Professional
**Þyngd:** 2,7 kg
**Ábyrgð:** 3 ára HP ábyrgð með HP Carepack (gildir í Evrópu EMEA)
Vnr: HPEY252EA

Oddi hönnun vo_b6252

ODDI

www.oddi.is SKRIFSTOFUVÖRUR

Borgartúni 29 • Reykjavík
Opið kl. 8-18, lau. 11-16
**Í kvöld og annað kvöld til kl. 21.00**

Höfðabakka 3 • Reykjavík
Opið kl. 8-18
**Í kvöld og annað kvöld til kl. 21.00**

Glerárgötu 34 • Akureyri
Opið kl. 8-18
**Í kvöld og annað kvöld til kl. 21.00**



## HRÓSIÐ

*... fær Birna Þórarinsdóttir sem er fyrsta íslenska konan til að hljóta námsstyrk frá Alþjóðaörvggissamtökum kvenna.*

# Margir eldklárir keppa í hrútaþukli

Færustu hrútaþuklarar landsins leggja nú lokahönd á undirbúning fyrir árlegt meistaramót í hrútaþukli sem haldið verður á Ströndum um helgina. Fer mótið fram í Sauðfjársetrinu í Sævangi, skammt sunnan við Hólmavík, og má eiga von á að hundruð manna leggi leið sína á mótið.



„Í fyrra komu um þrjú hundruð og við búumst við þeim fjölda, þótt ekki keppi nema svona sextíu til sjötíu. Hinir eru bara að koma að sýna sig og sjá aðra,“ segir Jón Jónsson, skipuleggjandi meistaramótsins. Keppt er í tveimur flokkum, flokki reyndra hrútadómara og þeirra sem eru óvanir í hrútaþukli, og segir Jón að Strandamenn séu færir í hrútadómum enda sé svæðið þekkt fyrir sauðfjárrækt. „Eitt árið unnu heimamenn en síðustu ár hafa utanhéraðsmenn unnið okkur Strandamenn í þessu, bara komið og hrifsað verðlaunin,“ segir Jón. Hann bætir við að í flokki reyndra hrútadómara vinni yfirleitt bændur þótt vinningshafi síðasta árs hafi einnig verið kjötmatsmaður.

Handhafi meistaramótstitilsins heitir Björn Þormóður Björnsson á Ytra-Hóli í Vindhælishreppi og segir Björn að vel geti farið svo að hann taki þátt í mótinu um helgina. Aðspurður segist hann þó ekki fara þangað til að verja meistaratitil sinn. „Engum hefur tekist að verja titilinn, enn sem komið er. Það er ekkert gefið í þessu fyrirfram, þeir eru eldklárir margir í þessu,“ segir Björn sem bætir við að keppnin sé nú aðallega gerð til gamans og úrslitin geti því fallið hvernig sem er. Björn segir að keppnin snúist alls ekki eingöngu um hrútaþukl heldur þarf einnig að nota augun og fleira. „Mér þykir hrútaþukl vera hálf skrítið orð, þetta eru eiginlega bara hrútadómar,“ bætir Björn við. **-at**



**KEPPT Í HRÚTAÞUKLI** Um næstu helgi er árlegt meistaramót í hrútaþukli haldið í Sauðfjársetrinu í Sævangi á Ströndum.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** **2** íþrótt **6** tveir eins **8** eldsneyti **9** útsæði **11** hljóta **12** spergill **14** gerir við **16** hvað **17** angra **18** kærleikur **20** til **21** málmur.

**LÓÐRÉTT:** **1** tefja **3** klafi **4** vegsama **5** hamfletta **7** ólmast **10** hrópa **13** temja **15** flokka **16** rámur **19** á fæti.

**LAUSN:**

**LÁRÉTT: 2** golf, **6** ææ, **8** kol, **9** fræ, **11** fá, **12** aspas, **14** lagar, **16** ha, **17** ama, **18** ást, **20** að, **21** stál.

**LÓÐRÉTT: 1** þæfa, **3** ok, **4** lofsama, **5** flá, **7** ærslast, **10** æpa, **13** aga, **15** raða, **16** hás, **19** tá.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1 Sólveig Pétursdóttir.

2 73 ára.

3 Óskar Bjartmarz.






GUÐRÚN KRISTMUNDSDÓTTIR: REKUR NÆSTBESTA MATSÖLUTURN EVRÓPU

# Selur bestu pylsur í Evrópu

„Vá, þú ert að segja mér fréttir. Ég er orðlaus,“ segir Guðrún Kristmundsdóttir þegar Fréttablaðið tilkynnti henni að pylsubarinn hennar Bæjarins bestu hefði verið valinn einn af fimm bestu matsöluturnum í Evrópu af breska dagblaðinu The Guardian. Í fyrsta sæti var skoskur hafragrautastandur sem ferðast um markaði og útihátíðir í Skotlandi og selur hafragraut með allskyns meðlæti. „Mér finnst mjög fyndið að hafragrautur skuli vera fyrir ofan okkur,“ segir Guðrún hlæjandi en íslensku pylsurnar hennar hafa verið mjög vinsælar meðal ferðamanna og landsmanna svo lengi sem elstu menn muna. The Guardian segir að flestallir Íslendingar hafi smakkað pylsurnar og telur blaðið að leyndardómurinn á bak við pylsurnar sé remúlaðið ofan á, en því er lýst í blaðinu sem leyndardómsfullri og bragðgóðri sósu.

Pylsubarinn á Tryggvagötu er sá vinsælasti enda er opið lengi eða til sex á morgnana um helgar. Síðan eru starfræktir tveir pylsubarir til viðbótar í Skeifunni og í Smáralind.



**BILL CLINTON** Fyrrum forseti Bandaríkjanna jók hróður pulsuvagnsins til muna þegar allur heimirinn fylgdist með honum gæða sér á Bæjarins bestu pulsu sem stendur svo sannarlega undir nafni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**STOLTUR EIGANDI** Guðrún Kristmundsdóttir er himinlifandi yfir þessum fregnum og segir mikið álag vera á pulsuvagninum enda koma margir og fá sér pulsu allan sólarhringinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Guðrún segir að koma Bills Clinton á Bæjarins bestu fyrir tveimur árum hafi aukið hróður pylsubarsins á heimsvísu. „Það eru margir frægir sem koma á pylsubarinn við Tryggvagötu. Hljómsveitin Metallica kom til okkar og fékk sér pylsu og hafði orð á því hversu gott það væri að fá að vera í friði að borða en greyið Bill fékk ekki að vera í friði fyrir æstum blaðamönnum og fylgdarliði,“ segir Guðrún og bætir því við að hún haldi að flestallir útlendingar sem komi til landsins fari og fái sér pulsu hjá sér. Þeir spyrja mikið um pylsurnar enda óvanir því að pylsur séu gerðar úr jafn miklu gæðahráefni og á Bæjarins bestu en þar er notað íslenskt lambakjöt í staðinn fyrir svínakjöt eins og gert er í útlöndum.

Guðrún segist ekki fá neinar kvartanir frá fólki nema frá Dönum sem eru óánægðir með það að geta ekki keypt sér með bjór með pulsunni. „Það er eina kvörtunin sem ég hef fengið en ég ætla þó ekki að fá mér vínveitingaleyfi. Það er nóg af stöðum í kring sem selja áfengi,“ segir stoltur eigandi Bæjarins bestu.

**alfrun@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Um helgina fóru fram lokaðar prufur fyrir framhaldsmyndina Hostel 2 sem bandaríski hryllingsmyndaleikstjórinn Eli Roth leikstýrir en eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu verður hluti myndarinnar tekinn upp hér á landi. Nokkrir af helstu ungu leikurum landsins voru boðaðir í prufur en tvö veigamikil hlutverk eru í boði: Alex, sem er ung geðþekk fyrirsæta en hitt er mafíósahlutverk. Kvikmyndafyrirtækið True North hefur veg og vanda af tökunum hér á landi og sá um að undirbúa leikaraprufurnar.



Aðstandendur fyrirtækisins voru mjög leyndardómsfullir þegar Fréttablaðið hafði samband en samkvæmt heimildum blaðsins komu nokkrar af helstu leikkonum okkar Íslendinga til að reyna sig við hlutverkið. Meðal þeirra voru þær Halla Vilhjálmsdóttir, sem verður kynnir í X - Factor á Stöð 2, og Lilja Nótt sem sló eftirminnilega í gegn í kvikmyndinni Strákarnir okkar. Þá voru þær Elma Lísa Gunnarsdóttir, Dóra Jóhannesdóttir og Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir einnig beðnar um að mæta en væntanlega verður tilkynnt um niðurstöðuna fyrir helgi. Tökurnar hefjast 11. september og er reiknað með að þær standi yfir í níu vikur.



Sterkur orðrómur er nú meðal leiklistarfólks að Þorvaldur Davíð Kristjánsson hafi ákveðið að hætta námi við leiklistardeild Listaháskóla Íslands eftir eins árs nám. Þegar Fréttablaðið náði tali af Þorvaldi Davíð neitaði hann að tjá sig um málið og Ragnheiður Skúldadóttir, deildarforseti leiklistardeildarinnar, sagðist ekki ræða mál einstakra nemenda. Ekki er enn ljóst hvað Þorvaldur hyggst taka sér fyrir hendur en samkvæmt heimildum blaðsins stefnir hugurinn til útlanda og er drengurinn spenntur fyrir Bandaríkjunum. Hann mun þó ekki hafa sótt um skóla enn sem komið er og getur því ekki hafið nám erlendis fyrr en á næsta ári. **- fgg**








# Baltasar náði ekki að skora

Baltasar Kormákur náði ekki að skora mark fyrir Neista á Hofsósi í sumar, eins og hann ætlaði sér, en síðasta umferð 3. deildar karla í knattspyrnu var leikin um helgina. Baltasar hefur þrjú síðustu ár leikið með liði Neista og þegar Fréttablaðið ræddi við hann fyrr í sumar var hann staðráðinn í því að skora mark. Það tókst hins vegar ekki.

„Ég spilaði ekki einn einasta leik eftir að ég talaði við ykkur síðast. Ég gat því miður ekki spilað þar sem ég hef verið upptekinn við vinnu vegna myndarinnar,“ sagði Baltasar í samtali við Fréttablaðið í gær en hann er að leggja lokahönd á kvikmyndina Mýrina sem frumsýnd verður innan skamms.



**KNATTSPYRNUKAPPINN KNÁI** Baltasar Kormákur náði aðeins að leika tvo leiki með Neista frá Hofsósi í sumar. Hann kom inn á sem varamaður í eina sigurleik liðsins – í 2-1 sigri gegn Snæfelli.

Neista frá Hofsósi gekk ekki sem skyldi í C-riðli 3. deildar karla í sumar. Liðið vann einn leik, gerði tvö jafntefli og tapaði tólf. Markatala liðsins var heldur ekkert til að hrópa húrra fyrir – skoraði 10 mörk en fékk 71 á sig.

Baltasar telur þó ekki að gengi liðsins hefði verið betra ef hann hefði leikið með því. „Það hefði engu breytt þó að ég hefði verið með. Annars er þetta ágætis árangur hjá liðinu og ætli við höfum ekki verið sigurvegar í öllum leikjum sumarsins miðað við mannfjölda,“ segir Baltasar en aðeins um 170 manns búa á Hofsósi.

Baltasar, sem fór frá Breiðabliki til Neista á frjálsum samningi í júlí 2003, náði aðeins að leika tvo leiki með Neista í sumar.

Mark Duffield hefur verið samherji Baltasar hjá Neista en hann setti nýtt met á laugardaginn var þegar hann lék 400. deildarleik sinn á Íslandsmótinu í knattspyrnu. **- kh**

**Notaðir bílar. Fislétt kaup - aðeins 10% útborgun.**
**Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð - lægri afborgun.***
**Aðeins í 4 daga. Komdu strax.**

# Fislétt kaup

## Þig vantar bíl. Núna
## Aðeins 43 bílar í 4 daga
## Komdu strax

**Opið frá kl. 9-18**

**Tökum notaðan uppí notaðan**

### Fislétt bílakaup - afborgun undir 15.000 kr. á mánuði



Citroën Picasso Exclusive 1,8 beinsk. skrd. 03/2003 ek: 56.000 km.
Verð ~~1.220.000 kr.~~ Tilboðsverð 990.000 kr. Útborgun 99.000 kr.
13.802 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. PX-352.



Ford Mondeo Ghia 2,0 beinsk. skrd. 05/2003 ek: 170.000 km.
Verð ~~1.250.000 kr.~~ Tilboðsverð 990.000 kr. Útborgun 99.000 kr.
13.802 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. LY-092.



Ford Focus Trend 1,6. beinsk. skrd. 10/2003 ek: 72.000 km.
Verð ~~1.280.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.050.000 kr. Útborgun 105.000 kr.
14.637 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. IR-058.



Renault Laguna 1,6 beinsk. skrd. 05/1999 ek: 115.000 km.
Verð ~~710.000 kr.~~ Tilboðsverð 490.000 kr. Útborgun 49.000 kr.
14.823 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. RH-775.

### Fislétt bílakaup - afborgun 15.000 - 20.000 kr. á mánuði



Ford Focus Trend 1,6 sjálfsk. skrd. 05/2003 ek: 49.000 km.
Verð ~~1.330.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.090.000 kr. Útborgun 109.000 kr.
15.195 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. TI-041.



Ford Focus Trend 1,6 beinsk. skrd. 08/2003 ek: 73.000 km.
Verð ~~1.260.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.120.000 kr. Útborgun 112.000 kr.
15.613 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. YG-430.



Ford Focus Trend 1,6 beinsk. skrd. 12/2004 ek: 20.000 km.
Verð ~~1.600.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.390.000 kr. Útborgun 139.000 kr.
19.377 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. UB-301.



Ford Mondeo Trend 2,0 sjálfsk. skrd. 06/2002 ek: 66.000 km.
Verð ~~1.490.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.250.000 kr. Útborgun 125.000 kr.
19.672 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. RB-125.

### Fislétt bílakaup - afborgun 20.000 - 25.000 kr. á mánuði



Suzuki Grand Vitara 2,0 beinsk. skrd. 03/1999 ek: 132.000 km.
~~Verð 990.000 kr.~~ Tilboðsverð 690.000 kr. Útborgun 69.000 kr.
20.874 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. YI-617.



Ford Mondeo Ghia 2,0 sjálfsk. skrd. 07/2003 ek: 65.000 km.
Verð ~~1.850.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.590.000 kr. Útborgun 159.000 kr.
22.165 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. NE-452.



Citroën Picasso Exclusive 2,0 sjálfsk. skrd. 12/2004 ek: 19.000 km.
~~Verð 1.970.000~~ kr. Tilboðsverð 1.690.000 kr. Útborgun 169.000 kr.
23.559 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. YJ-449.



Ford Mondeo Ghia 2,0 beinsk. skrd. 04/2003 ek: 63.000 km.
Verð ~~1.850.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.690.000 kr. Útborgun 169.000 kr.
23.559 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. BB-113.

### Fislétt bílakaup - afborgun yfir 25.000 kr. á mánuði



Hyundai Santa Fe V6 2,6 sjálfsk. skrd. 07/2003 ek: 53.000 km.
Verð ~~2.350.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.990.000 kr. Útborgun 199.000 kr.
27.742 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. BY-512.



Ford Focus C-Max 2,0 sjálfsk. skrd. 02/2006 ek: 2.000 km.
Verð ~~2.390.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.990.000 kr. Útborgun 199.000 kr.
27.742 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. MR-478.



Hyundai Tucson 2,6 sjálfsk. skrd. 04/2004 ek: 37.000 km.
Verð ~~2.890.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.590.000 kr. Útborgun 259.000 kr.
36.106 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. BI-351.



Volvo V50 2,4 sjálfsk. skrd. 11/2004 ek: 17.000 km.
~~Verð 3.090.000~~ kr. Tilboðsverð 2.790.000 kr. Útborgun 279.000 kr.
38.895 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. YF-296.

**Þig vantar bíl. Komdu núna. Kíktu á netið.**
**Fislétt kaup. Aðeins í 4 daga.**

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.brimborg.is

Taktubíl

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 25 ára, er fasteignaeigandi og hvorki kaupandi eða maki er á vanskilaskrá. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki Lýsingar hf.

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is**

FRÉTTABLAÐIÐ
SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS



BAKÞANKAR

ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

# Hlaupið á sig

Menningarnóttin gefur fleira en tilefni til fjörlegrar bæjarferðar. Til dæmis er vita vonlaust fyrir okkur sem búum í miðbænum að skreppa frá á bílnum því einhver úthverfisseggurinn er þá umsvifalaust búinn að hirða stæðið svo og öll önnur í póstnúmeri 101. Erindi heimilisins eru því rekin á fæti þennan dag. Sem er auðvitað bráðhollt og minnir á mikilvægi þess að hreyfa sig.

**FJÖLDI** áminninga um heilbrigðari lífshætti hefur aldrei verið meiri á götum borgarinnar en einmitt nú um helgina, þegar þúsundir tóku þátt í kapphlaupi opinberlega, númeraðar í bak og fyrir. Oftast hef ég reynt að líta í hina áttina og látast ekki sjá þessa óþolandi hraustu langhlaupara. Í ár var af einhverjum ástæðum erfiðara að láta eins og ekkert væri, kannski vegna fjöldans. Hugsanlega líka vegna þess að smátt og smátt hefur lúmskur boðskapurinn laumast undir skinnið á manni sjálfum og öðru ólíklegu fólki. Kunningjum, sem áður nutu lífsins makindalega með vindil í annarri og viskí í hinni, finnst nú viðeigandi að láta aðallega sjá sig á almannafæri kófsveitta í stuttbuxum og ermalausum bol.

**Á** meðan ég hef sinnt skyldu minni að viðhalda hagvexti hjá íslenskum iðnaði, einkum Góu og Nóa-Síríus, hefur í undirmeðvitundinni vaknað hópsálin. Það er sárt að viðurkenna það, en óþægilega ágeng þörf fyrir að vera eins og hinir fer sívaxandi. Jafnvel hef ég gert tilraunir til að hlaupa sjálf dálitlar vegalengdir, í fyrstu út á horn og upp á síðkastið alla leið út í sjoppu. Þegar sá áfangi var í höfn fannst mér þetta reyndar orðið gott og gerði hlé á langhlaupum um hríð því fátt er verra fyrir íþróttamann en búa til of miklar væntingar.

**UNDIR** áhrifum frá árangri annarra í maraþonhlaupum menningarnátta og í votta viðurvist lýsti ég því samt yfir nú um helgina að á næsta ári ætlaði ég að vera með í hinu opinbera hlaupi. Þarna hefði ég auðvitað átt að hafa vit á að þagna og þá getað tölt glaðlega með íþróttaálfinum í kringum Tjörnina án þess að vera ómerkingur. Í augnablikssturlun beit ég hinsvegar höfuðið af skömminni og lofaði tíu kílómetrum. Ég, sem get varla keyrt tíu kílómetra.

**ÉG** byrja kannski bara á morgun.

allt heimili
Alla fimmtudaga



HEKLA, Laugavegi 172 - 174 • Sími 590 5000 • www.hekla.is • hekla@hekla.is